FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

207. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 9. SEPTEMBER 2017



# Lætur engan segja sér hvað hann er

**Steinþór Steinþórsson,** betur þekktur sem Steindi Jr., sýnir á sér nýja hlið í sínu fyrsta dramatíska hlutverki í kvikmyndinni Undir trénu og lætur engan segja sér að hann eigi ekki heima í leikarastétt. →26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Með kjafti og klóm

Sif Sigmarsdóttir gaf út sína fyrstu skáldsögu í Bretlandi í vikunni. → 32



## Líf og örlög Agnesar

Þótti fluggáfuð og stolt baráttukona. → 34



## Sögurnar eru tilraunastofa fyrir lífið

Etgar Keret á Bókmenntahátíð. → 92

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






**Sýndu hvað í þér býr**

Við hvetjum þig til að taka stærri skref og nýta þá hæfileika sem í þér búa.

**Ókeypis kynningartími**
**12. september**

dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie

## Veður




Hægviðri um morguninn og bjart með köflum, en síðan vaxandi austanátt og þykknar upp og fer að rigna syðra um kvöldið. Hiti víða 9 til 14 stig að deginum.

SJÁ SÍÐU 46

# Meistarinn hefur orðið



Metsöluhöfundurinn Arnaldur Indriðason las upp úr væntanlegri bók sinni, Myrkrið veit, á Bókmenntahátíð í Reykjavík í gær. Hérna er hann ásamt rithöfundunum Sigrúnu Pálsdóttur og Hiromo Kawakami frá Japan. Bækur Arnalds hafa notið gríðarlegra vinsælda um allan heim og hlotið mikið lof, þannig var mikil spenna í Iðnó í gær þegar áhorfendur fengu forsmekkinn af nýrri skáldsögu meistarans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

## Sölubann á þyrilsnældur

**NEYTENDUR** Neytendastofa greindi frá því í gær að hún hefði sett sölubann á þyrilsnældur (e. fidget spinner) hjá Hagkaupi vegna þess að „ekki var sýnt fram á öryggi vörunnar og að hún væri í samræmi við gildandi lög og reglugerðir“.

Í niðurstöðum ákvörðunar Neytendastofu kemur fram að við skoðun á snældum sem Hagkaup flutti inn hafi komið í ljós að engin CE-merking var á umbúðum þeirra. Þá kom engin aldursviðvörun né viðvörun um köfnunarhættu fram á umbúðunum.

Þann 1. júní síðastliðinn lagði Neytendastofa tímabundið bann við sölu þyrilsnælda frá þremur innflytjendum og framlengdi það bann síðan um fjórar vikur, eða þar til lagfæringar yrðu gerðar. 12. júlí hafði starfsmaður Hagkaups síðan samband við Neytendastofu og sagði að fyrirtækið hefði tekið snældurnar úr sölu.

Nú hefur Neytendastofa hins vegar sett ótímabundið sölubann á þyrilsnældur sem Hagkaup flutti inn. Er Hagkaupi jafnframt gert að eyða öllum eintökum vörunnar sem enn kunna að vera til á lager og afhenda Neytendastofu staðfestingu þess efnis innan þrjátíu daga frá því að ákvörðunin var birt. **– þea**

**Vonandi voru umbúðir þessarar þyrilsnældu vel merktar.** NORDICPHOTOS/GETTY



## Ekki tekið mið af rétti barna

**MANNRÉTTINDI** Salvör Nordal, umboðsmaður barna, hefur áhyggjur af stöðu barna úr röðum hælisleitenda. Hún sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að ekki væri nægilega horft til sjónarhorns barnsins við mat á umsókn um alþjóðlega vernd.

Hún sagði jafnframt að vísbendingar væru um að börn í þessari stöðu fengju ekki tækifæri til að tjá sig um hvað þau vilji.

„Við höfum haft áhyggjur af því að þegar er verið að meta hvort þau fái vernd hér, þá sé ekki tekið mið af því að börn hafa sjálfstæðan rétt samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.“ **– khn**



**Salvör Nordal, umboðsmaður barna**




# Hverfum mismunað í opnunartíma lauga

**Ákveðið hefur verið að að Vesturbæjarlaug verði opin frá hálf sjö til tíu alla virka daga. Orðið var við áskorun um lengri opnunartíma yfir vetrarmánuðina en áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina segir hverfum mismunað.**

**REYKJAVÍK** Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær að lengja opnunartíma Vesturbæjarlaugar og Breiðholtslaugar á föstudögum og um helgar í vetur. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina furðar sig á því að íbúar í Grafarvogi og Árbæ séu skildir út undan.



**Árbæjarlaug fær ekki lengri opnunartíma.** FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Samkvæmt ákvörðun ráðsins verður Vesturbæjarlaug nú opin frá 06.30 til 22.00 alla virka daga og frá 09.00 til 22.00 um helgar. Ríflega 3.200 manns höfðu skrifað undir áskorun leikarans Stefáns Karls Stefánssonar til ráðsins um að halda sumaropnunartíma laugarinnar óbreyttum yfir vetrartímann. Við því var orðið og sami opnunartími samþykktur fyrir Breiðholtslaug sömuleiðis.

Trausti Harðarson, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í ráðinu, mótmælti í bókun harðlega að íbúar Grafarvogs og Árbæjar yrðu skildir út undan. Þeim laugum verður lokað klukkan 20 á föstudögum og 18 um helgar í vetur.

„Algjörlega óskiljanlegt er að mismunun sé hér höfð milli íbúa borgarinnar og það ekki haft eins rúmt fyrir opnunartíma sundlauga í þessum stóru fjölskyldu- og barnahverfum borgarinnar sem Grafarvogur og Árbær eru,“ segir Trausti.

**Ríflega 3.200 manns skrifuðu undir áskorun um að halda sumaropnunartíma yfir veturinn.**



**Stefán Karl Stefánsson, leikari**

Þorgnýr Thoroddsen, formaður ráðsins, segir í samtali við Fréttablaðið að með þessu sé verið að svara eftirspurn. Aðsókn að Vesturbæjar- og Breiðholtslaugum hafi aukist verulega með lengri opnunartíma í sumar en sömu aukningu hafi ekki mátt greina í öðrum laugum.

„Hún jókst lítillega en ekki eins mikið. Með því að lengja opnunartíma þar værum við ekki að svara eftirspurn. En það er ekkert sem útilokar að það verði prufað síðar. Eins og staðan er í dag eru þessar tvær laugar í forgangi og svo má geta þess að þegar Sundhöll Reykjavíkur verður opnuð verður hún sömuleiðis opin til tíu alla daga.“ **– smj**

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan NISSAN ef þú pantar fyrir 30. september

NISSAN

Innovation that excites

zero Emission

# FIMM ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM NÝJUM NISSAN LEAF



**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**

RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

## NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGI.

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

30 kWh

250 km**

**NISSAN LEAF VISIA 30kWh**

**Verð: 3.250.000 kr.**

Bíll á mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 3.850.000 kr.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Leaf að verðmæti **250.000 kr.**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM83730

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

**TÖLUR VIKUNNAR** 03.09.2017 – 09.09.2017



**2-0**
var sigur Íslands á Úkraínu í undankeppni HM í knattspyrnu karla.

**32%**
samdráttur var í samanlögðum hagnaði sjö af stærstu lögmannastofum landsins í fyrra.

**7,4%**
var hagvöxturinn árið 2016 samkvæmt endurskoðuðum þjóðhagsreikningum. Einkaneysla og fjárfesting vógu þyngst í vexti landsframleiðslunnar.

**343**
milljónum króna var varið í viðhald og framkvæmdir við höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur frá 2007 til 2014.





**90%**
af greiðslum sínum úr ríkissjóði fá sauðfjárbændur í fimm ár ef þeir taka ákvörðun um að hætta sauðfjárbúskap í haust.



**9 undanþágur**
hefur dómsmálaráðherra veitt erlendum ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins til jarðaeða fasteignakaupa á þessu ári.

## Þrjú í fréttum
## Klám, mygla og sauðfé

**Hrefna Sigurjónsdóttir**
*framkvæmdastjóri Heimilis og skóla*



greindi frá því að samtökin hefðu staðið fyrir fræðslu vegna klámnotkunar barna. Nemendur niður í fjórða bekk hefðu verið staðnir að því að skoða óviðeigandi efni eins og t.d. klámsíður í tölvum og snjallsímum á skólatíma.

**Kári Stefánsson**
*forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar*



benti á það í grein í Fréttablaðinu að baráttan við mygluna væri orðin stór iðnaður á Íslandi. Engin grein hefði vaxið meira í landinu undanfarið nema ferðaþjónusta. Kári skrifaði jafnframt að þrátt fyrir vandlega leit í læknisfræðibókmenntum okkar tíma hefði honum ekki tekist að finna þess merki að búið væri að sýna fram á með vísindalegum aðferðum að myglusveppir í húsum vegi að heilsu manna.

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
*landbúnaðarráðherra*



kvaðst ekki telja að stemning væri fyrir því að stjórnmálamenn færu að standa í orðaskaki þegar leysa þyrfti verkefnin. Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að aðgerðaáætlun Þorgerðar til að mæta bráðavanda sauðfjárbænda væri „eyðibýlastefna“.

# Deilur um Icelandic vestanhafs

**Icelandic hefur mótmælt skráningu eigenda Icelandic Fish & Chips á vörumerki veitingastaðarins í Bandaríkjunum. Opnuðu í New York í júlí og eru ósátt við andstöðu fyrirtækisins sem er í eigu íslenskra lífeyrissjóða.**

**VIÐSKIPTI** Sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic og eigendur Icelandic Fish & Chips eiga í deilu vegna umsóknar veitingastaðarins um skráningu á vörumerki sínu í Bandaríkjunum. Eigendur staðarins vilja skrá vörumerkið Icelandic Fish & Chips þar í landi en Icelandic hefur mótmælt því.

„Það kom upp flöggun hjá lögmannsstofu okkar í Bandaríkjunum að þau væru að reyna að skrá vörumerkið Icelandic Fish & Chips og þannig byrjuðu okkar samskipti. Við höfum alltaf staðið vörð um okkar vörumerki og í þeirra tilfelli teygðum við okkur að mínu mati mjög langt og vorum boðin og búin til samstarfs við þau,“ segir Sara Lind Þrúðardóttir, framkvæmdastjóri vörumerkja- og kynningarsviðs Icelandic, áður Icelandic Group.

Icelandic Fish & Chips rekur veitingastað við Tryggvagötu í miðbæ Reykjavíkur og opnaði annan í byrjun júlí á Manhattan í New York. Fyrirtækið hafði þá sótt um skráningu vörumerkisins í Bandaríkjunum. Staðurinn hefur fengið góðar viðtökur og er stefnt að opnun fleiri veitingastaða fyrirtækisins þar í landi á næstu árum.

„Mér er algjörlega ofboðið að fyrirtæki í eigu íslenskra lífeyrissjóða, sem ég þarf að borga til ásamt mínu starfsfólki, sé á þeirri vegferð að einkavæða landsheiti okkar Íslendinga og lýsingarheiti landsins. Ef ríkisstjórnin ætlar að sitja hjá og horfa á þetta gerast, án þess að hreyfa legg né lið, þá veit ég ekki í hverju þeirra virðing er fólgin,“ segir Erna Guðrún Kaaber, framkvæmdastjóri Icelandic Fish & Chips.

Icelandic, sem er í eigu Framtakssjóðs Íslands, en eigendahópur hans samanstendur af fimmtán lífeyrissjóðum og Landsbankanum, gerði árið 2011 sérleyfissamning við bandaríska matvælafyrirtækið High Liner Foods. Samið var um sölu á frosnum fiski vestanhafs undir vörumerkinu Icelandic Seafood og út næsta ár. Vörumerkið var fyrst skráð í Bandaríkjunum árið 1973 og heldur Icelandic utan um markaðssetningu þess.

„High Liner selur afurðir undir vörumerkinu fyrir yfir hundrað milljónir dollara á ári. Það hefur áhuga á að endurnýja samninginn en starfsemi Icelandic til framtíðar mun felast í samstarfi við framleiðendur sem vilja selja hágæða íslenskar afurðir undir þessu sterka vörumerki. Þess þá heldur viljum við tryggja okkar rétt og standa vörð um það,“ segir Sara Lind og heldur áfram:

„Okkur finnst frábært þegar það er verið að kynna íslenskan fisk og það sem þau eru að gera. Við buðum þeim að nota vörumerkið í samstarfi við okkur en getum ekki fallist á að þau skrái vörumerkið enda er það í okkar eigu. Þau höfnuðu öllum tillögum okkar og þar stendur málið núna,“ segir Sara.

**haraldur@frettabladid.is**




**Icelandic Fish & Chips rekur veitingastað við Tryggvagötu og annan á Manhattan.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Mér er algjörlega ofboðið að fyrirtæki í eigu íslenskra lífeyrissjóða, sem ég þarf að borga til ásamt mínu starfsfólki, sé á þeirri vegferð að einkavæða landsheiti okkar Íslendinga og lýsingarheiti landsins.**
>
> Erna Guðrún Kaaber, framkvæmdastjóri Icelandic Fish & Chips



# Fá milljónir og álfahóllinn fer ekki fet

**SKIPULAGSMÁL** Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi Edenreitsins í Hveragerði mun ein af byggingunum þar ganga inn á núverandi lóð fjölbýlishúss á Reykjamörk 2. Við þetta minnkar á lóð fjölbýlishússins um 309 fermetra og verður 1.790 fermetrar að því er fram kemur í minnisblaði sem Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri lagði fyrir bæjarráð.

Aldís rekur að fulltrúar húsfélagsins um íbúðirnar tíu sem eru í Reykjamörk 2 hafi komið á fund hennar og skipulagsfulltrúa bæjarins. Rætt hafi verið um mögulegar bætur vegna skerðingar lóðarinnar. En íbúarnir höfðu einnig áhyggjur af ósýnilegum sambýlingum sínum úti á lóðinni.

„Fulltrúar húsfélagsins lögðu áherslu á að hóli sem er í suðvesturhorni lóðarinnar að Reykjamörk 2 verði ekki raskað en íbúar telja þarna sé um álfahól að ræða,“ skýrir bæjarstjórinn frá í minnisblaði sínu.

Aldís leggur í minnisblaðinu fram fimm atriði sem hún segir að fulltrúar húsfélagsins hafi samþykkt fyrir sitt leyti til að leysa málið. Í fyrsta lagi verði borgaðar 2,5 milljónir króna í bætur vegna lóðarskerðingarinnar. Ákvæði er einnig vegna trjágróðurs á lóðinni. „Álfahólnum sem talið er að sé á lóðinni verði þyrmt og séð til þess að rask umhverfis hann verði sem minnst,“ segir enn fremur í minnisblaðinu sem bæjarráð samþykkti. **– gar**



**Álfahólnum við Reykjamörk 2 verður þyrmt.** MYND/ANTON ÖRN PÁLSSON



**Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri**

Fasteignakaup á Spáni
Kynningarfundur - Opið hús
Hótel Hilton - 2.hæð (bakatil)
Í dag kl. 15:00
spánar heimili
Þitt annað heimili


Grillað grænmeti
SMÁTÓMATAR
1 Þræðið upp á spjót.
2 Penslið með mangó chutney og grillið þar til brúnast.
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti




Einstök 9 nátta ferð þar sem farþegum gefst kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótelum sem standa við strandlengju Marokkó. Á hótelunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekri og vellíðan - allt eftir því hvað hver og einn kýs.



PARADIS PLAGE



ROYAL ATLAS

Flogið er beint til Agadir í Marokkó og dvalið fyrstu 6 næturnar á Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort og síðustu 3 næturnar á Hotel Royal Atlas Agadir. Á Paradise Plage Surf Yoga & Spa 4* er kjörið að njóta lífsins og alls hins besta sem hótelið hefur uppá að bjóða í mat, drykk og afþreyingu.



JÓGA 12.500/mann



JÓGA & DEKUR 23.000/mann



BRIMBRETTI & JÓGA 23.000/mann



ALLUR PAKKINN 36.000/mann

Á Paradise Plage er boðið upp á jóga, nudd, tyrknesk böð og ýmsar heilsu- og nuddmeðferðir. Fyrir þá sem vilja sörfa en eru óvanir þá er hér í boði brimbrettakennsla. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 daga afþreyingarpökkum: **Jóga** með 5x90 mín. jógatímum. **Jóga & Dekur** með 5x75 mín. jógatímum, 2 arabískum böðum, 1 kornmaska og 2 slökunarnuddum 25/50 mín. **Brimbrettaskóli** með 5x90 mín. brimbrettatímum. **Brimbretti & Jóga** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum. **Brimbretti, jóga og dekur** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum ásamt 2 arabískum ilmolíuböðum, 2 arabískum gufuböðum og 2x25 mín. nuddum.

Síðari hluta ferðarinnar er dvalið á Royal Atlas Agadir 4*+ í Agadir, sem er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Í Agadir er að finna gullna strandlengju eins langt og augað eygir en á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári.

**Frá kr. 197.895 m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu**
Netverð á mann frá kr.197.895 m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, skattar, gisting í 6 nætur á Hotel Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort 4* m/hálfu fæði og 3 í nætur á Hótel Royal Atlas Agadir 4*+ m/morgunmat. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM83079

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu



## Kosningabaráttan á fullu




Angela Merkel, kanslari Þýskalands, heimsótti dýragarð í Wolgast í gær. Þingkosningar eru í landinu síðar í mánuðinum en flokkur Merkel, Kristilegir demókratar, mælist með 38 prósenta fylgi samkvæmt meðaltali skoðanakannana hjá Financial Times. Jafnaðarmenn mælast næststærstir með 23 prósent. NORDICPHOTOS/AFP

# Mörg hundruð milljóna tjón vegna raka og myglu

**Leikskólinn er undirlagður myglu og íþróttahúsið er ónýtt. Grunnskólinn var endurbyggður í fyrra. Kostnaðurinn hleypur á hundruðum milljóna. „Það má ekki mikið klikka í 500 manna sveitarfélagi,“ segir sveitarstjóri í Langanesbyggð.**

**LANGANESBYGGÐ** Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur ákveðið að byggja nýjan leikskóla á Þórshöfn. Samkvæmt ástandsskoðun verkfræðistofunnar Eflu er núverandi húsakostur skólans í mjög lélegu ástandi og mikið um myglu.

„Við lentum nú í því í fyrra að þurfa að endurbyggja allan grunnskólann út af myglu og rakaskemmdum,“ segir Elías Pétursson, sveitarstjóri í Langanesbyggð, og bætir við: „Svo erum við með ónýtt íþróttahús sem kostar 100 milljónir að laga.“ Verkefnið hefur ekki verið kostnaðarmetið en Elías skýtur á að kostnaður við nýbygginguna verði að lágmarki 200 milljónir.

„Ég segi ekki að það sé auðvelt að fá 200 milljóna verkefni eftir þetta 160 milljóna króna vesen með grunnskólann en á sama tíma þá er þetta nú ekki sérlega óvænt,“ segir Elías.

Aðspurður segir Elías sveitarfélagið þó standa ágætlega, „en það má ekki mikið klikka í 500 manna sveitarfélagi ef við erum að tala um framkvæmdir upp á 500 milljónir á örfáum árum.“ Aðspurður segir Elías fyrst og fremst lélegu viðhaldi um að kenna.



**Kostnaður vegna myglu hleypur á hundruðum milljóna.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nokkur kergja virðist hlaupin í myglumál sveitarfélagsins. Í bókun sem minnihlutinn lagði fram á fundi sveitarstjórnar 31. ágúst segir meðal annars að hvorki leikskólastjórinn né minnihlutinn hafi fengið niðurstöður ástandsskoðana, þegar þær lágu fyrir í vor. Börn hafi verið í húsinu allan júnímánuð. Eftir sumarfrí virðist myglan hafa farið að spyrjast um bæinn og foreldrar farnir að spyrja hvort mygla væri í húsnæðinu. Starfsmenn leikskólans byrjuðu einnig að kvarta undan einkennum þegar þeir sneru úr sumarfríi. Þá fyrst fékk leikskólastjórinn niðurstöður ástandsskoðana sem meirihlutinn hafði haft undir höndum í tvo og hálfan mánuð.

Á fyrrgreindum fundi var samþykkt tillaga minnihlutans um að „Sylgja, sérfræðingur í myglu, verði fengin strax til að meta nánar ástand húsnæðis leikskólans og í framhaldinu verði farið í nauðsynlegar úrbætur eða breytingar á skólahaldi til þess að tryggja heilsu og öryggi barna og starfsfólks.“

adalheidur@frettabladid.is

# FRÍHAFNARDAGAR

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 7.-11. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Vinna Eflu kostað OR 107 milljónir króna

**Af þeim 460 milljónum króna sem varið hefur verið í aðgerðir eftir að mygla uppgötvaðist í Orkuveituhúsinu hafa 107 milljónir farið til verkfræðistofunnar Eflu. Línuhönnun, sem síðar varð Efla, kom að upphaflegri hönnun hússins.**



**Höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**REYKJAVÍK** Verkfræðistofan Efla hefur fengið rúmlega 107 milljónir króna í greiðslur frá Orkuveitu Reykjavíkur síðan mygla uppgötvaðist í höfuðstöðvum Orkuveitunnar haustið 2015. Línuhönnun, sem síðar varð Efla, var ein fjölmargra verkfræðistofa sem komu að hönnun Orkuveituhússins á sínum tíma.

Verkfræðingur, sem kom að byggingu hússins og Fréttablaðið ræddi við, segir það hafa vakið athygli að OR hafi leitað til Eflu í ljósi þessa. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir að leitað hafi verið til þeirra bestu á sínu sviði þegar veikindi komu upp meðal starfsfólks árið 2015 og grunur lék á að mætti rekja þau til myglusvepps.

„Bæði hvað varðar þekkingu og reynslu. Það var Efla. Þá var sú alvarlega staða sem nú blasir við ekki ljós. Hún hefur verið að skýrast á þessum misserum sem liðin eru.“

Samkvæmt upplýsingum frá OR skiptast greiðslur fyrirtækisins til Eflu síðan þá í tvennt.

Annars vegar 36.158.090 krónur fyrir rannsókn á umfangi myglu og ráðgjöf til OR og starfsmanna vegna heilsufarsáhrifa. Hins vegar 71.519.155 krónur fyrir verkefnisstjórn, hönnun vegna hreinsiaðgerða og tilraunaviðgerðar og eftirlit. Alls 107.677.245 krónur án virðisaukaskatts.

Þessar 107 milljónir eru hluti af þeim 460 milljónum sem OR hefur þegar varið til aðgerða eftir að mygla uppgötvaðist í vesturhúsi höfuðstöðvanna.

Sem fyrr segir komu fjölmargir að byggingu Orkuveituhússins sem tekið var í notkun 2003. Það er byggt eftir vinningstillögu Hornsteina arkitekta og Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar. Nokkrar verkfræðistofur komu síðan að frekari hönnun. Auk Línuhönnunar komu Almenna verkfræðistofan, síðar Verkís, Rafhönnun og VSI Öryggishönnun, síðar Lota, að verkinu. VSÓ ráðgjöf sá um verkefna- og hönnunarstjórn en byggingarstjórn og eftirlit var í höndum Verkfræðiþjónustu Magnúsar Bjarnasonar.

> **»** OR leitaði til Eflu þegar grunur lék á að myglu væri að finna í húsinu. Fyrir rannsóknir, ráðgjöf og vinnu hefur OR greitt Eflu rúmar 107 milljónir króna.

Samkvæmt upplýsingum frá OR sá Línuhönnun, sem síðar varð Efla, um burðarþolshönnun. Eiríkur Hjálmarsson bendir á að hinir skemmdu veggir vesturhússins nú séu ekki burðarveggir.

Miklar vonir eru bundnar við úttekt dómkvadds matsmanns á húsinu sem falið verður að meta tjónið og ástæður þess. Að sögn Eiríks er matsbeiðni, sem lögð verður fram við Héraðsdóm Reykjavíkur, á lokametrunum.

**mikael@frettabladid.is**



**Stór segulstormur skellur á jörðinni um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tröllaukinn segulstormur framkallar litadýrð á himni

**VEÐUR** Afleiðingar öflugs sólblossa dynja nú á jörðinni. Hlaðnar agnir hafa síðustu daga framkallað mikil norðurljós og líkur eru á að litadýrðin verði mikil á himni næstu daga.

Í raun eru um tvo aðskilda atburði að ræða. Kórónuskvettan sem fylgdi sólblossanum mikla sameinaðist öðrum blossa sem átti sér stað fyrr í mánuðinum. Þetta er ástæðan fyrir því að virknin er svo mikil. Í atburðum af þessari stærðargráðu getur norðurljósakraginn teygt úr sér og fer mögulega suður fyrir landið. Þó eru góðar líkur á að mikil norðurljósasýning verði á himni á laugardaginn.

„Þetta kemur í kjölfarið á einu stærsta sólgosi sem orðið hefur síðustu tíu árin eða svo,“ segir Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefsins. „Það ætti að hægjast á þessu eftir helgi. En þetta byrjar síðan aftur á þriðjudaginn í næstu viku,“ segir Sævar.

Öflugir segulstormar geta haft áhrif á fjarskiptakerfi, þá sérstaklega á útvarpsbylgjur með stutta tíðni. „Þetta er ekki nógu stórt til valda slíkum röskunum. Þetta er fyrst og fremst fallegt.“ **– khn**

# Hafís að hverfa úr Barentshafi

**NOREGUR** Barentshaf verður að öllum líkindum hafíslaust á árunum 2061 til 2088. Minnkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda mun stöðva þróunina.

Þetta er mat norskra vísindamanna sem hafa skoðað hafísbreiðuna í Barentshafi aftur til ársins 1850. Þeir benda á að hafísbreiðan hafi aldrei verið minni að vetrarlagi. Breytingarnar hafi jafnframt aldrei gerst jafn hratt og nú.

Barentshaf er nú að mestu íslaust að sumarlagi. **– ibs**


**CCG**

As a christian church known by many from our internet page **ccg.org**, we know there is conciderable interest for our litterature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at **secretary@ccg.org**

**Æskulýðssjóður**

**Umsóknarfrestur 16. október 2017**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

**Samkvæmt breytingum á reglum um Æskulýðssjóð, nr. 60/2008,** auglýsir sjóðurinn eftir umsóknum um styrki tvisvar sinnum á ári, 15. febrúar og 16. október.

**Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is. Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi fyrir kl. 16:00 mánudaginn 16. október 2017.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Andrés Pétursson,
andres.petursson@rannis.is,
sími 515 5833.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun








## HAUSTHEIMTUR

**Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn í Gamla bíói, Ingólfsstræti 2a, Reykjavík 14. september 2017, kl. 8–10.**

Við það tækifæri fá fundarmenn að kynnast afrakstri af ýmsum rannsóknum sem starfsmenn stofnunarinnar og samstarfsmenn þeirra víða um lönd hafa unnið að til lengri eða skemmri tíma. Morgunverðarfundinum má því líkja við uppskeruhátíð enda verða heimtur haustsins ljósari eftir snarpar kynningar á áhugaverðum fundi.

Skráning á ársfundinn fer fram á vef stofnunarinnar, *www.arnastofnun.is*.
Hægt er að skrá sig fram að hádegi miðvikudaginn 13. september 2017.

FIMMTUDAGINN 14. SEPTEMBER 2017

**8:00** Morgunmatur
**8:30** Fundur settur

**Katrín Jakobsdóttir**, varaformaður stjórnar Árnastofnunar, „En hvað þenkirðu, að sú gamla maddame B. vil segja til þetta, trúir þú ekki, að hún skal blíva hreint tossuð?“ – Um stöðu íslenskrar tungu.

**Guðrún Nordal** forstöðumaður segir frá starfsemi stofnunarinnar og kynnir ársskýrslu 2016.

**Halldóra Jónsdóttir** verkefnisstjóri segir frá tilurð vefgáttarinnar málið.is.

**Heimir Freyr Viðarsson** doktorsnemi, „Svo verða þeir sýðustu sem hinir firstu“ – Málstöðlun og áhrif hennar á lausan greini í ólíkum textategundum á 19. öld.

**Margrét Eggertsdóttir** rannsóknarprófessor, Handrit sem dyggðaspeglar – Ný bók og breytt staða í rannsóknum.

**Bjarni Benedikt Björnsson** íslenskukennari, Klaki, Rabb og Ritill – tilraunir í íslenskukennslu erlendis.

**Emily Lethbridge** rannsóknarlektor, Heimur nafna.

**Birna Ósk Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun, segir frá Máltækniáætlun 2018–2022.

**Kristján Þór Júlíusson** mennta- og menningarmálaráðherra flytur lokaávarp.

**10:00** Fundi slitið

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# ENN BETRA VERÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR ENN BETRI DÆMI:

BNB



Toyota Avensis Active
Bensín sjálfsk.
Á götuna 5/16, ekinn 32.000 km.
Verð 3.390.000,- Rn. 991321
Enn betra verð 3.170.000,-

BNB



Toyota Auris Wagon Active
Dísel, beinsk.
Á götuna 1/15 ekinn 53.000 km.
Verð 2.850.000,- Rn. 991307
Enn betra verð 2.690.000,-

UB



Toyota Auris Terra
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/12 ekinn 98.000 km.
Verð 1.580.000,- Rn. 440673
Enn betra verð 1.290.000,-

BNB



Toyota RAV4 VX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 11/15 ekinn 48.000 km.
Verð 5.150.000,- Rn. 991177
Enn betra verð 4.690.000,-

BNB



Lexus IS300H EXE Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 7/15 ekinn 21.400 km.
Verð 5.290.000,- Rn. 991213
Enn betra verð 4.790.000,-

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX Leður
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 9/15 ekinn 38.000 km.
Verð 8.490.000,- Rn. 991176
Enn betra verð 7.890.000,-

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 12/15 ekinn 34.000 km.
Verð 2.750.000,- Rn. 991322
Enn betra verð 2.490.000,-

BNB



Toyota Avensis Wagon Live
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/15 ekinn 38.000 km.
Verð 2.690.000,- Rn. 991248
Enn betra verð 2.430.000,-

UB



Toyota Aygo Terra
Bensín, beinsk.
Á götuna 5/12 ekinn 98.000 km.
Verð 890.000,- Rn. 440562
Enn betra verð 690.000,-

UB



Toyota RAV4 GX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 6/16 ekinn 46.000 km.
Verð 4.580.000,- Rn. 440831
Enn betra verð 4.290.000,-

BNB



Toyota Auris Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 2/17 ekinn 2.500 km.
Verð 3.090.000,- Rn. 991313
Enn betra verð 2.890.000,-

BNB



Toyota Auris Wagon Active
Bensín, sjálsk.
Á götuna 10/14 ekinn 40.000 km.
Verð 2.870.000,- Rn. 991319
Enn betra verð 2.650.000,-

## HEILSÁRSDEKK OG 20.000 VILDARPUNKTAR FYLGJA

Fjöldi frábærra bíla á lækkuðu verði auk þess sem nýr gangur af heilsársdekkjum og 20.000 vildarpunktar fylgja öllum notuðum bílum sem eru á enn betra verði.

Enn betra verð á notuðum bílum gildir fram á mánudaginn 11. sept. 2017

**Opið frá klukkan 12 til 16 í dag. Kaffi og með því, gos og súkkulaðikex.**

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPTÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar



TF-KOZ var ítrekað flogið yfir Hlíðarrétt í Mývatnssveit síðastliðinn sunnudag. Eigandi flugvélarinnar varar við því að miðað sé við myndir til að meta flughæð. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

# Boða rannsókn á lágflugi við Hlíðarrétt

**Myndir af lágflugi tveggja manna flugvélar yfir fólki og fénaði á Hlíðarrétt í Mývatnssveit þykja gefa tilefni til skoðunar Samgöngustofu á því hvort reglur um lágmarkshæð hafi verið brotnar. Grasserandi tilhneiging til að agnúast út í flug, segir einn eigenda vélarinnar.**

**FLUGMÁL** Lágflug á tveggja manna á flugvélinni TF-KOZ yfir Hlíðarrétt í Mývatnssveit síðastliðinn sunnudag verður tekið til athugunar hjá Samgöngustofu vegna gruns um að vélinni hafi verið flogið undir leyfilegri lágmarkshæð.

„Samgöngustofa hefur umrætt atvik til skoðunar og forsendur flugsins, enda er af myndum að dæma ástæða til þess,“ segir í svari frá Þórhildi Elínardóttur, upplýsingafulltrúa Samgöngustofu.

Maður sem var í réttunum þennan dag sagði við Fréttablaðið að flogið hefði verið í nokkurra tuga metra hæð að minnsta kosti fimm sinnum yfir svæðið. Lágflugið hafi ekki fallið vel í kramið hjá öllum viðstöddum, það hafi helst verið að börnum á staðnum hafi þótt það spennandi.

Þórhildur segir þó að fyrir utan fyrirspurn Fréttablaðsins um málið hafi ekki borist sérstakar tilkynningar um umrætt flug „En almennt er hvert atvik skoðað,“ segir hún.

> **Það er alltaf verið að nöldra um að menn séu að fljúga of lágt þótt maður viti að þeir eru ekki að fljúga of lágt. Þetta er einhver mórall sem virðist vera að grassera.**
>
> Birgir Steingrímsson, eigandi TF-KOZ

Þórhildur segir að ekki megi fljúga sjónflug, nema nauðsynlegt sé vegna flugtaks og lendingar eða þá með sérstöku leyfi, yfir þéttbýli í minni hæð en eitt þúsund fetum og annars staðar ekki í minni hæð en fimm hundruð fetum. Í metrum er það annars vegar um 305 metra hæð og hins vegar 152 metra hæð.

„Ef í ljós kemur að reglur um lágmarksflughæð hafa ekki verið virtar er flugmönnum yfirleitt send áminning/tilmæli. Almennt hafa brot gegn flugreglum viðurlög samkvæmt lögum um loftferðir eftir því sem við á,“ segir Þórhildur.

Eigendur TF-KOZ eru heimamennirnir Birgir Steingrímsson og Leifur Hallgrímsson sem eru meðal eigenda Mýflugs. Aðspurður um flugið þennan dag bendir Birgir á að varasamt sé að miða við myndir þegar meta eigi flughæð. „Við höfum mæli í vélinni sem segir okkur hvað við förum hátt,“ segir hann.

Þórhildur segir að á hverju ári, einkum á sumrin, komi yfirleitt upp nokkur atvik sem gerð sé athugasemd við. „Þá berast Samgöngustofu einnig af og til athugasemdir um meint lágflug en í ljós kemur að framkvæmd flugsins var í samræmi við reglur,“ segir upplýsingafulltrúinn.

> **Almennt hafa brot gegn flugreglum viðurlög samkvæmt lögunum.**
>
> Þórhildur Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu



Að sögn Birgis er sú tilhneiging í gangi að agnúast út í allt sem heitir flug. Neikvæð umræða sé gagnvart flugi.

„Ég veit ekki hvort Reykjavíkurflugvallarumræðan er eitthvað að eitra út frá sér eða hvað. Það er alltaf verið að nöldra um að menn séu að fljúga of lágt þótt maður viti að þeir eru ekki að fljúga of lágt. Þetta er einhver mórall sem virðist vera að grassera,“ segir Birgir Steingrímsson.

**gar@frettabladid.is**

## Flug skapi hvorki hávaða né hættu fyrir fólk

Í skýrslu sinni um slys er lítil flugvél í lágflugi yfir veiðihúsi í Vopnafirði sumarið 2009 rakst á rafmagnslínu og farþeginn lét lífið vitnar Rannsóknarnefnd flugslysa í reglur um lágmarksflughæð:

*„Loftförum skal ekki flogið neðan lágmarksflughæða nema við flugtök og lendingar. Haga skal flugi þannig að það skapi ekki ónauðsynlegan hávaða né hættu fyrir fólk og eignir komi til nauðlendingar.“*

„Ég get alveg skilið að fólk elski ekkert að heyra hljóð í flugvél. Fyrir þá sem ekki hafa neinn áhuga á flugi, þá er þetta alveg hávaði í þeim mörgum,“ segir Birgir Steingrímsson, annar eigenda TF-KOZ. Ekki skipti máli hvort flogið sé í fimm hundruð eða þúsund fetum. „Hljóðið berst mjög auðveldlega í loftinu þegar ekkert er á milli. Fyrir vikið telur fólk að vélarnar séu lægra af því að það heyrist svona vel.“

2007 2017 10 ára

Mannauðsstjórnun okkar á milli

Mannauðsráðstefna 15. september 2017 í Valaskjálf á Egilsstöðum í tilefni af 10 ára afmæli Alcoa Fjarðaáls.

**Dagskrá**

08:30-09:00 *Skráning og morgunkaffi*
09:00-09:25 **Fjarðaálsferðalagið** – Mannauður og samfélag
09:30-09:55 **Stefnumiðuð mannauðsstjórnun**
10:00-10:25 **Ertu geimvísindamaður?** Frammistöðu- og árangursstjórnun í breyttum heimi
10:30-10:55 **Hvernig virkja á mannauðinn** – Lykilþættir helgunar
11:00-11:25 **Árangursrík endurgjöf og styrkleikamiðuð nálgun**
11:30-11:55 **Helgun, hlekkjun, slökun og kulnun í starfi**
12:00-13:00 *Hádegismatur*
13:00-13:25 **Staða mannauðsmála á Austurlandi** Niðurstöður nýrrar könnunar meðal fyrirtækja á Austurlandi
13:30-13:55 **Menntun og menning**
14:00-14:25 **Liðsvinna**
14:30-14:55 **Svefn og heilsa** – Svefngæði
15:00-15:25 **Þú getur ekki stöðvað öldurnar, en þú getur lært að sörfa!** Sáttar- og atferlismeðferð í hnotskurn.
15:30-16:00 **Samantekt og pallborðsumræður** – Ráðstefnuslit
16:00-17:00 *Léttar veitingar*

Fyrirlesarar eru sérfræðingar frá Capacent, Gallup á Íslandi, Alcoa Fjarðaáli, Gagnráðum, Háskóla Íslands og Nolta. Ráðstefnustjórar eru Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Magnús Þór Ásmundsson.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis en gestir eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig. Þú getur skráð þig og nálgast nánari upplýsingar um fyrirlestrana á **www.alcoa.is**.

Fjarðaál alcoa.is Alcoa

# Samið um félagssvæði Fram í Úlfarsárdal

**SAMFÉLAG** Fjölnota íþróttamannvirki Fram munu rísa í Úlfarsárdal en Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Sigurður Ingi Tómasson, formaður Fram, undirrituðu samning þess efnis í gær.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að byggingarnar muni þjóna íbúum Grafarholts og Úlfarsárdals og verða samtengd menningarmiðstöð, almenningsbókasafni og sundlaug hverfisins.

Um er að ræða knatthús, fjölnota æfingavöll og aðalleikvang.

Reykjavíkurborg og Fram munu í haust vinna sameiginlega að breyttu deiliskipulagi og er stefnt að því að vinnuhópur skili skýrslu um framkvæmdir og rekstur knatthússins fyrir 1. desember á þessu ári. **–khn**




**Íþróttaiðkendur framtíðarinnar voru á staðnum þegar samkomulagið var undirritað.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# VIÐ FÖGNUM 30 ÁRA AFMÆLI
OG BJÓÐUM FRÁBÆR TILBOÐ

# SPARIÐ ALLT AÐ 62%

30 ára




60% afsláttur af kodda

Koddi
50 x 70 sm.
**4.995**
nú **1.995**

53% afsláttur af sæng

**SÆNG FULLT VERÐ: 14.990**

## 6.990

30 ára AFMÆLISTILBOÐ 1987-2017

**KRONBORG SAGTINDEN ANDADÚNSÆNG**
Gæðasæng fyllt með 60% af andadúni og 40% af smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur.
Fylling: 800 gr. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm. Vnr. 4028850, 4218804



50% afsláttur

**FULLT VERÐ: 2.495**

## 1.245

**PLASTKASSI 37 LÍTRA**
Stærð: 37,5 x 29,4 x 50 sm. Vnr. 301- 11-1005



Öll eldhús- og borðstofuborð
# 30% afsláttur




Sparið **27.585** krónur

DÝNA
120 X 200 SM.
69.950

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

\+ SÆNG OG KODDI
9.995

\+ LAK
2.995

\+ SÆNGURVERASETT AÐ EIGIN VALI AÐ VERÐMÆTI
3.595

VALITOR KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró

**ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: 86.535**

## 58.950

**SLEEPWELL DÝNA + HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + KRONBORG TEYGJULAK + SÆNGURVER**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m².
Stærð: 120 x 200 sm. Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Gott teygjulak úr 100% bómul.
Sængurverasett að eigin vali að verðmæti **3.595**
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Vnr. 8880000633-0, 4117000, 1416100, 1313880, 1317180

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 13.09**

# Vara við gjöreyðileggingu í Flórídaríki

**Irma gekk yfir fleiri Karíbahafseyjar í gær. Bandaríkjamenn búa sig nú undir fellibylinn sem flokkast nú á fjórða stigi, ekki fimmta. Ríkisstjóri Flórída segir afar mikilvægt að fólk yfirgefi svæði sem á að rýma. Ríkið gæti orðið óbyggilegt í marga mánuði eftir storminn.**

**BANDARÍKIN** Hálfri milljón hefur verið skipað að yfirgefa heimili sín í Flórída vegna fellibylsins Irmu sem spáð er að gangi á land í suðurhluta ríkisins á morgun. Framkvæmdastjóri almannavarna Bandaríkjanna varaði í gær við yfirvofandi gjöreyðileggingu.

Irma hefur undanfarna daga skilið eftir sig sviðna jörð á eyjum Karíbahafsins og hafa að minnsta kosti tuttugu látið lífið í hamförunum en alls er stormurinn sagður hafa haft mikil áhrif á líf 1,2 milljóna manna. Líklegt þykir að báðar tölur muni hækka verulega.

Fellibylurinn var í gær lækkaður úr fimmta stigi niður í það fjórða, sem þó þýðir að stormurinn sé afar hættulegur. Bandaríska veðurstofan greindi frá því í gær að líklega yrði meðalvindhraði Irmu um 74 metrar á sekúndu þegar stormurinn skellur að öllum líkindum á Flórída. Greindi veðurstofan frá því í gær að vegna Irmu gæti suðurhluti Flórída orðið óbyggilegur í vikur, jafnvel mánuði.

„Fellibylurinn Irma heldur áfram að vera alvarleg ógn og mun Irma valda gjöreyðileggingu í Bandaríkjunum, annaðhvort í Flórída eða í öðrum ríkjum á suðausturströnd Bandaríkjanna,“ sagði Brock Long, framkvæmdastjóri almannavarna vestanhafs, í gær. Langlíklegast þykir að Flórída verði fyrir barðinu á storminum.

> **Það er hægt að endurbyggja heimili, það er ekki hægt að vekja fólk upp frá dauðum.**
>
> Rick Scott, ríkisstjóri Flórída



Rick Scott, ríkisstjóri Flórída, tók undir með Long í gær og varaði við fellibylnum. „Við höfum ekki miklu lengri tíma. Ef þú ert á svæði þar sem búið er að fyrirskipa rýmingu þá þarftu að flýta þér og yfirgefa svæðið samstundis,“ sagði Scott á blaðamannafundi í gær og bætti því við að hægt væri að endurreisa heimili, hins vegar væri ekki hægt að vekja fólk upp frá dauðum.

„Ef þú skoðar stærð stormsins sérðu að hann er risavaxinn. Hann er breiðari en Flórídaríki og er bæði hættulegur fólki og innviðum,“ sagði Scott enn fremur.

Irma gekk yfir Turks og Kaíkoseyjar í gær sem og Hispanjólu og olli þar nokkru tjóni, bæði vegna mikilla vinda og rigningar. BBC greindi frá því að á Turks og Kaíkos, þar sem 35.000 manns búa, hefðu eyjaskeggjar fundið allhressilega fyrir því þegar loftþrýstingur tók dýfu. Reif Irma þök af byggingum höfuðborgarinnar, olli miklum flóðum, sleit háspennulínur og olli rafmagnsleysi. Á Hispanjólu, þar sem eru ríkin Haítí og Dóminíska lýðveldið, olli Irma sams konar tjóni, þó einkum á norðurströndinni.

Í samtali við BBC sagði John Freeman, ríkisstjóri Turks og Kaíkos, að vel hefði tekist til við rýmingu en því var beint til íbúa á láglendi Turks og Kaíkos að koma sér eins hátt upp og unnt var. Hæsti punktur eyjanna er þó einungis fimmtíu metra yfir sjávarmáli.

Í dag er svo búist við því að mesti stormurinn gangi yfir austur- og miðhluta Kúbu á meðan auga stormsins á að ganga á milli norðurstrandar Kúbu og Bahamaeyja, að því er kemur fram í spá Fellibyljastofnunar Bandaríkjanna (NHC).

Fréttavefur Reuters greindi frá því í gær að um fimmtíu þúsund ferðamenn hefðu flúið Kúbu til þess að verða ekki fyrir barðinu á ofsaveðrinu. Voru vinsælir ferðamannastaðir og hótel á norðurströnd eyjunnar til að mynda galtóm í gær.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Flóð hrjá íbúa norðurstrandar Haítí eftir að Irma gekk þar yfir.** NORDICPHOTOS/AFP


ÖBÍ



HVER Á HRÓS SKILIÐ?

TILNEFNINGAR ÓSKAST TIL HVATNINGARVERÐLAUNA ÖBÍ

Tilnefndu einstakling, fyrirtæki eða umfjöllun sem skaraði fram úr síðasta árið og stuðlaði öðrum fremur að því markmiði að skapa eitt samfélag fyrir alla.

Nánar á **www.obi.is**
Skilafrestur 15. september




KIA
The Power to Surprise

**Rafbílasýning Kia í dag, laugardag, frá kl. 12–16**

Við sýnum glæsilegan rafbílaflota Kia í dag. Einstakt úrval Hybrid–, Plug-in Hybrid– og rafbíla, hlaðnir spennandi tæknilausnum og að sjálfsögðu fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð Kia.

**Komdu og finndu rétta rafbílinn fyrir þig. Við tökum vel á móti þér.**

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



## GATE
Borðstofuborð. Svartir fætur með bláu, hvítu eða svörtu linoleum efni ofan á borðplötu.
Einnig fáanlegt með eikarfótum og hvítri eða svartri borðplötu. Stærð: 205 x 100 x 75 cm

**149.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



## STAR
Borðstofustóll, svört skel og fætur og grátt áklæði í setu.

**11.990 kr.** ~~14.990 kr.~~




**1.** IVV Infiore vasi, glær 13/28,5 cm **2.490/5.990 kr** hunangslitur eða blár, 13/28,5 cm **2.990/7.990 kr.** **2.** IVV Maitre glerkanna, 1,3 l **7.990 kr.** **3.** Broste nordic sea tebolli og undirskál **2.190 kr.** **4.** IVV Optic glerkanna, 1,4 l. **6.290 kr.** **5.** IVV Optic vatnsglas 30 cl, 6 stk í pakka **8.790 kr.** **6.** On Interiör skurðarbretti, 41x15x1 cm **5.990 kr** **7.** Aida Raw vatnsglös, 4 stk í pakka **1.490 kr.**



## BELINA
Borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



## CANNINGTON
Borðstofuskenkur. Úr aski með svarta fætur.
Stærð: 160 x 45 H: 84 cm

**109.990 kr.** ~~139.990 kr.~~



## CANNINGTON
Borðstofuborð. Úr aski með svarta fætur.
Stærð: 230 x 100 H: 77 cm

**87.990 kr.** ~~109.990 kr.~~



## FRIDAY
Nettur sjónvarpssófi með kósíhorni.
Hægri eða vinstri. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 325 × 185 × 90 cm

**179.990 kr.** ~~259.990 kr.~~



## OSAKA
Bakborð með tveimur skúffum.
Grind úr eik. Hvít plata og skúffur.
Stærð: 117 x 40 H: 76 cm.

**29.990 kr.** ~~49.990 kr.~~



## GANIC
Sófaborðasett. Tvö borð.
Svart með hvítri plötu.
Stærð: 130 x 73 H:45 cm

**49.990 kr.** ~~59.990 kr.~~




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

L A Z B O Y Live life comfortably.



## RIALTO

2ja og 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófar.
Klæddir gráu áklæði eða svörtu leðri.

2ja sæta: 205 × 90 × 105 cm í ákæði
**169.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

3ja sæta: 205 × 90 × 105 cm í ákæði
**229.990 kr.** ~~279.990 kr.~~

2ja sæta: 205 × 90 × 105 cm í leðri
**229.990 kr.** ~~279.990 kr.~~

3ja sæta: 205 × 90 × 105 cm í leðri
**299.990 kr.** ~~359.990 kr.~~

# ÆVINTÝRALEGT HAUST Í HÖLLINNI



## CITY BUTTERFLY

Einstakur hægindastóll. Koníaks-brúnt leður og svört stálgrind.

**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~



## CAZAR

Skemmtilegur hægindastóll.
Svart PU-leður.

**16.990 kr.** ~~19.990 kr.~~



## SPAN

Grænt eða svart leður. Eikar lappir.
Til svartur með svörtum löppum

**99.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

## KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Stærð:
301 × 200 × 78 cm



**175.990 kr.**
~~219.990 kr.~~




## CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm



**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

IDdesign

**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA HÖLLIN

Breytum notuðum fatnaði í matvæli

Fatasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands er opin alla virka daga frá kl 13 til 17 og laugardaga frá kl 11 til 16 að Iðufelli 14, Reykjavík.

Fjölskylduhjálp Íslands
Iðufelli 14, Reykjavík



Allt í röð og reglu
MÚRBÚÐARVERÐ




Geymslubox

| | |
|---|---|
| G 804 2,5 lítra 23x16x14 cm | 290 kr. |
| G 803 6 lítra 28,5x20x18,5 cm | 390 kr. |
| G 802 11 lítra 35,5x24x20,5 cm | 590 kr. |
| G 801 18 lítra 43x28x23,5 cm | 790 kr. |
| G 805 23 lítra 50x33,5x27 cm | 990 kr. |

Geymslubox með hjólum

| | |
|---|---|
| G 003 28 lítra 49x36x28 cm | 990 kr. |
| G 002 52 lítra 58x42x34 cm | 1.790 kr. |
| G 201 108 lítra 71x52x44cm | 2.990 kr. |



Box í barnaherbergið

11 lítra 630 kr.
23 lítra 1.290 kr.

MÚRBÚÐIN
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Tugir fórust í Mexíkó

**8,2 stiga jarðskjálfti reið yfir Mexíkó. Skjálftinn er sagður sá stærsti í sögu landsins. Hann fannst í höfuðborginni, þúsund kílómetra frá upptökum hans.**

**MEXÍKÓ** Jarðskjálfti sem mældist 8,2 stig olli í fyrrinótt miklu tjóni í ríkjunum Oaxaca, Tabasco og Chiapas í Mexíkó. Að minnsta kosti 58 fórust í skjálftanum sem forseti Mexíkó segir þann sterkasta í sögu ríkisins.

Upptök skjálftans voru í Kyrrahafinu, um 87 kílómetra suðvestur af bænum Pijijiapan. Í kjölfarið gáfu Mexíkó og nágrannaríkin út flóðbylgjuviðvörun en hún var síðan dregin til baka. Jarðskjálftinn var svo sterkur að jafnvel íbúar Mexíkóborgar, sem er í um þúsund kílómetra fjarlægð frá Pijijiapan, fundu fyrir honum.

Eftirskjálftarnir hafa einnig verið sterkir. Hafa þeir mælst á bilinu 4,3 til 5,7 stig og nær ströndum Mexíkó heldur en sá fyrsti.

Að mati Enrique Peña Nieto forseta fundu um 50 milljónir Mexíkóa fyrir skjálftanum. Sagðist hann jafnframt óttast mjög að tala látinna ætti eftir að hækka.

Um helmingur hinna látnu voru íbúar Juchitán-bæjar í Oaxaca. Að sögn ríkisstjórans, Alejandro Murat, fórust sautján íbúar bæjarins en 23 í ríkinu öllu. Aftur á móti létu sjö lífið í Chiapas og tvö börn í Tabasco.

Þá greindi forseti Gvatemala, Jimmy Morales, frá því að þar í landi hefði einn farist. „Við höfum frétt af nokkru tjóni og andláti einnar manneskju, við höfum þó ekki enn verið upplýst um öll smáatriði,“ sagði forsetinn við fjölmiðla.

Talsvert eigna- og innviðatjón varð einnig vegna skjálftans og greinir BBC frá því að víða hafi verið rafmagnslaust í gær, byggingar hafi hrunið og vegir rofnað, jafnvel í höfuðborginni Mexíkóborg.

„Það mátti heyra háværa bresti í steyptum veggjum og vegum. Líkt og risavaxin trjágrein væri brotin með offorsi. Fólk streymdi út á götur í röðum og reyndi að forðast háspennulínur sem féllu til jarðar,“ sagði blaðamaðurinn Franc Contreras, staddur í Mexíkóborg, við BBC í gær.

Annars konar hamfarir ógna Mexíkóbúum einnig en fellibylurinn Katia var um 300 kílómetra austur af landinu þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Samkvæmt spám átti Katia að ganga á land á austurströndinni í nótt en meðalvindhraði hennar mældist um 63 metrar á sekúndu í gær.

**thorgnyr@frettabladid.is**




**Í Mexíkóborg mátti greinilega sjá tjónið sem skjálftinn olli.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Það mátti heyra háværa bresti í steyptum veggjum og vegum. Líkt og risavaxin trjágrein væri brotin með offorsi.**
>
> Franc Contreras blaðamaður

# Eyðir póstum starfsmanna

**BANDARÍKIN** Arianna Huffington, stofnandi Huffington Post, hefur komið á nýju verklagi til þess að starfsmenn hennar drukkni ekki í vinnu þegar þeir koma úr fríi. Huffington, sem sett hefur á laggirnar fyrirtækið Thrive Global, sér til þess að pósthólf starfsmanna tæmist um leið og sendandi hefur fengið svarpóst um að starfsmaðurinn sé fjarverandi.

Í grein í Harvard Business Review bendir Huffington á að sendandinn fái í svarbréfinu upplýsingar um hvenær starfsmaðurinn kemur úr fríi. Sé erindið mikilvægt geti sendandinn sent nýjan tölvupóst.

Það er mat Huffington að yfirmenn eigi að hvetja til þess að starfsmenn fái raunverulegt frí. Það geti þeir gert með því að segja að ekki verði hægt að ná í þá meðan þeir eru sjálfir í fríi. **– ibs**



**Arianna Huffington segir starfsmenn þurfa raunverulegt frí.** NORDICPHOTOS/GETTY




**Erfitt er að sanna að félagar í glæpagengjum séu með tekjur.** NORDICPHOTOS/AFP

# Dönsk glæpagengi á framfæri hins opinbera

**DANMÖRK** Yfir 60 prósent félaga í glæpagengjum í Danmörku fá fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera samkvæmt tölum dönsku lögreglunnar. Þrettán prósent fá námsstyrk.

Fulltrúi Danska þjóðarflokksins, Martin Henriksen, segir það fásinnu að félagar í glæpagengjum fái fjárhagsaðstoð samtímis því sem þeir fremji afbrot.

Einn borgarstjóra Kaupmannahafnar, Anna Mee Allerslev, tekur undir þessi sjónarmið en segir erfitt fyrir skattayfirvöld að sanna að viðkomandi séu með einhverjar tekjur.

Afbrotafræðingurinn Poul Kellberg, sem aðstoðar unga menn á jaðri samfélagsins við að komast í nám og vinnu, segir vafalítið að sumir glæpamenn þéni vel. Margir hafi hins vegar lítið á milli handanna. Staða þeirra yrði enn verri ef þeir yrðu sviptir aðstoð.

Þann 1. maí síðastliðinn voru 358 einstaklingar á skrá lögreglunnar yfir glæpagengi. **– ibs**




**Varðveisla og notkun lífsýna sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu.**

**Hver er réttur þinn?**

**Þjónusturannsókn**
Þjónusturannsókn er rannsókn sem gerð er á lífsýni úr einstaklingi, t.d. á blóði, þvagi eða vef til greiningar á sjúkdómum eða vegna meðferðar þeirra. Gengið er út frá ætluðu samþykki einstaklings fyrir því að lífsýnið verði hugsanlega vistað í lífsýnasafni þjónustusýna, m.a. til frekari greiningar sjúkdóma. Einnig má veita aðgang vegna gæðaeftirlits, til aðferðaþróunar eða til kennslu en þá eru sýnin ópersónugreinanleg. Loks má veita aðgang að þjónustulífsýnum vegna vísindarannsókna sem fengið hafa leyfi Vísindasiðanefndar.

**Bann við notkun þjónustusýna til vísindarannsókna**
Einstaklingur getur hvenær sem er afturkallað ætlað samþykki sitt fyrir því að sýni hans verði vistuð til frambúðar í lífsýnasafni þjónustusýna. Það er gert með því að senda tilkynningu til Embættis landlæknis á sérstöku eyðublaði sem nálgast má á vefsvæði embættisins og nefnist „Yfirlýsing um að ekki sé heimilt að nota lífsýni úr þjónusturannsóknum til vísindarannsókna eða vista í lífsýnasafni í því skyni“.

Landlæknir heldur skrá yfir einstaklinga sem hafa lagt bann við notkun lífsýna úr þjónusturannsóknum til vísindarannsókna. Ábyrgðarmönnum slíkra lífsýnasafna ber að tryggja að vilji einstaklings í þessu efni sé virtur. Það er gert með aðstoð úrsagnaskrárinnar hjá Embætti landlæknis.

**Upplýsingaréttur lífsýnisgjafa**
Landlækni eða stjórn lífsýnasafns er skylt að veita einstaklingi upplýsingar um

- Hvort lífsýni úr honum eru geymd í lífsýnasafni og hvers konar lífsýni það eru.
- Í hvaða tilgangi lífsýni var tekið.
- Hver hefur fengið eða getur fengið aðgang að lífsýninu.
- Á hvaða forsendum slíkur aðgangur sé veittur.
- Hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við söfnun og geymslu lífsýnanna.

Nánari upplýsingar má nálgast á vef Embættis landlæknis,
http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/notendur-heilbrigdisthjonustu/lifsyni/

Embætti landlæknis
Directorate of Health
Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is




**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, sjálfskiptur, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Tucson með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestafl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM83722

# Ekki vera sóði



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Glöggir göngugarpar sem gengið hafa á Esjuna undanfarið hafa vafalaust tekið eftir kassa af orkustykkjum sem hefur orðið á vegi þeirra á leið upp fjallið. Um er að ræða svokölluð orkustykki frá Kellogg's sem vafalaust eiga að vera næring til að auðvelda fólki gönguna.

Enginn ætlar Nóa Síríusi, umboðsaðila Kellogg's stykkjanna, að hafa viljandi stuðlað að sóðaskap. En staðreyndin er, að göngufólki hefur ekki verið treystandi í umgengni við kassann góða, því umbúðirnar hafa fundist á víð og dreif um Esjuhlíðar og nágrenni. Reykjavíkurborg hefur gripið í taumana og farið fram á að kassinn verði fjarlægður.

Í þessu samhengi er ástæða til að staldra við. Við göngum nefnilega ekki nógu vel um úti í guðsgrænni náttúrunni – og raunar ekki heldur inni í bæjum og borgum.

Mörgum sem koma til Reykjavíkur finnst þrifnaði og umhirðu ábótavant. Þar liggur sökin ekki bara hjá borgaryfirvöldum, heldur ekki síður hjá okkur sjálfum. Umhverfi helst ekki hreint og snyrtilegt nema íbúarnir og yfirvöld leggist á eitt.

Kellogg's-umbúðirnar eru bara ein birtingarmynd. Göngumenn hvar sem er taka eftir rusli á víðavangi. Á fjölförnum gönguleiðum í nágrenni höfuðborgarinnar eru sígarettustubbar á víð og dreif. Og þótt ótrúlega hljómi, hafa einstaka hundaeigendur fyrir því að tína upp skítinn eftir rakka sína og setja í plastpoka, sem þeir svo skilja eftir á víðavangi. Það er undarleg ráðstöfun, því skíturinn eyðist í náttúrunni en plastið ekki.

Sumir eru okkur hinum til eftirbreytni og ganga með poka til að tína upp rusl eftir samborgara sína, þótt þeir básúni það ekki endilega á torgum.

Sóðaskapinn er víða að finna. Yfirfullar ruslatunnur á vinsælum áningarstöðum, bjórdósir og fjúkandi plast við einstakar náttúruperlur. Sóðaskapurinn er kannski stærsta ógnin við verðmæta sérstöðu, sem við fengum í arf, og umheimurinn hefur tekið eftir í æ ríkari mæli.

Ferðaþjónustan hefur byggst upp með ógnarhraða. Eðlilegt er að hún þjáist af vaxtarverkjum og sé ekki við öllu búin. Þar mætti ýmislegt betur fara.

Þá afsökun höfum við hins vegar ekki gagnvart okkur sjálfum, hvernig við göngum um. Okkur þykir sjálfsagt að heimsækja náttúruperlur sem eru innan seilingar. En þær verða fljótar að drabbast niður ef umgengni okkar sjálfra er ábótavant.

Ísland hefur á sér orð fyrir hreinleika og náttúrufegurð. Það er orðspor sem okkur á að vera annt um. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda því. Það snýr líka að daglegri neyslu, til dæmis notkun umhverfisvænni fararskjóta. Það er ruddaskapur og tillitsleysi að henda rusli á víðavangi.

Við eigum að bera ábyrgð á okkur sjálfum, hvert og eitt. Ekki henda rusli. Vertu ekki sóði.

**Sóðaskapinn er víða að finna. Yfirfullar ruslatunnur á vinsælum áningarstöðum, bjórdósir og fjúkandi plast við einstakar náttúruperlur.**

XPRENT Hönnun & Merkingar



ER KYNNING eða SÝNING Á NÆSTUNNI?
*Banner-up standar í miklu úrvali!*
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is
Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Upp úr martröð eins manns

Háværar kröfur um að rífa niður styttur heyrast nú víða um heim. Er það í kjölfar átakanna í Charlottesville sem brutust út þegar hópur þjóðernissinna og nýnasista kom saman til að mótmæla áformum um að fjarlægja umdeilda styttu af herforingja sem leiddi Suðurríkin í þrælastríðinu á nítjándu öld.

Umræður hafa spunnist um hvort ástæða sé til að við Íslendingar tökum einnig til í styttusafni okkar. Mörgum finnst Kristján IX mega fjúka. Aðrir nefna Ingólf Arnarson – hann var jú ekki aðeins þrælahaldari heldur þrælabani.

Stétt pistlahöfunda er stundum sökuð um neikvæðni; um að benda á vandamál en leggja aldrei til lausnir. Í dag hyggst ég bregða út af vananum. Í stað þess að stunda niðurrif ætla ég að leggja til uppbyggingu.

### Drunur í iðrunum

Þegar ég var unglingur var ég í kór. Einn veturinn var kórnum falið að flytja þungt og mikið verk, kantötuna Þjóðhvöt eftir Jón Leifs, á tónleikum ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á tónleikadaginn var eftirvæntingin mikil. Það var ekki á hverjum degi sem færi gafst á að starfa með hæfustu tónlistarmönnum landsins. Full kvíðablandinnar tilhlökkunar gleypti ég í mig hangikjöt og uppstúf sem móðir mín hafði útbúið í kvöldmatinn, brá mér í kórbúninginn og hentist vestur í Háskólabíó sem þá var athvarf Sinfóníunnar. Ósagt skal látið hvort um hafi verið að kenna tormeltri ómstríðu tónlistarinnar eða ákafri hugarfró að vel heppnuðum tónleikum loknum, en þegar hvellt lófatakið dundi við upphófust í iðrum mér drunur sem skákað hefðu getað þungum barningi nýþagnaðs slagverks hljómsveitarinnar. Felmtri slegin gerði ég mér grein fyrir hvað var í uppsiglingu. Uppákoma sem hafði burði til að draga að mér athygli alls Háskólabíós stóð mér skýrt fyrir hugskotssjónum. Svitaperlur spruttu fram á enni mér í heitu skini ljóskastaranna þar sem ég barðist við hið óhjákvæmilega.

Loks fengu tónlistarmennirnir bendingu um að stíga af sviðinu. Von vaknaði í brjósti mér um að kannski næði ég að þrauka. Meðan kórinn fikraði sig áfram í yfirvegaðri halarófu svall ólgan innra með mér. Ég hafði ekki fyrr horfið áhorfendum sjónum en ég tók á sprett. En ég komst ekki langt. Í myrku horni, baksviðs, á mínum fyrstu Sinfóníutónleikum setti ég mark mitt á vistarverur hljómsveitarinnar þegar kvöldverðurinn sem innbyrtur hafði verið nokkrum klukkustundum fyrr sneri aftur sömu leið og hann hafði farið niður. Ummerkin urðu ekki langvarandi á gólfi Háskólabíós. En áhrifin á brothætt stolt unglingsins urðu þeim mun langvinnari. Æ síðan hafa tilfinningar mínar í garð hangikjöts og Jóns Leifs verið blendnar.

### Á níunda degi fannst lík

Ég er ekki ein um að eiga í tvíbentu sambandi við Jón Leifs. Sumir telja hann hafa verið stórhuga snilling, aðrir léttvægan sérvitring. Sumir telja hann hafa verið ósérhlífinn brautryðjanda, aðrir óskammfeilinn eiginhagsmunasegg. Í ár eru hins vegar sjötíu ár síðan atburður átti sér stað sem veldur því að Jón Leifs á skilið að af honum verði reist stytta. Jón Leifs sat yfir tónsmíðum óvenjukaldan júlímorgun í Reykjavík árið 1947 þegar honum barst símskeyti: „Kæri, Líf týnd síðan í gær á sundspretti."

Líf, sautján ára dóttir Jóns, sem var við fiðlunám í strandbæ í Svíþjóð hóf hvern dag sundsprett í sjónum. En þennan dag hafði hún aldrei snúið aftur. Leitað var í sjónum með netum við kletta og sker, úr vélbátum, togurum og flugvélum. Á níunda degi fannst lík.

Líf var grafin í Fossvogskirkjugarði. Jón tókst á við dótturmissinn með tónsmíðum. Útkoman var eitt fallegasta verk sem íslenskt tónskáld hefur samið. Requiem.

Fúlmenni eða snillingur. Fallegasta tónverk Íslandssögunnar er sjötíu ára. Sjaldan hefur jafn látlaus fegurð sprottið upp úr martröð eins manns.

Ég skora á hvern þann sem efast um tilkall Jóns Leifs til styttu að hlusta á verkið. Segið svo að pistlahöfundar beini ekki athygli að því fallega í tilverunni.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ford

KUGA

SEPTEMBER
TILBOÐ
BRIMBORGAR




# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **5.590.000** KR.

**TILBOÐSVERÐ FRÁ:**

**4.990.000** KR.

Tilboðið gildir um bíla sem til eru á lager og afhentir í september.

SPARAÐU 600.000 KR.

## FORD KUGA TITANIUM AWD

- 150 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17“ Titanium álfelgur

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Skemmtilega ólík lið mætast

**Halldór Jón Sigurðsson, þjálfari toppliðs Þórs/KA í Pepsi-deild kvenna í fótbolta, á von á hörkuleik þegar Stjarnan og ÍBV eigast við í bikarúrslitum kvenna í dag. Leikurinn hefst klukkan 17.00.**





Katrín Ásbjörnsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, sækir að vörn ÍBV í leik liðanna í sumar. Hún verður í lykilhlutverki í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Stærsti leikur sumarsins í kvennaknattspyrnunni fer fram í dag þegar Stjarnan mætir ÍBV í úrslitaleik Borgunarbikars kvenna. Hvorugt liðið á möguleika á Íslandsmeistaratitlinum úr þessu en þjálfari toppliðs deildarinnar, Halldór Jón Sigurðsson hjá Þór/KA, á von á spennandi leik í dag.

Stjarnan og ÍBV eiga það einnig sameiginlegt að vera einu liðin sem hefur tekist að leggja Þór/KA að velli. Stjarnan sló Þór/KA úr leik í bikarnum og ÍBV er eina liðið sem hefur tekist að vinna norðankonur í deildinni.

Halldór Jón á von á jöfnum leik í dag þó svo að liðin séu ólík, enda hafi þau gert jafntefli í báðum deildarleikjum sínum í sumar.

„Bæði lið munu fara varlega inn í leikinn. Stjarnan verður meira með boltann enda getur liðið haldið honum betur en ÍBV. Eyjakonur munu nota sína styrkleika – sem er að komast á bak við vörnina með sendingar í ákveðin svæði sem Cloe Lacasse getur nýtt sér til að komast á bak við bakverðina,“ segir Donni eins og hann er kallaður.

### Vega hvort annað upp

„Þetta verður jafn leikur eins og leikir þessara liða voru í sumar. Ég reikna jafnvel með að þann endi í framlengingu,“ segir hann enn fremur. „Þetta verður væntanlega markalítill leikur og þar af leiðandi líklegt að úrslitin muni ráðast af einu marki.“

Hann segir að ef öðru liðinu tækist að skora snemma í leiknum myndi það hleypa miklu lífi í hann. „Ég á ekki von á að það gerist, en það myndi gera leikinn skemmtilegri fyrir okkur áhorfendur.“

Donni segir að liðin séu ólík en henti hvort öðru ágætlega. „Annað er skyndisóknarlið en hitt heldur boltanum vel. Þau vega því hvort annað þokkalega upp og eru skemmtilega ólík,“ segir hann. „Það sem gerir þetta áhugavert er að bæði lið eru með sinn mesta styrk fram á við – þar eru bestu leikmenn beggja liða. Varnarleikurinn er helsti veikleiki liðanna, ef veikleika skyldi kalla.“

### Cloe er yfirburðaleikmaður

Lykilleikmaður í liði Eyjakvenna er hin kanadíska Cloe Lacasse. Hún er potturinn og pannan í sóknarleik ÍBV og ljóst að ef Eyjakonur ætla sér að hrifsa bikarinn verður hún að vera í stóru hlutverki í dag.

„Hún er yfirburðaleikmaður í ÍBV og í hópi bestu leikmanna sem hafa spilað hér á landi. Þetta snýst að mestu leyti um hvort hún eigi góðan dag eða ekki,“ segir Donni. „ÍBV þarf að koma boltanum í svæði sem henta henni best. ÍBV hefur gengið best þegar það hefur tekist.“

Stjarnan þarf því að hafa góðar gætur á henni og vörnin að vera vel skipulögð. „Stjarnan þarf að girða fyrir þessar sendingaleiðir og passa upp á hana. En það er ekki nóg. ÍBV er öflugt í föstum leikatriðum og þar hafa Sísí [Sigríður Lára Garðarsdóttir] og Rut [Kristjánsdóttir] verið mjög öflugar. Þegar jöfn lið mætast snýst þetta oftar en ekki um föstu leikatriðin.“

### Katrín er leiðtoginn

Hann segir að það sé erfiðara að undirbúa sig fyrir leik gegn Stjörnunni, sem hefur fleiri vopn í sinni sókn en ÍBV. „Maður veit aldrei hver tekur upp á því að taka leikinn í sínar hendur. Stjarnan er mikið á miðsvæðinu þar sem þær Lára [Kristín Pedersen] og Ana Cate eru góðar. Katrín [Ásbjörnsdóttir] er svo klók í að finna svæði og koma boltanum í hættulega stöðu úti á kanti fyrir Öglu Maríu [Albertsdóttur] og Guðmundu [Brynju Óladóttur].“



> Hún er yfirburðaleikmaður í ÍBV og í hópi bestu leikmanna sem hafa spilað hér á landi.
>
> Halldór Jón Sigurðsson

Og hann minnir á að Harpa Þorsteinsdóttir geti haft mikil áhrif en hún hefur lítið spilað með Stjörnunni eftir EM-fríið. „Harpa er einn besti sóknarmaður sem Ísland hefur átt og ef hún á stjörnuleik þá verður þetta erfitt fyrir ÍBV.“

Hann lofar Katrínu sérstaklega sem hann segir leiðtoga Stjörnunnar, innan vallar sem utan. „Hún getur skorað inni í teignum og fyrir utan hann. Hún er klók í að spila sína samherja uppi og finna svæði fyrir þá. Hún er frábær leiðtogi og rífur sitt lið með sér. Það er sá leikmaður sem ÍBV þarf að hafa mestar áhyggjur af og reyna að klippa út.“

Donni segir að liðin tvö verðskuldi að vera í bikarúrslitum. „Stjarnan vann okkur og er því að mér finnst mjög verðskuldað í úrslitaleiknum,“ segir hann í léttum dúr. „Þá hefur ÍBV átt frábært tímabil og getur kórónað sumarið hjá sér með því að vinna titilinn í dag.“

Leikurinn hefst klukkan 17.00 og verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Upphitun hefst klukkan 16.30.

## Upphitun með Helenu



Helena Ólafsdóttir, þáttarstjórnandi Pepsi-marka kvenna, verður með upphitun á Stöð 2 Sport fyrir bikarúrslitaleikinn í dag. Útsending hefst klukkan 16.30 en henni til aðstoðar verða Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrverandi landsliðskona, og Halldór Jón Sigurðsson, þjálfari toppliðs Þórs/KA.

Guðmundur Benediktsson lýsir leiknum sem hefst klukkan 17.00. Að leiknum loknum mun Helena ásamt sérfræðingum fara yfir allt það helsta úr leiknum í bland við viðtöl við þjálfara og leikmenn beggja liða.

Þá verður vel fylgst með leiknum á íþróttavef Vísis og hann svo gerður upp í Sportpakkanum á Stöð 2 annað kvöld.



KAREN MEÐ SLITNA HÁSIN

Landsliðsfyrirliðinn Karen Knútsdóttir leikur ekki meira með Fram á þessu ári. Karen sleit hásin í leiknum gegn Stjörnunni í Meistarakeppni HSÍ á miðvikudaginn og fór í aðgerð í gær. Karen sneri aftur heim til Fram í sumar eftir nokkurra ára dvöl í atvinnumennsku í Danmörku, Þýskalandi og Frakklandi. Fram vann Stjörnuna í Meistarakeppninni, 30-27, og var spáð Íslandsmeistaratitlinum í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liðanna í Olís-deildinni. Fram mætir Gróttu í 1. umferðinni á þriðjudaginn.



Gaman að sjá Víkinga í #olisdeildin. Mikil saga þar #SeinniBylgjan eru Viggó og Gummi Gumm ekki á twitter?

Dagur Sigurðsson
@DagurSigurdsson

ÞRJÚ ÍSLENSK Í EHF-KEPPNINNI

Þrjú íslensk lið verða í eldlínunni í 1. umferð EHF-keppninnar í handbolta um helgina. FH fær Dukla Prag í heimsókn í dag. FH-ingar standa vel að vígi eftir 27-30 sigur í fyrri leik liðanna í Prag. Afturelding tapaði með eins marks mun, 25-26, fyrir Bækkelaget í fyrri leik liðanna og þarf því að snúa dæminu sér í vil í seinni leiknum í Noregi í dag. Valsmenn mæta ítalska liðinu Bozen en báðir leikirnir fara fram í Valshöllinni um helgina.




## Helgin

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 10.55 | R. Madrid - Levante | Sport 2 |
| 11.15 | Man. City - Liverpool | Sport |
| 11.30 | Omega Masters | Golfst. |
| 13.25 | Augsburg - Köln | Sport 3 |
| 13.45 | KR - ÍBV | Sport 2 |
| 13.50 | Everton - Tottenham | Sport |
| 16.00 | Laugardagsmörkin | Sport |
| 16.20 | Stoke - Man. Utd. | Sport |
| 16.30 | Stjarnan - ÍBV | Sport 2 |
| 16.30 | Indy Women in Tech | Golfst. |
| 18.40 | Barcelona - Espanyol | Sport |
| 01.30 | UFC Countdown | Sport |
| 02.00 | UFC 215 | Sport |
| 02.15 | Rungvisai - Gonzales | Sport 2 |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 10.00 | Omega Masters | Golfst. |
| 12.20 | Burnley - C. Palace | Sport |
| 14.50 | Swansea - Newcastle | Sport |
| 16.45 | ÍA - KA | Sport 2 |
| 17.00 | Messan | Sport |
| 17.00 | Titans - Raiders | Sport 3 |
| 19.00 | Valur - Breiðablik | Sport |
| 19.20 | Stjarnan - Selfoss | Sport 2 |
| 20.20 | Packers - Seahawks | Sport 3 |
| 21.15 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 22.40 | Síðustu 20 | Sport |

**Pepsi-deild karla:**
L14.00 KR - ÍBV
L16.30 Víkingur Ó. - Fjölnir
S17.00 ÍA - KA
S17.00 FH - Breiðablik
S17.00 Víkingur R. - Stjarnan
S19.15 Valur - Breiðablik

**Borgunarbikar kvenna:**
L17.00 Stjarnan - ÍBV

**Olís-deild kvenna:**
S15.00 Fjölnir - ÍBV

**Olís-deild karla:**
S19.30 Stjarnan - Selfoss

# Ólafía Þórunn í frábærri stöðu fyrir lokahringinn

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í góðri stöðu fyrir lokahringinn á Indy Women in Tech Championship-mótinu í golfi. Ólafía lék frábærlega á fyrstu tveimur hringjunum. Hún var í 9. sæti á fimm höggum undir pari eftir fyrsta hringinn. Í gær lék Ólafía á fjórum höggum undir pari og er því samtals á níu höggum undir pari.

Ólafía lék afar stöðugt og gott golf í gær. Hún paraði fyrstu sex holurnar en fékk svo fimm fugla á næstu átta holum. Því næst fékk hún fjögur pör í röð áður en hún fékk sinn fyrsta og eina skolla á lokaholunni. Ólafía fékk aðeins tvo skolla á fyrstu tveimur hringjunum.

Ólafía flaug í gegnum niðurskurðinn og er því örugg með verðlaunafé á mótinu. Þegar blaðið fór í prentun var Ólafía í 7.-9. sæti. Ef hún heldur svipuðum dampi í dag ætti hún að fara upp um nokkur sæti á peningalista LPGA-mótaraðarinnar. Fyrir mótið í Indianapolis var Ólafía í 101. sæti listans en 100 efstu fá þátttökurétt á mótaröðinni á næsta ári.

Bein útsending frá Indy Women in Tech Championship-mótinu hefst klukkan 16.30. - iþs




**Ólafía Þórunn er í góðum gír í Indianapolis.** NORDICPHOTOS/GETTY

MENNTAMÁLASTOFNUN

**Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk verða haldin dagana 21.–29. september.**

**Til nemenda í 4. og 7. bekk grunnskóla, foreldra þeirra og aðstandenda.**

Nú eru samræmd könnunarpróf framundan. Tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf. Með prófunum er hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, sjá hvort breyta þurfi áherslum í námi og hvað þurfi að bæta. Þannig má nota niðurstöður til að ígrunda frekari áherslur námsins í framhaldinu. Samræmdu prófin eru rafræn og nemendur taka þau á tölvu

Samræmd könnunarpróf eru lítill hluti af því heildarnámsmati sem fram fer og mikilvægt að nálgast prófin með því hugarfari. Skólar standa fyrir öðru námsmati þar sem fjölbreyttum aðferðum er beitt

**Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk skólaárið 2017-2018**

| Vikudagur | dagsetning | bekkur | fag |
|---|---|---|---|
| Fimmtudagur | 21. sept. | 7. bekkur | íslenska |
| Föstudagur | 22. sept. | 7. bekkur | stærðfræði |
| Fimmtudagur | 28. sept. | 4. bekkur | íslenska |
| Föstudagur | 29. sept. | 4. bekkur | stærðfræði |

Á vef Menntamálastofnunar (www.mms.is) er að finna ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar um prófin og framkvæmd þeirra. Þar er hægt að æfa sig að taka rafræn próf og sjá svör við ýmsum spurningum.

Gangi ykkur vel og munið að prófin eru hugsuð til hjálpar við að sjá styrkleika í námi og hvar er hægt að bæta sig

Víkurhvarfi 3 • 203 Kópavogi • postur@mms.is • www.mms.is • (+354) 514 7500

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ÓTRÚLEGT ÚRVAL

# ÚTSALA

## HÚSASMIÐJUNNAR & BLÓMAVALS

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR




**30%** afsláttur

Sjáðu verðið!

**STANLEY**

Með 50 aukahlutum

ÚTSALA

**24.896 kr**

~~35.565 kr~~

**Hleðsluborvél með höggi + 50 fylgihlutir**
Stanley, 2 stk., 2.0Ah rafhlaða. Hersla 50Nm.
5151100




Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

ÚTSALA

**56.990 kr**

Sjáðu verðið!

~~64.990 kr~~

**Uppþvottavél** ESF5521LOW
Orkunýting A+, þurrkhhæfni A, þvottahæfni A, hljóðstyrkur 45 dB.
1808976

HREINLÆTISTÆKI 25-40% • STIGAR OG TRÖPPUR 25% • GARÐVERKFÆRI 30% • PARKET OG FYLGIHLUTIR 30-45%
VERKFÆRATÖSKUR 30% • BLACK & DECKER RAFMAGNSVERKFÆRI 30% • HILLUREKKAR 30%
HITACHI OG DEWALT VERKFÆRI 20% (VELTISAGIR 15%) • STANLEY LOFTPRESSUR 25% • HANDVERKFÆRI 30%
HÁÞRÝSTIDÆLUR 30% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • MATARSTELL OG GLÖS 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30%
BÖKUNARVÖRUR 20% • HREINLÆTISVÖRUR 25% • PLASTKÖRFUR OG BOX 25% • STRAUBRETTI 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • NORDLUX LJÓS 70% • CADAC FERÐAGRILL 40%
BROIL KING GRILL 25% • GRILLÁHÖLD BROIL KING / GRILLPRO 35% • GARÐHÚSGÖGN 35% • FERÐAHÚSGÖGN 35%
FERÐAVÖRUR 40% • GARÐLEIKFÖNG 40% • FLÍSAR 30% • INNIHURÐIR JELD-WEN 25-40% • LOFT-OG VEGGÞILJUR 20%
ELDAVÉLAR 20% • OFNAR 20% • HELLUBORÐ 20% • HÁFAR OG VIFTUR 20% • ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI 30%
ELECTROLUX RYKSUGUR 30% • POTTAPLÖNTUR 20-50% • GJAFAVARA 20-50% • KERTI 20% • LUKTIR 20%
GARÐÁLFAR 50% • REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR 30-50%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Byggjum á betra verði



aida daily design

ÚTSALA

**4.794kr**

~~7.990 kr~~

40% afsláttur

**Matar- og kaffistell**
Aida Café, 30 stk.
2000419




Electrolux

ÚTSALA

**4.890kr**

~~6.990 kr~~

**Blandari**
Stál, 300W, 0,6 ltr. plastkanna.
1840154

Sjáðu verðið!

30% afsláttur



## Frábær kaup á fallegu harðparketi

KAINDL

Sjáðu verðið!

ÚTSALA

Eikarplanki

**1.195kr/m²**

~~2.289 kr/m²~~

48% afsláttur

**Harðparket**
Kaindl, 8 mm, eikarplanki, bandsagaður.
147071



3 stk., 11cm pottur

Erikurnar eru komnar

**990kr**




29% afsláttur

3 ltr

ÚTSALA

Meðan birgðir endast

**1.695kr**

~~2.385 kr~~

**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27

58% afsláttur

taylor's eye witness

ÚTSALA

**5.000kr**

~~11.990 kr~~

**Eldhúshnífar**
5 stk. í standi.
2007432



Laufen er svissneskur framleiðandi hágæða hreinlætis-tækja og hefur verið leiðandi í sinni grein síðan 1892.



LAUFEN

ÚTSALA

**9.995kr**

~~16.745 kr~~

Sjáðu verðið!

40% afsláttur

**Veggskál**
Laufen Pro-N. Seta seld sér.
7920010

40% afsláttur

ÚTSALA

**10.675kr**

~~17.795 kr~~

**Eldhústæki**
Emmivi Eden.
7900023





ÚTSALA

**4.000kr**

~~7.700 kr~~

48% afsláttur

**Panna**
Jamie Oliver, Tefal panna.
5873501

# KLINKMARKAÐUR Húsasmiðjunnar

## Komdu og gerðu frábær kaup á Klinkmakaði Húsasmiðjunnar

Skoðaðu og láttu úrvalið koma þér á óvart



100kr | 200kr | 500kr | 1.000kr | 1.500kr

2.000kr | 3.000kr | 4.000kr | 5.000kr | 7.000kr



FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN



Hér til hliðar geta lesendur spreytt sig á myndasögugerð í myndasögu Lóu. Hún hefur skilið eftir eyður sem skálda má í.



Lóa Hjálmtýsdóttir býður börn og fullorðna velkomna í myndasögugerð í Norræna húsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skáldað í eyðurnar

**Lóa Hjálmtýsdóttir, teiknari og myndasöguhöfundur með meiru, tekur þátt í bókmenntahátíð í dag með viðburði í Barnahellinum í Norræna húsinu. Hún hefur útbúið myndasögu með eyðum sem má fylla í.**

Hugmyndir kvikna ekki í tómarúmi, það er líka gaman að prófa að byggja ofan á vinnu annarra,“ segir Lóa Hjálmtýsdóttir, teiknari og myndasöguhöfundur, sem leiðbeinir börnum í myndasögugerð í Barnahellinum í Norræna húsinu í dag. Lóa hefur útbúið myndasögu með eyðum sem má fylla í og sést hér að ofan. „Ég teikna sögu en sleppi hluta af henni þannig að börnin þurfa að vinna inn í söguna og geta í eyðuna. Það lækkar þröskuldinn og er oft hvetjandi að koma ekki að hvítu blaði,“ segir Lóa.

„Ég er ánægð að geta loksins tekið þátt í Bókmenntahátíð, ég hef vanalega verið að túra með FM Belfast á þessum tíma ársins. En ekki í ár og ég stökk því á tækifærið,“ segir Lóa.

Sjálf fór Lóa á eftirminnilegt myndlistarnámskeið átta ára gömul. „Þetta námskeið var í gamla Myndlista- og handíðaskólanum. Þar gerði ég mína fyrstu myndasögu. Ég teiknaði epíska myndasögu um listasafn þar sem listaverkin vakna á nóttunni. Kannski ég ætti að senda Ben Stiller bréf og segja honum að það hafi ekki farið fram hjá mér að hann hafi leitað í myndasögu mína eftir innblæstri fyrir Night at the Museum. Söguþráðurinn er mjög svipaður,“ segir hún og bendir á að það sé ekki útilokað að epískar hugmyndir kvikni á námskeiðinu hjá henni í dag.

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Um helgina, af hverju ekki að ...

**HORFÐU**
á nýju kolbikasvörtu kómedíuna Undir trénu. Á frumsýningu var flautað, stappað og blístrað af fögnuði svo það er ólíklegt að hún valdi vonbrigðum.

**STYÐUR MARY OG HANIYE**
„Ég ætla að fara á Austurvöll á morgun og mótmæla brottvísun Mary og Haniye og fjölskyldna þeirra. Báðar þessar stelpur eiga það sameiginlegt að vera fæddar á flótta og í viðkvæmri stöðu og mér finnst sjálfsagt að íslensk stjórnvöld veiti þeim vernd og leyfi þeim að búa hér áfram ef það er það sem þær vilja.“



Lára Björg Björnsdóttir

**FARÐU**
og tíndu ber og sjáðu haustlitina sem eru óðum að færast yfir lyng og tré. Haustið er frábær tími til gönguferða í náttúrunni.

**ENGAR ÁHYGGJUR AF MAT**
„Mín plön fyrir helgina eru að vera með fjölskyldunni, en ég kom heim frá Grænlandi í gærkvöld eftir smá vinnuferð. Við verðum í brúðkaupi á laugardag og svo er barnaafmæli á sunnudag. Hef því litlar áhyggjur af mat þessa helgina.“



Jóhannes Haukur Jóhannesson

**LESTU**
bókina Betra líf án plasts eftir Annelise Bunk og Nadine Schubert. Metsölubók frá Þýskalandi sem Bókafélagið gefur út á íslensku. Þar er að finna uppskriftir og hugmyndir að náttúruvænum lífsstíl.





Sjúkraþjálfunin
SPORTHÚSINU

Býður Ágústu Sigurjónsdóttur velkomna til starfa



Ágústa Sigurjónsdóttir

Á stofunni starfa fyrir:

Atli Örn Gunnarsson, Ásdís Guðmundsdóttir, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Elvar Leonarsdsson, Hildur Kristín Sveinsdóttir, María Jónsdóttir, Særún Jónsdóttir, Þorsteinn Máni Óskarsson, Þóra Hugosdóttir, Elísabet Reynisdóttir og Helga Gísladóttir.

Þjónusta í boði:

Úrlausn og greining stoðkerfisvandamála
Heilsufarsmælingar
Fræðsla og ráðgjöf
Hreyfigreining

Hægt er að panta tíma í sjúkraþjálfun í síma 564 4067 eða senda póst á sjukrathjalfunin@sporthusid.is


## Ný hugsun í Tjarnarbíói

TEDxReykjavík ráðstefnan verður haldin í sjöunda skipti í Tjarnarbíói í dag og í ár er þema viðburðarins „ný hugsun“ (e. re-imagine). Rætt verður um hvernig má koma á jákvæðum breytingum í von um að skapa betri heim.

Á mælendaskrá eru til dæmis Jonatan „Joon“ Van Hove, leikjahönnuður, Tristan Elizabeth Gribbin, stofnandi og framkvæmdastjóri FLOWVR, sem ræðir um mikilvægi og leiðir til hugleiðslu til dæmis með aðstoð hugbúnaðar á borð við sýndarveruleika. Benjamín Sigurgeirsson, doktor í líftækni, ræðir um skaðleg áhrif matarvenja á umhverfi og líf á jörðinni og Ari Jónsson, nemi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, kynnir hugmynd sína um vatnsflösku sem brotnar niður í náttúrunni á nokkrum dögum. – kbg




Hefur þú smakkað?
DAGSKAMMTUR AF
OMEGA-3
Sveinn Kjartansson
Matreiðslumeistari
“Makríll er hollur kostur fyrir alla fjölskylduna”
En skive dekker dagsbehovet for OMEGA-3
Stabburet
NYHET!
DEN ORIGINALE SIDEN 1958
Stabbur-Makrell®
Tomat & basilikum
Grovhakket i salsa
Stabburet



„Kærastan mín sagði mér á einum tímapunkti að ég væri bara korter í alvarlegt þunglyndi,“ segir Steindi sem ætlar ekki að láta það gerast aftur að vera lengi frá dóttur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fór á íbúfen kúrinn

**Steinþór Hróar Steinþórsson**, betur þekktur sem Steindi Jr., sýnir á sér nýja hlið í sínu fyrsta dramatíska hlutverki í kvikmyndinni Undir trénu. Hlutverkið reyndi á. Hann var lengi fjarvistum frá ungri dóttur sinni. Þá þurfti hann að létta sig umtalsvert og fór heldur óhefðbundna leið til þess.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Steindi er einn þekktasti gamanleikari þjóðarinnar. Ferillinn spannar áratug. En upp á síðkastið hefur hann verið að færa sig út fyrir þægindarammann. Úr gríninu sem er honum eðlislægt, kannski meira að segja náðargáfa. Yfir í dramatík. Og hann lofar góðu í hlutverki ungs manns sem missir tökin í kvikmyndinni Undir trénu, í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar.

„Það var slegist um þetta hlutverk. Haddi bauð mér að koma í prufu. Ég hef ekkert oft farið í prufur og finnst það óþægilegt. En Haddi hafði eitthvert sérstakt lag á mér og mér gekk vel,“ segir Steindi. Honum er létt eftir hátíðarfrumsýningu myndarinnar sem var í vikunni í Háskólabíó. Eftir sýningu myndarinnar risu gestir úr sætum og fögnuðu með lófataki.

### Sjálfsgagnrýninn

Fyrsta kvikmynd Hafsteins Gunnars, Á annan veg, kom út árið 2011. Myndin hlaut viðurkenningar og verðlaun og var endurgerð í Bandaríkjunum undir heitinu Prince Avalance. Þá sendi Hafsteinn Gunnar frá sér París norðursins árið 2014 sem einnig naut mikillar velgengni.

„Haddi er magnaður leikstjóri. Hann hafði mikla þolinmæði fyrir mér. Ég hef alltaf verið mjög efins og fæ verkefni á heilann. Eftir hvern tökudag fór ég yfir daginn á leiðinni heim í Mosfellsbæ. Mér finnst gott að hafa þennan tíma til að afgreiða mál dagsins meðan ég keyri. En ég á það til að verða sjálfsgagnrýninn og rífa mig niður. Ég er auðvitað að vinna í þessu. En ég hringdi í Hadda að ég held alla tökudaga þegar ég var kominn heim. Það er merkilegt að hann hafi nennt þessu og haldið andliti,“ segir Steindi og hlær að sjálfum sér.

„Haddi er góður leikstjóri, hann fer í gegnum hlutina. Æfir vel fyrir tökurnar, fyrst í samlestri og svo á tökustað. Hann fyllir meira að segja efins mann eins og mig sjálfsöryggi.

**ÉG ER MEÐ REGLU NÚNA SEM MÉR FINNST AÐ ALLIR Í MÍNUM BRANSA ÆTTU AÐ HAFA. ÉG TEK VINNUNA EKKI MEÐ MÉR HEIM. ÉG LABBA ALDREI INN Á HEIMILIÐ Í SÍMANUM. ÉG KLÁRA ÞAÐ SEM ÉG ÞARF AÐ RÆÐA ÚTI Í BÍL. SVO GENG ÉG INN OG HEF ATHYGLINA Á FJÖLSKYLDUNNI.**

Hann fullvissaði mig í hverju símtali um að ég væri að gera rétt. Það er hans helsti kostur. En svo sagði hann mér seinna að hann sjálfur hefði verið meira og minna hræddur allt ferlið um sín störf. Svona erum við öll sem störfum í þessum bransa. Við erum hrædd. Það er vel hægt að skilja. Ef þú setur fram eitthvað sem þér þykir vænt um þá ertu ekki rólegur yfir því eða kærulaus.

Ég held að ef þú ert óttalaus ættir þú kannski að snúa þér að einhverju öðru. Þú þarft að vera þjáður í því sem þú ert að gera. Annars er enginn drifkraftur og þú spyrð þig ekki mikilvægra spurninga,“ segir Steindi.

### Með tuttugu „sálfræðinga“

Steindi leikur ungan mann sem lendir í forræðisdeilu eftir að kærasta hans og barnsmóðir kemur að honum að horfa á kynlífsmyndband. Hann missir tökin og flytur heim til foreldra sinna sem standa í nágrannaerjum vegna trés í garðinum. Foreldrana leika þau Sigurður Sigurjónsson og Edda Björgvinsdóttir. „Undir niðri er mikill harmur sem ekkert er rætt um. Fólk er ekki á staðnum og allra síst Atli sem ég leik. Það að ræða ekki málin og takast ekki á við þau er alltaf til ills. Atli missir algjörlega þráðinn, hann verður fjarrænn og það springur allt í háaloft. Hjá honum og líka í kringum hann. Hann verður þessi lúser sem stendur í forræðisdeilu. Ég er allt öðruvísi gerður. Ég held að ég tali nærri því allan sólarhringinn,“ segir hann og glottir. „Ég er mjög opinn og ræði allt. Og svo finnst mér ég eiga svo góða vini og vinkonur að, eins og ég sé með svona tuttugu sálfræðinga í kringum mig,“ segir Steindi sem samt fann fyrir því að verða svolítið fjarrænn og þungur í æfingum og tökuferlinu fyrir myndina.

### Saknaði dótturinnar

Steindi er í sambúð með Sigrúnu Sigurðardóttur og eiga þau eina dóttur, Ronju Nótt, sem nú er þriggja ára. „Ég sá dóttur mína lítið í æfingaferlinu og tökunum. Hún var sofandi þegar ég fór út á morgnana og ég kom ekki aftur fyrr en hún var farin í háttinn. Ég var miður mín og saknaði hennar, þetta lagðist þungt á mig. Hún var svo lítil, bara tveggja ára, og á þessum tíma í lífi barna gerist svo margt. Mér fannst ég bara missa ansi stóran hluta úr lífi hennar. Kærastan mín sagði mér á einum tímapunkti að ég væri bara korter í alvarlegt þunglyndi. Það er vont að koma sér í svona stöðu. Ég var feginn þegar ég losnaði úr henni og gat farið að sinna dóttur minni aftur. Ég reyni svo að láta þetta ekki gerast aftur. Þetta er það sem skiptir máli. Við erum miklir vinir, ég og Ronja Nótt. Ég er með reglu núna sem mér finnst að allir í mínum bransa ættu að hafa. Ég tek vinnuna ekki með mér heim. Ég labba aldrei inn á heimilið í símanum. Ég klára það sem ég þarf að ræða úti í bíl. Svo geng ég inn og hef athyglina á fjölskyldunni.“

### Og svo fer bara allt í bull

Steindi á sjálfur gott bakland. Foreldrar hans eru Sigríður Edda Valgeirsdóttir og Steinþór Steinþórsson. „Ég er mikill mömmu- og pabbastrákur. Þau voru mætt allra fyrst á frumsýninguna og hreinlega

Okkar sérsvið er háræðaslitsmeðferðir !
Við vorum að flytja í nýtt og enn glæsilegra húsnæði í Hlíðasmára 9 í Kópavogi.
Opnum á ný mánudag 11. september










Snyrtistofan Hafblik
Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# HEILSUDAGAR

## 7.–17. SEPTEMBER

**FISHERMAN** „BORÐUM MEIRI FISK“




**Fiskréttir Fisherman eru einfaldir og handhæg samsetning sem gerir þig að listakokki.**
**Hollur matur fyrir kröfuharða tilbúinn á innan við 10 mínútum.**



**Sósur sem fullkomna hvaða fiskmáltíð sem er.**



**Gæðasíld frábær viðbót á veisluborðið.**




NOCCO 24 STK Í KASSA
5.500 kr/ks
verð áður 7.176

**NOCCO BCAA DRYKKIR**
BCAA + koffín er skothellt kombó.

pukka

351 kr/stk
verð áður 439

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**PUKKA TE**
Lífrænar gæða jurtir í hverjum poka.

TILBOÐ 40% afsláttur á kassa



**BETTER YOU**
Sænsk hágæða fæðubótarefni.



349 kr/stk

**RXBAR**
3 eggjahvítur, 6 möndlur, 4 kasjúhnetur,
2 döðlur og ekkert kjaftæði!

VEGAN

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa




224 kr/stk
verð áður 299

**BEANFIELD SNAKK**
Hrikalega góðar bauna- og hrísflögur.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




239 kr/stk
verð áður 299

**BAI**
Fullur af andoxunarefnum og vítamínum.

Gildir til 17. september á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Myndir af setti








MYNDIR/BRYNJAR SNÆR

titruðu af stolti. Ég á gott bakland og veit hvað þetta skiptir miklu máli. Ég held að hlutirnir fari síður úr skorðum ef það er traust í fjölskyldunni. Það er fólk í kringum mig sem hefur staðið í erfiðum forræðisdeilum. Vinir mínir og gott fólk sem missir tökin. Það slettist eitthvað upp á og svo missir fólk tökin með glötuðum afleiðingum. Svo réttist þetta af á endanum. Þetta er algengt. Og deilur af alls kyns tagi, þar sem fólk nær hreinlega ekki almennilega tengslum. Það er haldið einhverjum doða og vanlíðan, veit ekki almennilega hvernig það á að ræða hlutina, sækir sér ef til vill ekki hjálp og svo fer bara allt í bull.“

**Með hetjunum sínum**

Það má segja að leikarar myndarinnar séu góður hluti landsliðsins í gríni. Steindi lærði mikið í ferlinu.

„Þetta eru hetjurnar mínar og mér fannst ég vera með landsliðinu. Ég leit oft í kringum mig á setti og varð bara agalega stoltur en líka setti ég pressu á mig og hugsaði: Vá, það er bara núna eða ekki með mig. Þau búa yfir mikilli reynslu og það sem ég tek með mér í næsta verkefni er að skilja tilfinningarnar eftir á setti. Þau ráða svo vel við ferlið. Ég lærði að grufla í hlutum, opna gömul sár til að opna á tilfinningar. En ég tók það stundum með mér heim,“ segir hann.

„Ég kýs að kalla Eddu queen of grín og ég dáðist að Sigga í ferlinu, hann er svo agaður. Þetta er tækni og skilningur, flæði sem mér fannst ómetanlegt að komast í tæri við. Ég hef verið upptekinn af þessum hetjum mínum frá því ég var barn. Frá því ég var átta ára gamall voru tvær myndir oftast í tækinu, Stella í orlofi sem þau leika bæði í, Siggi og Edda, og Beetlejuice. Ég kann Stellu í orlofi nánast utan að. Ég er alinn upp við þeirra gamanleik en ég hef auðvitað ætlað mér að starfa við þetta frá því ég var barn,“ segir Steindi en eins og margir þekkja varð hann fyrst þekktur ungur af YouTube myndböndum sem rifu í hláturtaugarnar.

**Íbúfenkúrinn!**

Undirbúningur fyrir kynlífssenu í myndinni var ekki áreynslulaus. Steindi þurfti að létta sig töluvert fyrir gerð myndbandsins og notaði heldur óhefðbundna aðferð sem hann mælir ekki með. Fyrir nokkurn mann!

„Sú sena á að gerast nokkrum árum áður. Ég fékk mánuð til þess að taka upp þau skot. Ég reyndi að missa eins mikið og ég gat á skömmum tíma. Ég var of upptekinn til að fara í ræktina þannig að ég át bara hádegismat og svo tók ég bara verkjalyf þegar ég var svangur. Þetta er hrikalega óhollt og ég mæli ekki með þessu. Við kölluðum þetta íbúfenkúrinn. Þetta er fjörutíu sekúndna sena og ég rétt svo sést í speglaskoti. Ég grínaðist í Hadda vegna þess, hvort það mætti ekki sjást aðeins meira í mig eftir alla þessa fyrirhöfn. En glöggir áhorfendur munu sjá muninn.“

Steindi á það greinilega til að leggja svona hart að sér. Í sumar hljóp hann hálfmaraþon án þess að hafa reimað á sig hlaupaskóna að ráði.

**Ævistarfið**

Steindi tók einnig að sér aukahlutverk í heimildarmyndinni Out of Thin Air á síðasta ári, sem fjallar um Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Myndin fór í sýningar á Netflix í sumar.

Gamni og gríni getur hann ekki hugsað sér að sleppa. Þar liggur rauði þráðurinn. En hann getur hugsað sér að taka að sér fleiri hlutverk utan gamanleiksins og segist

> ÉG ÁT BARA HÁDEGISMAT OG SVO TÓK ÉG BARA VERKJALYF ÞEGAR ÉG VAR SVANGUR. ÞETTA ER HRIKALEGA ÓHOLLT OG ÉG MÆLI EKKI MEÐ ÞESSU. VIÐ KÖLLUÐUM ÞETTA ÍBÚFENKÚRINN.

vera kominn með sjálfstraust til að hlýða meira á eigin rödd. Hann er hættur að láta aðra segja sér hvað hann er.

„Það hefur verið erfitt fyrir mig að fá viðurkenningu á því hreinlega að ég sé listamaður. Leikari. Þrátt fyrir að það sé ævistarfið. Þetta starf valdi mig, allt sem ég geri frá því ég er lítill drengur snýst um þessa ástríðu, að leika, skrifa, framleiða. En þrátt fyrir það þá hafa aðrir stundum viljað segja mér að þetta sé ég ekki. Af því að ég er ólærður. Eitt sinn fór ég í blaðaviðtal og blaðamaðurinn neitaði að titla mig leikara af því að ég er ekki lærður. Hann stakk upp á orðinu skemmtikraftur. Ég vil vera tekinn alvarlega. Ég man að Jón Gnarr talaði um svipaða baráttu fyrir viðurkenningu. Mér fannst gott að vita af hans baráttu. En sjálfstraustið er komið núna. Ég læt engan segja mér hvað ég er. Ég fór erfiðari leiðina. En ég fór hana,“ segir hann.

„En ég er samt auðmjúkur. Ég hugsa vel um það sem ég er að gera. Ég hlusta á aðra og læri. En sem betur fer þá er ég sterkari, ég er hættur að leita eftir gagnrýni og hlusta betur á mína eigin rödd. Áður las ég öll komment, við YouTube myndbönd og hvað sem er. Ef ég sá eitt neikvætt komment vildi ég hitta þá manneskju og sannfæra hana um mitt eigið ágæti. Ég vildi hafa alla góða. Einhver tólf ára strákur úti í bæ hélt mér í einhverri angist, það er bara ógeðslega fyndið. En kannski er ég ekki ekkert laus við þetta. Kannski mun ég skoða kommentin undir þessu viðtali og engjast yfir þeim.“

LYFJA
– Lifið heil

# Heilsutjútt

## 6.–17. september

Eftirtaldar vörur og margar fleiri á frábæru tilboði í Lyfju.
Nýttu tækifærið og settu heilsuna í fyrsta sæti fyrir veturinn.

**Allt að 30% AFSLÁTTUR af heilsuvörum**






**25% afsláttur**

### Solaray

Heilsaðu hamingjunni og finndu þinn sólargeisla frá Solaray.
**Afsláttur af allri línunni.**

**Verð nú: 4.941 kr.** | **10% afsláttur**
*Verð áður: 5.490 kr.*




**FRÁBÆRT VERÐ!**

### HCF

Hágæða vítamín og amínósýrur í réttum hlutföllum sem geta aukið framtakssemi, einbeitingu og andlegt úthald og bætt skap.

**Verð nú: 2.398 kr.** | **20% afsláttur**
*Verð áður: 2.998 kr.*




### Probi Mage *LP299V mjólkursýrugerlar*

Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð, nú loksins á Íslandi! Finndu muninn með Probi Mage LP299V.




**20% afsláttur**

### Optibac **Betri melting**

Margar klínískar rannsóknir hafa verið gerðar á Optibac góðgerlum sem staðfesta einstaka virkni þeirra. **Afsláttur af allri línunni.**

**25% afsláttur**




### Terranova

Úrvalið af verðlaunabætiefnum Terranova er í Lyfju. 100% hrein með hámarksvirkni. Vegan. **Afsláttur af allri línunni.**

**Verð nú: 4.297 kr.** | **30% afsláttur**
*Verð áður: 6.138 kr.*




### SuperBeets

SuperBeets rauðrófukristallar.
Ofurfæða fyrir blóðrásina. Blandist í vatn.
Bragðgott og hressandi.

**Verð nú: 763 kr.** | **15% afsláttur**
*Verð áður: 898 kr.*




### Nuun Active og Nuun Boost

Bragðgóðar freyðitöflur með söltum og steinefnum. **Nuun Boost** inniheldur einnig koffín úr grænu tei. Betra vökvajafnvægi og meiri orka í íþróttum og daglegu lífi.




### Heilsutjútt

Skoðaðu fjölda tilboða á heilsuvörum í bæklingi Lyfju eða í netverslun á lyfja.is

Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi
Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi
Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal
Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi
Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki
Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði
Reyðarfirði
Höfn
Laugarási
Selfossi
Grindavík
Keflavík

**Netverslun – lyfja.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 85769 09/17

# Nostalgían og tæknin

Eftir því sem tækninni fleygir hraðar fram virðist fólk hafa aukna þörf fyrir að dvelja í fortíðinni. Nostalgía er áberandi nú um mundir í straumum og stefnum í tísku, hönnun og listum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Guðný Hrönn Antonsdóttir
gudnyhronn@365.is


Frjálslegur andi sjöunda áratugar. Hér sitja fyrir þau Keith Richards og Anita Pallenberg. NORDICPHOTOS/GETTY

## Viljum það besta strax

Daníel Freyr Atlason hjá Döðlum



Samfélagið hefur breyst mjög mikið á síðasta áratug vegna tækniframfara. Við eltum tæknina og breytingar á netnotkun og fleira veldur því að við viljum fá allt eins og skot. Við viljum það besta, strax. Samkeppnisumhverfi fyrirtækja hefur breyst. Fyrirtæki keppa ekki í sömu grein. Coca-Cola keppir ekki lengur bara við Pepsi, heldur ótal aðra hluti sem hafa á sér skemmtilega ímynd. Ímynd og hugmyndir skipta miklu meira máli en áður. Til þess að keppa við önnur fyrirtæki þarf hugmyndavinnan að vera góð því neytandinn er orðinn afar fær í að leita uppi það sem hann vill. Kröfurnar hafa aukist mjög mikið en á sama tíma er auðveldara að koma sér á framfæri ef þú býrð yfir hugmyndaauðgi. Þú getur verið viss um að fólk finni þig ef þú ert að gera skemmtilega hluti.“

Daníel segir að á meðan tæknin rjúki áfram hafi fólk vissa þörf fyrir jafnvægi. „Allt er leyfilegt í dag. Það er í okkar eðli að við þurfum ákveðið jafnvægi. Þegar tæknin rýkur fram þá bökkum við með annað, eins og til dæmis tísku. Þegar allir eru komnir með allt sem þarf í símann sinn þá fær fólk kannski þörf fyrir nostalgíu með aðra hluti.

Mér finnst lítið nýtt í gangi, við erum að endurvinna hlutina. En frumleikinn er í endurvinnslu hugmynda. Fólk spyr mig oft af hverju ég klæði mig eins og ég sé tvítugur. Ég segist vera búinn að vera svona klæddur í 20 ár og sé enga ástæðu til að breyta því þó að ungt fólk klæði sig svipað í dag,“ segir hann og brosir út í annað. „Streetwear í dag er bara útvíkkuð pæling frá síðustu aldamótum. Fólk er í jogging-buxum með Gucci-belti, þó að það sé teygja í buxunum! En ég gæti mín nú samt á því að dæma ekki. Það getur verið svo mikil hugmyndaauðgi í því hvernig við endurnýtum og vinsum úr eldri hugmyndum. Fólk á bara að hafa hlutina eins og það nákvæmlega vill,“segir Daníel.

Hann segist hafa þörf fyrir að skrúfa fyrir samfélagsmiðla og fréttaveitur. „Ég fer lítið á Vísi og mbl.is og alls ekki inn á Facebook. Ég er kominn með nóg af því að hlusta á skoðanir fólks. Ég fer mest á Instagram og ég vil stýra því svolítið hvað ég sé og hef í kringum mig. Ég held að sífellt fleiri finni þessa þörf hjá sér. Að skrúfa niður í hávaðanum ef svo mætti taka til orða,“ segir Daníel og segir kröfu fólks um gæði og innihald í auknum mæli að færast á samfélagsmiðla og fjölmiðla eins og annað.


Djörf samsetning úr haust- og vetrarlínu Gucci. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hönnuðir í nostalgíu

Edda Gunnlaugsdóttir, aðstoðarritstjóri Glamour



Edda segir eins og Daníel að í dag sé allt leyfilegt. Það sé vel greinanlegt í hausttískunni í ár. „Sá stíll sem mér finnst hvað mest áberandi er sá persónulegi, og þú átt eiginlega að gera hausttískuna að þinni. Það eru engar reglur lengur, tískan er til að hafa gaman af. Blandaðu öllu saman ef þú vilt,“ segir Edda.

Og afturhvarfið og nostalgían er áberandi. „Það er mikil nostalgía í tískuheiminum um þessar mundir og eru hönnuðir mikið að fara til baka. Marc Jacobs sótti innblástur í hip-hop senu tíunda áratugarins en Alessandro Michele hjá Gucci fór aðeins lengra aftur í tímann. Sjöundi áratugurinn kom fram í mörgum myndum fyrir veturinn, þar sem hönnuðir sóttu innblástur bæði í tískufyrirmyndir og tónlistarsenu þess tíma, eins og Keith Richards, Jane Birkin og Twiggy. Þessi vísun kom sterkt fram hjá Alessandro Michele hjá Gucci, Prada og Chloé. Stuttir kjólar, útvíðar buxur og frjálslegt yfirbragð,“ segir Edda sem segir að þó að allt sé leyfilegt séu vissir straumar sterkari í litum, efni og áferð. „Köflótt er mjög áberandi í vetur, sem mér finnst mjög skemmtilegt. Dragtin kemur líka mjög sterk inn, og myndi ég fá mér þannig í gráum eða jafnvel vínrauðum lit. Leðrið er svo oft áberandi á haustin og það verður engin undantekning á því núna.

Rauður er aðalliturinn um þessar mundir, algjörlega frá toppi til táar. Vínrauður, skærrauður og jafnvel út í bleikt, og flott að blanda því öllu saman. Þótt haustið sé komið þá eiga þessir litir vel við, og gott er að hvíla svarta litinn aðeins.

Ég myndi segja að formið væri bæði kvenlegt og frjálslegt. Mittisbelti, bæði yfir kápur og á víðum buxum sem ýtir undir kvenlegar línur, hins vegar eru jakkar og kápur höfð í yfirstærð, þannig að það er gott jafnvægi þar á milli.“




Rauður frá toppi til táar. (Max Mara). Mittisbelti og kvenlegar línur. (Louis Vuitton). Köflótt dragt. (Stella McCartney)

Sjálfboðaliðar á öllum aldri óskast
Viltu koma í hóp skemmtilegra sjálfboðaliða hjá Fjölskylduhjálp Íslands í Reykjavík og gefa af þér nokkra tíma í viku?
Endilega gefðu þig fram á staðnum eða í síma 892-9603.
Fjölskylduhjálp Íslands
Iðufelli 14, Reykjavík

# Yfirvofandi vá og aukin meðvitund

Steinunn Önnudóttir, listamaður og rekstrarstjóri Harbinger

Steinunn segir margar ólíkar stefnur eða þemu bera hæst í heimi myndlistar. „Sem dæmi má nefna meðvitund um umhverfismál og myndlist sem tengist slíkum rannsóknum, þar eru það upplýsingar, fróðleikur og yfirvofandi vá sem er drifkrafturinn. Einnig er að finna eins konar afturhvarf til upprunans, t.d. með því að vinna efni til listsköpunar frá grunni, svo sem að vinna liti eða litarefni úr náttúruafurðum og gera tilraunir með náttúruleir, þetta er angi af sömu meðvitund, en fæst meira við efnin sjálf, listamaðurinn afþakkar það að vera neytandi sem þiggur stöðluð efni til listsköpunar og kýs að vera sjálfbær,“ segir Steinunn sem segir einnig áberandi að myndlistin reyni að finna sér vettvang á netinu. „Myndlistin reynir að feta sig áfram í netheimum. Dæmi um það sem tengist innlendu senunni má sjá t.d. í netgalleríinu Cosmoscarl.co.uk, netsýningu Fritz Hendriks Björnssonar Witch Window https://www.fritzhendrik.com/witchwindow og netgalleríinu artclickdaily.info.“

Nostalgían loðir við myndlistina eins og allt annað. „Það er töluverð nostalgía í gangi í dag, og hefur verið lengi. Undanfarin ár hefur nostalgía í Dada-tímabilið og þá listamenn sem helst voru áberandi í þeirri stefnu, svo sem Marcel Duchamp, verið áberandi, en Dada varð einmitt 100 ára í upphafi síðasta árs. Einnig má sjá vísanir hjá listamönnum í eldri listamenn í málverkinu, en þær eru gjarnan á persónulegum forsendum og spanna alla síðustu öld. Á Íslandi hefur konsept-list sterk ítök og einnig má sjá spor flúxus-listar í verkum margra ungra listamanna, en hvort hægt er að kalla það nostalgíu eða afturhvarf, eða hvort það er einfaldlega eitthvað sem aldrei var á undanhaldi á ég erfitt með að segja til um,“ segir Steinunn.


Dada-tímabilið og listamenn á borð við Marcel Duchamp hafa verið áberandi. NORDICPHOTOS/GETTY

> Á ÍSLANDI HEFUR KONSEPT-LIST STERK ÍTÖK OG EINNIG MÁ SJÁ SPOR FLÚXUS-LISTAR Í VERKUM MARGRA UNGRA LISTAMANNA.

# Ljúfsár „sixtís“-þrá

Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður



Um þessar mundir gætir ljúfsárrar „sixtís“-þrár,“ segir Jakob Frímann um nostalgíuna sem fólk virðist sækja sér innblástur í um þessar mundir. „Þegar hippisminn – stærsta menningarbylting síðari tíma – var í algleymingi streymdi tónlistin fram beint úr sálarlútum alvarlegra tónlistarmanna og að hjartarótum fólksins, sem í fásinni þess tíma glímdi ekki við athyglisbrest af völdum farsíma, samfélagsmiðla og áreitis úr öllum áttum, heldur þvert á móti sökkti það sér í hyldýpi pælinga og stórkostlegrar tónlistar þessa ótrúlega tíðaranda ástar, friðar og misskilnings.“ Honum finnst annars fjölbreytnin ráða í tónlistarsenunni, þótt rímið sé áberandi. „Forðum voru það hrímþursar en í dag eru það „rím“-þursar sem eiga leikinn hérlendis og þar fer fremstur laufléttur, eldhress og hipp-hoppandi Master of Ceremonies, norðanþeyrinn frá Gautlandi: MC Gauti Þeyr Másson frá Akureyri. Annars er það fjölþættingin sem einkum einkennir núið.“


# Sölu-sýning

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

## Í dag, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.

Þar gefst tækifæri til að skoða það nýjasta sem við bjóðum. Meðal annars nýtt þvottakerfi sem kallast **sensoFresh** frá Siemens. Með hjálp sensoFresh-kerfisins og „active oxygen"-tækninnar má fjarlægja lykt á skömmum tíma. Án þess að þvo með vatni og sápu. Gildir jafnvel um viðkvæman fatnað sem þolir ekki að fara í þvottavél.

Svo má nefna Siemens og Bosch uppþvottavélarnar okkar með Zeolith®-þurrkuninni sem þvo og þurrka einstaklega vel og fá ítrekað hæstu einkunn í prófunum í Skandinavíu.

**Fjöldi tilboða í tilefni dagsins**.

Veittur verður afsláttur af öllum vörum sem ekki eru nú þegar á Tækifærisverði.
Komið og njótið dagsins með okkur!




SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# Blygðunarlaus metnaður

**Sif Sigmarsdóttir** gaf út vísindaskáldsöguna Traitor í Bretlandi í vikunni. Bókina skrifaði hún á ensku en að fá samning hjá breskum útgefanda segir hún jafn erfitt og að nálgast drottninguna. Ferlið var ekki áreynslulaust.



Sif Sigmarsdóttir segist vera fréttafíkill. Ófáir íslenskir stjórnmálamenn hafa birst í dulargervi í bókum hennar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Ég vildi óska að ég gæti sagt að ég sæti á kaffihúsi í Bloomsbury með kaffibolla í greipunum, ilminn af föllnu laufi í nösunum og innblástur í æðunum. Það er hins vegar ekki svo gott. Ég sit við eldhúsborðið, enn í náttfötunum þótt komið sé hádegi. Mjólk súrnar í morgunverðarskálum allt í kringum mig og frammi á gangi blasir við óhreint tau sem flæðir upp úr þvottakörfunni – eða þvottakörfunum – ég á fjórar því stundum leysi ég vandann sem skítug föt eru með því að kaupa nýja þvottakörfu,“ segir Sif Sigmarsdóttir rithöfundur um rithöfundalífið í London. Í vikunni kom út bók hennar, I am Traitor, í Bretlandi gefin út af einum stærsta forlagi Breta, Hodder. Sif er þekktur rithöfundur á Íslandi og einnig beittur og gagnrýninn pistlahöfundur og skrifar reglulega í helgarblað Fréttablaðsins. Í dag bregður Sif reyndar út af vananum í pistli sínum og beinir augum sínum að því fallega í tilverunni.

„Það helsta sem er fram undan á verkefnalistanum hjá mér – fyrir utan að taka til augljóslega – er að skrifa heila bók sem á helst að vera tilbúin í gær. Ég óttast því að ég muni þurfa að kaupa nýja þvottakörfu,“ segir Sif, sem skrifar framhald bókarinnar sem kom út í vikunni.

## Gráðugar gribbur

*En hvernig kom það til að henni tókst að koma út bók á breskum markaði. Sem hún skrifaði á ensku?* „Af blygðunarlausum metnaði,“ svarar hún og leiðir hugann að Sheryl Sandberg, einum æðsta stjórnenda Facebook.

„Það má segja að hún hafi orðið hálfgerður andlegur leiðtogi þeirra sem vilja veg kvenna sem mestan eftir að hún skrifaði bókina Lean In um hvernig konur eiga að fara að því að brjótast gegnum hið margumtalaða glerþak. Í viðtalinu talaði hún um að strákum væri sagt frá blautu barnsbeini að þeir ættu að leiða, vera duglegir, framtakssamir og stefna hátt. Stúlkum væri hins vegar tamið hið andstæða, þeim væri sagt að leiða ekki heldur sýna hógværð, halda sig á mottunni. Sandberg hvatti til þess að við færum að senda stelpum sömu skilaboð og strákum. Við ættum að segja þeim að þær megi alveg líka vera leiðtogar.

Ég var dálítið hugsi eftir þetta viðtal. Ég fór að velta fyrir mér hvort þetta ætti ekki við um fleiri hluti. Eins og til dæmis metnað. Karlmenn sem eru metnaðarfullir þykja flottir. Konur sem eru metnaðarfullar þykja gráðugar gribbur,“ segir Sif og nefnir að hefði hún verið spurð sömu spurningar fyrir viku þá hefði hún kallað fram hógværan roða í kinnum.

## Með kjafti og klóm

„Ég hefði bandað kæruleysislega með hendinni og sagt eitthvað eins og: „Æ, þetta kom nú bara til af tilviljun, ég fann penna í veskinu mínu þar sem ég sat á kaffihúsi, páraði eitthvað niður á servíettu og svo gekk útgefandi framhjá fyrir tilviljun.“

Staðreyndin er hins vegar sú að þetta kom til af því að innst inni, þótt ég – eins og margar konur – keppist við að fela það, er ég gráðug gribba. Þetta kom til af því að ég hef brennandi áhuga á að skrifa, ég hef metnað til að gera það vel, mig langaði til að geta skrifað almennilega á ensku og mig langaði til að njóta velgengni sem rithöfundur. Ferlið var ekki áreynslulaust. Það voru tár – fötur af tárum – blóðþrútin augu, skapofsaköst, sleikjuskapur (sem kallast á fagmáli networking), andvökunætur og kaffi – mikið, mikið kaffi.

Ég á eflaust eftir að sjá eftir að svara þessari spurningu af hreinskilni þegar fólk les þetta og hugsar: „Oj, hvaða klikkaða trunta er þetta?“ En ef ein stelpa les þetta og hugsar: „Já, það er allt í lagi að berjast með kjafti og klóm fyrir því sem mig langar til að áorka,“ þá er það þess virði.“

## Hugmyndin kviknaði í Sarajevó

Bók Sifjar, Traitor, fjallar um baráttuþrek mannsandans og er vísindaskáldsaga fyrir unglinga og alla þá sem hafa áhuga á vísindaskáldskap.

„Aðalsöguhetja bókarinnar er unglingsstelpa sem heitir Amy og býr í London. Hún er ósköp venjuleg stelpa, hangir á Facebook, glápir á YouTube og fer í partí með vinum sínum. Þegar geimverur mæta til jarðar og taka að nema á brott unga fólkið sogast hún inn í óvænta atburðarás. Til að bjarga mannkyninu þarf hún að svíkja þá sem treysta henni og treysta þeim sem eru að reyna að drepa hana.“

Hugmyndin kviknaði á óvanalegan hátt. Í heimsókn í Sarajevó árið 2007 og einlægu tali leiðsögumanns í borginni um stríðsárin.

„Við maðurinn minn skráðum okkur í hópskoðunarferð um borgina með leiðsögumanni. Þetta var tíu árum eftir að umsátrinu um Sarajevó lauk. Sárin voru langt frá því að vera gróin. Borgin hafði þurft að þola lengstu herkví í sögu nútímahernaðar. Víða mátti sjá á götum það sem virtist við fyrstu sýn rauðir blóðpollar – þetta voru svokallaðar Sarajevó rósir, sprengjuskemmdir í malbikinu í laginu eins og rósir sem íbúar borgarinnar fylltu með rauðri trjákvoðu til minningar um þá sem létust.

Eftir skoðunarferðina settumst við niður á kaffihúsi með leiðsögumanninum sem var jafnaldri okkar og hann fór að segja okkur frá lífinu sem unglingur í Sarajevó á tímum umsátursins. Ég hafði alltaf ímyndað mér að í stríðshrjáðum löndum lokaði fólk sig af í húsum sínum, hætti að lifa lífinu og biði eftir að hryllingurinn gengi yfir.

En þvert á móti. Af ótrúlegu æðruleysi kepptist fólk við að viðhalda daglegu lífi. Það fór til vinnu þótt ferðalagið gæti kostað það lífið, reynt var að halda uppi skólastarfi í rústum bygginga – og það sem mér fannst merkilegast: unglingar lögðu sig í lífshættu til að fara í partí á kvöldin. Mér fannst þessi staðfesta mannsins til að ríghalda í hversdagsleikann við slíkar aðstæður ótrúlega heillandi. Og úr varð bók.“




**Bók Sifjar kom út í vikunni. Sif segir breska útgefendur jafn aðgengilega og drottningin.**

## Rithöfundar eru þjófar

Sif segist fréttafíkill og fær mikið af hugmyndum úr dagblöðum og fréttatímum. Þá hafa ófáir íslenskir stjórnmálamenn birst í dulargervi í bókum hennar. Einnig þurfa vinir og vandamenn að vara sig. „Rithöfundar eru þjófar. Inni á skrifstofunni minni hangir skilti sem á stendur: „Careful or you'll end up in my novel“ – eða: „Gættu þín eða þú gætir endað í skáldsögunni minni.“ Maður stelur útlitseinkenni hér, frásögn þar.“

Bókabransinn í Bretlandi er gjörólíkur bransanum hér heima að sögn Sifjar og nefnir hún þá helst að breskir útgefendur séu álíka aðgengilegir og sjálf drottningin. „Þeir forðast óbreytta rithöfunda eins og heitan eldinn og þeir líta ekki við bókahandritum nema þau berist þeim gegnum umboðsmenn. Fyrsta skrefið fyrir þá sem vilja gerast rithöfundar í Bretlandi er því að skrifa bók, annað skrefið er að verða sér úti um umboðsmann. Umboðsmaðurinn sér svo um að fara með handritið til útgefenda og selja þeim það.“

## Palli einn í heiminum

Þá er allt stærra í sniðum í Bretlandi og þar af leiðandi ganga hlutirnir líka hægar fyrir sig. „Ár er síðan ég skilaði af mér handritinu að bókinni minni sem var að koma út. Ég gerði tveggja bóka samning við Hodder sem er einn stærsti útgefandinn í Bretlandi og um daginn var ég krafin um titil fyrir næstu bók svo hægt væri að hefja kápuhönnun. Og ég er varla byrjuð á bókinni. Ég elska hvað Bretar eru skipulagðir. En stundum sakna ég „þetta reddast“-viðhorfs okkar Íslendinga.“

*Hér í bókabransanum þekkja náttúrulega allir alla og svona, fyrir utanaðkomandi er rithöfundasamfélagið svolítið eins og klúbbur sérviturra fuglaáhugamanna. Er frelsandi að vera úti?* „Ó, vá, þú segir mér fréttir. Ég hélt að það væri viðurkennd skoðun að rithöfundar væru klúbbur munúðarfullra og einkar þýðra félagsljóna!

Ég myndi ekki segja að það sé beint frelsandi. Ég sakna stundum íslenska klúbbsins. Að stíga út fyrir þægindarammann er oft eins og að breytast á augabragði í Palla sem var einn í heiminum. Þótt ég hafi oft staðið í því að gefa út bók líður mér eins og ég sé að gera það í fyrsta sinn því aðstæður eru allt aðrar.

En þótt það sé ógnvænlegt að fara út fyrir þægindasviðið er það líka brjálæðislega spennandi. Ég er alveg í smá adrenalín-vímu akkúrat núna,“ segir Sif.

## Um Sif



Þegar Sif var í tíunda bekk fóru samnemendur hennar flestir í starfskynningu í Vífilfell sem gaf ókeypis kók. Sif heimsótti Morgunblaðið og vann þar seinna sem blaðamaður.

Sif gekk alltaf vel í skóla nema í leikfimi. Pabbi hennar borgaði henni tíu þúsund krónur fyrir að gera tuttugu armbeygjur á dag svo hún næði leikfimiprófi í MR.



Sif segist vera mjög gleymin. „Ég get lesið bók sem mér finnst skemmtileg aftur og aftur því þegar ég tek hana upp kannski ári eftir að ég kláraði hana er ég búin að steingleyma henni. Sama gildir um sjónvarpsþætti.“



Þegar hún var ung blundaði í henni draumur um að fá vinnu sem stórstjarna í söngleiknum Cats í London.



Sif segist einmitt syngja eins og mjálmandi köttur. „Þegar ég syng hljóma ég eins og mjálmandi köttur, alvöru köttur; svo skrækur köttur að ef hann væri lokaður ofan í boxi vildi meira að segja Schrödinger kvikindið kirfilega dautt.“



# **VIÐVÖRUN** TIL NEYTENDA!

## - vegna endurfjármögnunar fasteignalána -

**NEYTENDUR ERU HVATTIR TIL:**

*Að kynna sér vel skilmála um uppgreiðslugjöld*

*Að vera á varðbergi gagnvart skilyrðum um önnur viðskipti*

*Að gæta þess að frumrit eldri skuldabréfa fáist afhent*

*Að vera meðvitaðir um ókosti höfuðstólsverðtryggingar*

Að undanförnu hefur borið talsvert á fyrirspurnum frá neytendum í tengslum við endurfjármögnun fasteignalána enda hafa útlánsvextir flestra lánveitenda lækkað. Að mörgu er að hyggja í því sambandi og mikilvægt að neytendur séu meðvitaðir um réttindi sín ásamt þeim skyldum sem hvíla á lánveitendum.

**Hagsmunasamtök heimilanna hvetja lántakendur til ábyrgrar neytendahegðunar enda eru fasteignalán í flestum tilfellum einhverjar stærstu skuldbindingar venjulegs neytanda.** Upplýsingar um lánakjör eru jafnan aðgengilegar á vefsíðum lánveitenda ásamt reiknivélum. Hinir ýmsu kostnaðarliðir geta verið lagðir á með mismunandi hætti og því ekki alltaf hægt að bera saman lánstilboð á vaxtaprósentunni einni saman. Samkvæmt lögum um neytendalán á jafnframt að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað að teknu tilliti til allra kostnaðarliða vegna lántöku og hvaða áhrif breytingar á vöxtum eða öðrum þáttum hafa á þann kostnað. Þegar um verðtryggð lán er að ræða skal einnig taka mið af áhrifum verðbólgu við slíka útreikninga og upplýsa neytendur um þá hækkun sem hún veldur á höfuðstól og greiðslubyrði þegar líður á lánstímann. Lánveitanda ber jafnframt að útskýra alla samningsskilmála rækilega fyrir neytendum og áhrif þeirra, þar á meðal um skilyrði og heimildir til uppsagnar samnings og afleiðingar vanskila.

**Uppgreiðslugjöld**

Neytendum er ráðlagt að kanna vel hvort eldri eða ný lán hafi að geyma skilmála um uppgreiðslugjald áður en ráðist er í endurfjármögnun. Aðeins er heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds af lánum sem bera fasta vexti en óheimilt ef vextirnir eru breytilegir. Almennt er óheimilt að krefjast hærra uppgreiðslugjalds en sem nemur tjóni lánveitanda af uppgreiðslunni. Af lánum teknum eftir 1. nóvember 2013 er óheimilt að krefjast hærra uppgreiðslugjalds en 1% af fjárhæð endurgreiðslu ef meira en eitt ár er til loka lánstíma en annars 0,5%. Af fasteignalánum teknum eftir 1. apríl 2014 má uppgreiðslugjald ekki fara yfir 0,2% af endurgreiðslu fyrir hvert heilt ár sem eftir er af binditíma vaxta en þó aldrei meira en sem nemur kostnaði lánveitanda af uppgreiðslunni eða að hámarki 4% af endurgreiðslu. Þá er rétt að hafa í huga að ef ástæða fyrir uppgreiðslunni er gjaldfelling láns, svo sem vegna vanskila, er jafnan óheimilt að krefjast uppgreiðslugalds. Hagsmunasamtökum heimilanna hafa borist fyrirspurnir frá neytendum varðandi uppgreiðslugjöld þar sem slíkir skilmálar voru ekki kynntir sérstaklega fyrir neytendum við lántöku og ekkert upplýst um áhrif þeirra á umfang skuldbindinganna. Samkvæmt dómaframkvæmd Evrópuréttar getur upplýsingaskortur leitt til þess að staðlaðir skilmálar sem eru neytanda í óhag teljist vera óréttmætir en samtökunum er þó ekki kunnugt um að reynt hafi á slíkt fyrir íslenskum dómstólum.

**Skilyrði um önnur viðskipti**

Borist hafa ábendingar um að lánveitendur kunni að setja skilyrði fyrir endurfjármögnun eldri lána, svo sem að neytendur gangist undir samninga um ýmisskonar aðra og ótengda fjármálaþjónustu. Með nýlegum lögum um fasteignalán til neytenda var þó lagt bann við því að binda lánasamninga og lánstilboð slíkum skilyrðum. Er því rétt að vara neytendur við slíkum viðskiptaháttum en verði þeirra engu að síður vart er hægt að beina kvörtunum til Neytendastofu.

**Veðsetningarhlutföll**

Við nýja lántöku í tengslum við endurfjármögnun eldri veðlána getur skipt máli hversu hátt hlutfall nýrrar lánsfjárhæðar er af verðmæti fasteignarinnar. Samkvæmt nýlegum reglum um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda má það að hámarki nema 85% af markaðsverði eða 90% ef um er að ræða fyrstu kaup á fasteign. Sumir lánveitendur hafa strangari skilyrði um veðsetningarhlutföll, til dæmis að hámarki 60-75% eða þá að lánveiting umfram þau mörk sé með óhagstæðari vaxtakjörum. Er því rétt að neytendur kanni vel áður en þeir ráðast í endurfjármögnun hvaða áhrif slík skilyrði hafa við samanburð á vaxtakjörum.

**Frumrit eldri skuldabréfa**

Áður en gengið er frá endurfjármögnun er mikilvægt að fá að sjá frumrit þeirra skuldabréfa sem eldri lán byggjast á. Það er réttur þess sem greiðir upp skuldabréf að fá frumrit þess afhent enda kaupir hann það í raun og veru til baka með því að greiða upp skuldina, til dæmis með nýju lánsfé. Jafnframt er nauðsynlegt að frumriti sé framvísað svo hægt sé að aflýsa veðsetningu fasteignar samkvæmt veðskuldabréfi. Nokkuð hefur borið á því að frumrit liggi ekki fyrir þegar kemur að fullnustu eða uppgreiðslu lána og er því mikilvægt að neytendur gangi úr skugga um slíkt áður en nokkuð er gert sem kann að hrófla við þeim réttindum sem byggjast á frumriti veðskuldabréfs.

**Verðtrygging**

Loks vilja Hagsmunasamtök heimilanna vara við því að verðtryggð lán séu endurfjármögnuð til lengri tíma en eftir er af upphaflegum lánstíma. Slík framlenging á lánstíma eykur enn við söfnun verðbóta á höfuðstól og margfaldar endanlega greiðslubyrði. Hægt er að draga úr þessum áhrifum með því að gæta þess að nýtt lán sé ekki til lengri lánstíma en eftir er af eldra láninu. Einnig eru neytendur hvattir til að kynna sér eiginleika allra lánaforma sem í boði eru áður en tekin er ákvörðun um val á lánsformi til endurfjármögnunar. Auðvitað er það endanlegt markmið okkar að verðtrygging á lánum heimilanna eigi ekki að vera valkostur því á meðan lán heimilanna eru verðtryggð hafa ráðandi öfl á fjármálamarkaði ekki sama hag og við hin af því að halda verðbólgu í skefjun. Þannig virka alvöru hagkerfi eins og við viljum miða okkur við. Einnig má forðast þessa ókosti alfarið með óverðtryggðum lánum og eru neytendur því hvattir til að kynna sér eiginleika þeirra áður en tekin er ákvörðun um val á lánsformi til endurfjármögnunar.

**Hagsmunasamtök Heimilanna**

www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

**Samtökin eru óháð hagsmunasamtök sem hafa barist fyrir réttindum neytenda á fjármálamarkaði frá 2009**

*Nánari upplýsingar á vefsíðu Hagsmunasamtaka heimilanna www.heimilin.is og heimilin@heimilin.is.*



Af gögnum málsins mátti ráða að heimilisaðstæður á Illugastöðum væru vægast sagt ömurlegar og líklegt að þær væru á einhvern hátt tilefni voðaverkanna.




Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is


# Baráttukonan Agnes

**Hvað gerir manneskja sem getur ekki flúið kvalara sinn? Í réttarhöldum sem fara fram í dag á Hvammstanga verður réttað á ný í máli Agnesar Magnúsdóttur og Friðriks Sigurðssonar sem voru hálshöggvin árið 1830. Langvarandi ofbeldi var undirrótin, segir verjandi Agnesar.**

Hún hefur ekki notið sannmælis í sögunni," segir Guðrún Sesselja Arnardóttir, hæstaréttarlögmaður og verjandi Agnesar Magnúsdóttur sem réttað verður yfir í gjörningi Lögfræðingafélags Íslands á Hvammstanga seinnipartinn í dag.

Agnes var ásamt Friðriki Sigurðssyni hálshöggvin við Þrístapa í Vatnsdalshólum 12. janúar 1830, fyrir morð, brennu og þjófnað. Þetta voru síðustu aftökurnar á Íslandi.

**Fer ekki fram á sýknu**

„Ég fer ekki fram á sýknu," segir Guðrún Sesselja og vísar til þess að Agnes játaði brotin á sínum tíma. „Mín málsvörn mun byggjast á því að þær hafi sætt gríðarlegu heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi af hendi Natans," segir Guðrún og bætir við: „Ég vísa til dómafordæma um að það leiði til vægari refsingar þegar fólk hefur búið við langvarandi ofbeldi og nefni auðvitað líka þennan gríðarlega aðstöðumun sem þessar aumu vinnukonur, Agnes og Sigríður, búa við gagnvart þessu allt um lykjandi yfirvaldi."

Þótt ljóst sé af gögnum málsins að heimilisaðstæður á Illugastöðum hafi verið vægast sagt ömurlegar, voru engin grið gefin við ákvörðun refsingar og gjörningnum í dag er ætlað að leiða í ljós hvernig höndum nútímalöggjöf og -gildismat hefði farið um sakborningana.

**Væri grunaður kynferðisbrotamaður**

Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður og verjandi Friðriks, segir að í dag yrði Natan talinn kynferðisbrotamaður. Velta má fyrir sér aðdraganda voðaverkanna á Illugastöðum af lestri málsgagna og greina um atburðinn.

„Friðrik minn var hálfgerður kjáni og Sigríður greyið ekki nema 16 ára þegar morðin eru framin. Hún er aðeins 14 ára þegar foreldrar hennar senda hana í sveit til Natans," segir Gestur. „Sigríður var látin sofa upp í hjá Natan þegar hann vildi. Í dag væri enginn vafi á því að Natan er kynferðisbrotamaður."

Friðrik bað um hönd Sigríðar. Sigríður lætur á sér skilja að hún sé til í það en Natan muni ekki láta hana lausa."

Gestur telur mögulegt að Friðrik hafi litið á Natan sem ógn. Manninn sem heldur unnustu hans frá honum, neitar að láta hana lausa úr vistarbandi og misnotar hana.

„Í dómskjölunum hins vegar er öll áhersla lögð á að þetta hafi verið auðgunarbrot. Þau hafi ætlað að stela frá Natan."

**Vonbrigði Agnesar**

Gestur hefur fleiri kenningar um aðdragandann að voðaverkunum á Illugastöðum. „Það er enginn vandi að sjá fyrir sér að Agnes hafi upplifað að hún gæti aldrei öðlast þá stöðu sem hún sóttist eftir á meðan Natan lifði. Hún gat ekki farið úr vistinni án þess að hann samþykkti það. Hún gerði sér kannski vonir um að eitthvað yrði á milli þeirra þegar hún fór frá Geitaskarði. En hitti þar Sigríði fyrir. Hún áttar sig á því að Natan er hvorki að fara að kvænast henni né Sigríði," segir Gestur og bætir við: „Þannig að hafi hún haft drauma um það að öðlast frelsi og sjálfstæði í gegnum dvölina á Illugastöðum þá verða það örugglega mikil vonbrigði fyrir hana."

**Heimilisofbeldi undirrótin**

Guðrún Sesselja leggur meiri áherslu á að langvarandi ofbeldi gegn þeim Agnesi og Sigríði hafi verið undirrótin. Vísar Guðrún meðal annars til þeirra orða sem Agnes játaði að hafa haft yfir líki Natans.

En í dómsskjölum segir um það: „Agnes viðkannast að þá Nathan hafi verið dauður hafi hún sagt, að nú væri hann ekki að laspúvera sig til eður neitt af kvenfólki."

Agnes vísar til þess heimilisofbeldis og skamma sem þær Sigríður máttu stöðugt þola af hendi Natans.

**Reiðin breyttist í hatur**

Agnes hefur lengi verið Maríu Ellingsen leikkonu hugleikin. María lék titilhlutverk kvikmyndarinnar Agnes árið 1995. „Hún stendur uppi í hárinu á honum, reynir að flýja en þar sem vistarbönd eru í gildi á þessum tíma þá neyðist hún til að hunskast aftur heim. Hann niðurlægir hana enn frekar með því að láta hana sofa í útihúsunum. Þá er eins og henni hafi verið stillt upp við vegg. Hún hefur engan sér til varnar. Hvorki fjölskyldu né yfirvöld og tekur þá til sinna ráða. Reiðin breytist í hatur sem mallar lengi og endar með morði," segir María.

**Málsbætur að engu hafðar**

„Mér fannst ég vera að lesa sögu konu sem ætíð fannst hún vera úti í horni í öllum aðstæðum og aldrei njóta nauðsynlegrar og sjálfsagðrar viðurkenningar," segir Erla Bolladóttir, sem drakk í sig allt sem hún komst yfir um Agnesi á meðan hún sat í gæsluvarðhaldi á áttunda áratugnum vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála.

„Í heimildum um réttarhöldin var hvergi staf að finna sem skoðast hefði mátt sem málsbætur. Til dæmis upplýsingar um aðdragandann sem hefðu jafnvel orðið henni til náðunar. Yfirvöld og almenningur heimtuðu blóð hennar. Ekki lágu fyrir sannanir um morð að yfirlögðu ráði aðrar en játningar," segir Erla og bætir við: „Mér fannst við eiga það sameiginlegt að vera kúgaðar af hálfu þeirra sem að okkur stóðu. Natan birtist mér sem tákn um dómsmályfirvöld. Hann hélt henni í óumflýjanlegri stöðu þar til morð var framið og hún tekin af lífi fyrir. Rannsakendur héldu mér í örvæntingarfullri og óumflýjanlegri stöðu þar til meinsæri var framið og ég tekin af lífi fyrir."

**Hver var Agnes?**

Í grein sinni „Dauði Natans", sem gefin var út 100 árum eftir aftökurnar, heldur Guðbrandur Jónsson prófessor því fram að Agnes og Friðrik hafi verið „fáfróðir og illa upp aldir vesalingar, af þeim enda þjóðfélagsins, sem einskis á úrkostar". Guðbrandur rökstyður þessa einkunn ekki með öðru en þjóðfélagsstöðu þeirra Agnesar og Friðriks og fer með henni í rauninni gegn þeirri lýsingu á Agnesi sem gefin er í sjálfum málsgögnunum sem hann sjálfur lætur getið. Þar er haft eftir presti að hún sé „hafandi góðar gáfur velkunnandi og skiljandi sinn kristnidóm". Í fangaskýrslu sýslumannsins er hún kölluð „allvel uppalin".

„Vísurnar sem Agnes sendi Rósu eru einhverjar flottustu vísur sem ég hef séð," segir Gestur, aðspurður um persónu Agnesar og vísar til sendinga milli Skáld-Rósu og Agnesar, sem hafa öðru fremur verið taldar vísbending um ást þeirra beggja til Natans og afbrýðisemi hvorrar í annarrar garð. „Þetta er náttúrulega örugglega mjög sorglegt líf þar sem kona með svona mikla hæfileika og góða greind nær ekki að njóta þeirra í sínu lífi," segir Gestur og bendir á, eins og málsgögnin sýna, að hún var fluglæs, talin greind við fermingu og að auki þannig skrifandi að hún var að skrifa bréf fyrir aðra. „Það er enginn vafi á að hún væri í A-bekknum, hefði hún verið sett í getuskiptan skóla, ekki spurning," segir Gestur.

**Baráttukonan Agnes**

„Þegar ég var að undirbúa mig fyrir þetta hlutverk fann ég að hún var með einhvern ógnarsterkan baráttuvilja og stolt og neitaði að láta þagga niður í sér," segir María Ellingsen og bætir við: „En merkilegast þykir mér að Agnes gefur sig ekki heldur eftir að hún er dáin." María vísar til þess að Agnes hafi stöðugt minnt á sig að handan og haldið fólki að verki. „Það eru skrifaðar um hana greinar og bækur og gerð um hana kvikmynd. Ég hugsaði einmitt þegar við fórum með myndina á kvikmyndahátíð í Prag – nú er Agnes komin með söguna sína til Evrópu, nú hlýtur hún að vera ánægð," segir María og bætir við: „En það virðist ekki hafa verið nóg."

María vísar til leikverks sem hún hefur verið með í þróun þar sem Agnes er ein af aðalpersónunum, bókar Hönnuh Kent, Náðarstund, sem áform hafa verið um að kvikmynda í Hollywood, verk fræðimanna eins og Helgu Kress svo fátt eitt sé nefnt. „Og nú ætlar Lögfræðingafélagið að taka málið upp um helgina. En það er kannski það sem Agnes er búin að vera að bíða eftir í öll þessi ár – réttlát málsmeðferð, við sjáum til hvort hún róast eftir helgi," segir María að lokum.

## Æviferill Agnesar

- Fædd 1795
- Einstæðingur frá unga aldri og vinnuhjú á bæjum alla tíð
- Réðst sem ráðskona að Illugastöðum árið 1827
- 1828 Natan myrtur (13. mars)
- 1828 Héraðsdómur fellur (21. júlí)
- 1929 Dómur Hæstaréttar (25. júní)
- 1830 Hálshöggvin/dáin (12. janúar)
- Dysjuð hjá réttarstaðnum sama dag
- 1834 Jörðuð í vígri mold að Tjörn í Vatnsnesi



María Ellingsen vonar að eftir réttarhöldin fái Agnes frið. MYND/CHRISTOPHER LUND

**Enginn lái öðrum frekt, einn þótt nái að falla. Hver einn gái að sinni sekt, syndin þjáir alla.**

Agnes Magnúsdóttir



Guðrún Sesselja, verjandi Agnesar.

## Dómsorð í Héraði

Því dæmist rétt vera. Fangarnir Friðrik Sigurðsson, Agnes Magnúsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir skulu hafa fyrirgjört lífi sínu og hálshöggvast með öxi og þar eptir leggjast á steglur og hjól en höfuðin setjast á stjaka. (Staðfest í Hæstarétti 25. júní 1929)

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 9. SEPTEMBER 2017



Matreiðslubókahöfundurinn Nanna Rögnvaldardóttir hefur dálæti á pottum, pönnum og öðrum eldunarílátum úr steypujárni. Pottur, panna og Nanna er nýjasta bók Nönnu.

helgin →8



Séra Jón Ómar Gunnarsson með prestkraga og Biblíuna í hendi framan við tignarleg og glæst háhýsin við Asparfell í Efra Breiðholti. MYND/ERNIR

# Þurfum á Guði að halda

Jón Ómar Gunnarsson er nýr prestur í Efra-Breiðholti. Hann upplifir daglega samfylgd Guðs þegar hann horfir á barn sitt og fegurð sköpunarverksins. Líka þar sem ríkir góður andi manna í millum. Þar er Guð að verki. →2





Séra Jón Ómar brallar ýmislegt með fjölskyldu sinni um helgar. Hann skírir í dag og messar á morgun, en byggir oft úr legókubbum með syni sínum á laugardagsmorgnum. Svo fer fjölskyldan í sund, hjólar, fer í heimsóknir eða slappar vel af í rólegheitum heima. MYND/ERNIR



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Við þurfum á Guði að halda. Guð er haldreipi mannsins í öllum aðstæðum lífsins, gleði og sorg. Mér fyndist erfitt að horfast í augu við líf mitt og framtíð án þess að hafa trú og held að ég sé ekki svo ólíkur öðru fólki,“ segir séra Jón Ómar Gunnarsson, inntur eftir því hvort nútímamaðurinn þurfi á Guði að halda.

Hann er nýr prestur í Fella- og Hólakirkju Efra-Breiðholts, sjálfur Breiðhyltingur frá níu ára aldri, en fram að því sleit hann barnsskónum í Rockford, Illinois, stutt frá Chicago.

„Að alast upp í Bandaríkjunum gaf mér að vera tvítyngdur og ég er enn fljótur að aðlagast skammtastærðunum vestra, sem eru í fyrstu alltof stórar en verða svo næstum of litlar,“ segir hann og hlær.

„Ég hef alltaf átt í stormasömu sambandi við mat þótt ég hafi aldrei verið feitur. Ég reyni að borða hollt en það er erfitt í kirkjum þar sem er mikið um bakkelsi, svo ég tali nú ekki um skírnarveislurnar þar sem presturinn þarf helst að smakka á fjórum rjómatertum svo að ömmunum sárni ekki. Það bjargaði mér að kynnast CrossFit sem var mér opinberun um að gaman væri í líkamsrækt og dró úr samviskubitinu ef ég sleppti mér í óhollustunni.“

## Ósanngjörn umræða

Jón Ómar var prestur í Glerárkirkju áður en hann steig í prédikunarstól í Efra-Breiðholti. Hann er kvæntur og eiga hjónin sex ára son.

„Það var góð lífsreynsla fyrir okkur Reykvíkingana að búa á landsbyggðinni og dásamlegt að búa á Akureyri. Þar eignuðumst við marga góða vini og bærinn mun alltaf eiga sérstakan stað í hjörtum okkar. Mér finnst að allir Reykvíkingar ættu að prófa að búa á landsbyggðinni, Ísland stækkar þá í huga manns,“ segir Jón Ómar sem þótti gott og gefandi að þjóna í Glerárkirkju en stóðst ekki mátið að sækja um þegar prestsembætti var laust í Fella- og Hólakirkju, enda fjölskyldur þeirra hjóna búsettar syðra.

Jón Ómar þekkir Efra-Breiðholt eins og lófann á sér. Hann æfði sund í Breiðholtslaug, sótti handboltaæfingar hjá ÍR í Austurbergi og útskrifaðist sem stúdent frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Ég er að mörgu leyti kominn heim og kannast enn við marga. Umræðan um hverfið er oft ósanngjörn. Sem Breiðhyltingur var ég orðinn fimmtán ára þegar ég heyrði fyrst að Breiðholtið þætti varasamt en hafði þó aldrei lent í neinu. Hér er heldur ekkert að óttast. Breiðhyltingar eru kraftmiklir frumkvöðlar sem byggðu sér þrjár kirkjur; sjálfbjarga fólk með drauma og vonir um að byggja upp gott hverfi og gerði það. Það talar svo best fyrir hverfið að fólkið sem byggði það upp býr hér enn og vill helst ekki flytja.“

Efra-Breiðholt er nafli alheimsmenningar. Íbúarnir eru af ótal þjóðernum og aðhyllast mismunandi trúarbrögð. Sem stendur eru 50 prósent íbúanna kristnir Íslendingar í þjóðkirkjunni.

„Hér lifa allir í sátt og samlyndi og ólík trúarbrögð stía íbúunum ekki í sundur. Hverfiskirkjan er opin og víðsýn og við gerum okkur far um að taka vel á móti fólki, hvort sem það er kristið eða ekki. Kærleikurinn opnar enda faðm sinn fyrir öllum. Í barnastarfið koma börn af mörgum þjóðernum enda vilja flestir foreldrar að börn þeirra taki virkan þátt í samfélaginu.“

## Fékk köllunina í laganáminu

Jón Ómar fór í lögfræði eftir stúdentspróf og sóttist námið vel.

„Í lögfræðinni fékk ég köllun um að verða prestur. Mamma hafði kennt mér bænir á bernskuárunum og ég hafði sótt barnastarf kirkjunnar, en eftir ferminguna fannst mér ég útskrifaður úr kirkjunni, eins og gengur. Ég hélt þó í trúna og fór áfram með bænirnar þrátt fyrir að vera ekki trúheitur. Svo urðu þessi vatnaskil í lögfræðinni og ég fann að ég vildi fara dýpra í trúna. Öll viðleitni til að sporna við kölluninni olli mér innri ófriði. Ég hafði fullvissu um að ég ætti betur heima í kirkjunni.“

Um tvítugt starfaði Jón Ómar í sumarbúðum KFUM í Vatnaskógi, þar sem hann var leiðtogi hópa tíu ára stráka, og kemur enn að starfi sumarbúðanna í dag.

„Í Vatnaskógi fékk ég mína bestu starfsþjálfun til að verða prestur, bæði trúarlega og félagslega. Þar var áskorun að segja strákunum frá Jesú án þess að það yrði yfirdrifið heldur skiljanlegt, svo að þeir gætu tekið það með sér sem veganesti. Á morgnana lásum við vers úr Nýja testamentinu og alltaf kom í ljós að þeir höfðu helling að segja um innihaldið og upplifanir sínar,“ segir Jón Ómar sem byrjaði og endaði hvern dag í Vatnaskógi með bæn.

„Bænin er haldreipi sem huggar og róar sál okkar manna. Þótt allt annað sé farið situr bænin eftir, eða samtal manns við Guð. Meira að segja hjá efasemdamönnum, sem afgreitt hafa prest, kirkju og Biblíuna, situr bænin föst í hjarta og er það síðasta sem fólk grípur til þegar öll sund virðast lokuð.“

> **Bænin er haldreipi sem huggar og róar sál okkar manna. Þótt allt annað sé farið situr bænin eftir, eða samtal manns við Guð.**
>
> Jón Ómar Gunnarsson

## Til staðar í gleði og sorg

Guð er til og engin tímaskekkja, segir Jón Ómar; hann á líka erindi við nútímafólk.

„Mannkynið glímir við flókinn veruleika en ætíð sömu grundvallarspurningarnar: Hvað gerist þegar ég dey? Til hvers er ég hér? Hvernig varð þetta allt til? Nútíminn hafnar hins vegar trúnni og við eigum öll að verða vísindaleg. En er það tilviljun að sólin rís að morgni og sígur að kvöldi? Það er einmitt alls ekki tilviljanakennt og hnígur allt að sama grunni, sem er sköpunarverk Guðs.“

Jón Ómar segir vísindi vissulega góð og hluta af Guðs sköpun en komin sé oftrú á ung vísindin. Þau hafi gefið okkur margt en líka leitt af sér hörmungar.

„Það er erfitt að byggja líf sitt á þeim efnislegu gæðum sem nútíminn metur mest. Þau byggja á veikum grunni og geta horfið á augnabliki. Og þrátt fyrir gott sjálfstraust og trú á eigin ágæti þætti mér erfitt að grundvalla líf mitt á mér einum og sjálfum, sem er bara lítið peð í stóra samhenginu. Einmitt þess vegna er allur grundvöllur lífs míns, hugsana og gilda, í trúnni á Jesú Kristi. Það er sá eini grundvöllur sem ekki er forgengilegur né brotnar, og þar liggur fullvissan um að ég sé falinn elsku hans, sem er uppspretta kærleikans í okkar lífi. Þá skiptir ekki máli þótt illa gangi og margt bjáti á.“

Boðskapur kristinnar trúar er fagur og mannbætandi og sannarlega ekkert til að skammast sín fyrir, segir Jón Ómar.

„Íslendingar líta margir á trú sem persónulegan hlut, en mættu ófeimnir flíka trú sinni af stolti, rétt eins og Bandaríkjamenn gera og gert er í öðrum helstu trúarbrögðum heimsins. Kristin trú hefur skilað Íslendingum friðsælu og eftirsóknarverðu samfélagi og við mættum vel tala meira og opinskár um okkar þjóðartrú.“

Uppáhaldsvers Jóns Ómars í Nýja testamentinu er frá Páli postula í Rómverjabréfinu. Þar segir:

*„Í öllu þessu vinnum við sigur því ekkert getur aðskilið okkur frá kærleika Guðs sem birtist okkur í Kristi Jesú.“*

„Fyrir mér eru þessi orð lykilatriði í trúnni. Það er sama hvað á dynur; við erum í Hans höndum. Það veganesti hef ég haft út í lífið og er þakklátur foreldrum mínum fyrir að hafa kennt mér bænir og kirkjunni fyrir að bjóða mér í barna- og fermingarstarf svo að ég gæti eignast þessa trú. Guð er ekki æðri máttur sem setti okkur inn og fór heldur er hann nálægur. Kristin trú segir gegnumsneitt að Guð skapaði manninn, elskar hann og vill honum blessunarríkt og gott líf. Í þjóðfélagi þar sem við sjáum glansmyndir af öðrum á Facebook og upplifum okkur minna virði, er gott að leita í trúna sem segir beint út: Þú ert dýrmæt sköpun Guðs og skiptir máli. Það gæti reynst huggunarríkt þeim sem þjást af kvíða í árangursdrifnu og kröfuhörðu þjóðfélagi sem marga er að buga.“

Efasemdamenn eiga virðingu Jóns Ómars sem segir þá oftar en ekki trúaðri en þá sem segjast trúa.

„Það er mannlegt að efast og sjálfur er ég stundum gripinn efa. Efann leggur maður í hendur Guðs í gegnum bænina. Við prestar gerum okkur grein fyrir að Guð vinnur verkið. Við tölum við fólk en búum ekki til brú til hans heldur gerir hann það í okkur. Ynni Guð ekki verkið væri óvinnandi vegur fyrir okkur að bera áfram söguna um Jesú, söguna sem við höfum heyrt alla ævi en segir okkur alltaf eitthvað nýtt um lífið, dauðann og upprisuna; að við séum ekki til einskis gerð og að það sé tilgangur með þessu öllu.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Mælir heilshugar með Bio-Kult

Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Margrét Alice Birgisdóttir mælir með Bio-Kult fyrir meltinguna. Hún notar Bio-Kult Candéa til að halda einkennum niðri og Bio-Kult Original til að viðhalda bata.



Margrét Alice mælir með Bio-Kult-hylkjunum til að bæta meltinguna.

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur.

> **Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára.**

Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grapeseed-extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“ Bio-Kult Candéa-hylkin geta virkað sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangri, fæðuóþoli, pirringi og skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verkjum í liðum, mígreni eða ýmsum húðvandamálum.




### Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grapeseed-extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original.

# Undrast hvað Femarelle hefur virkað vel fyrir mig

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan. Femarelle slær á einkenni tíðahvarfa, svo sem hitakóf, höfuðverk og svefntruflanir.

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og meltingin hefur lagast eftir að hún fór að taka inn Femarelle. „Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ákvað ég að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög vön því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. Eftir um það bil eina viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér.




Ég var mjög ánægð að uppgötva að ég fyndi svo fljótt mun á mér, og ákvað að halda áfram að taka það. Núna get ég setið lengi við og heklað og prjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda í matinn. Eftir um það bil mánuð fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig.“

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuhillum stórmarkaðanna.

### Femarelle er öruggur kostur fyrir konur

- Vinnur á einkennum tíðahvarfa.
- Slær á óþægindi eins og hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg vara, unnin úr soja og inniheldur tofu-extrakt og hörfræjaduft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.
- Staðfest með rannsóknum sem fram hafa farið síðustu þrettán ár.



Gerður var ánægð að uppgötva að hún fyndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.


www.sensai-cosmetics.com
SENSAI
FOUNDATIONS
SENSAI hefur endurskapað margbreytileika dásamlegs silkis
sem gerir það kleift að hafa áhrif á ljóma húðarinnar.
Með nýju SENSAI Make-up línunni hannar þú þitt besta útlit,
geislandi ferskleika eða náttúrulegan ljóma.


SENSAI
LUMINOUS SHEER FOUNDATION
FOND DE TEINT PURE LUMIÈRE
SPF 15
SENSAI
SENSAI
FLAWLESS SATIN FOUNDATION
FOND DE TEINT PERFECTION SATINÉE
SPF 20
Húðin er sveipuð ljósi

# Kraftmiklir krakkar rokka

**Annað árið í röð stendur KEX hostel fyrir Rokkhátíð æskunnar í nánu samstarfi við Stelpur rokka! Boðið verður upp á lifandi tónlistaratriði, gagnvirka fræðslu, skemmtilegar smiðjur og nóg af fikti.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Rokkhátíð æskunnar verður haldin í annað sinn á KEX hosteli á morgun, sunnudag. Dagskrá hátíðarinnar er samansett af lifandi tónlistaratriðum í bland við gagnvirka fræðslu og vinnusmiðjur þar sem krakkar fá að fikta í hljóðfærum sem búin eru til úr ávöxtum, gera barmmerki, grúska í raftónlist, þeyta skífum og margt fleira, segir Benedikt Reynisson frá KEX hosteli. „Rokkhátíð æskunnar er haldin af Heimilislegum sunnudögum hér á KEX í náinni samvinnu við sjálfboðaliðasamtökin Stelpur rokka!, líkt og í fyrra. Okkur langaði til að búa til skemmtilegan grundvöll fyrir krakka til að rokka og leituðum því til Stelpur rokka! á síðasta ári en þær eru búnar að vera með öflugt starf undanfarin 5-6 ár. Það er aðdáunarvert að sjá hversu mikill kraftur er í þeim enda hefur tónlistarlandslagið breyst mikið hér á landi með tilkomu þeirra.“

## Fjölbreytt dagskrá

Dagskráin stendur yfir frá kl. 13 til 15.30 og skiptist hún í tvennt, tónleikaprógramm í bókahorninu á KEX hosteli og smiðjur og kynningar í Gym & Tonic salnum. „Tónleikadagskráin hefst kl. 14 og skartar hljómsveitunum Chicken Darkness, Jens og Smekk sem allar koma úr rokkbúðum sumarsins hjá Stelpur rokka! Áttan mætir líka og hljómsveitin Gróa sem varð til í rokkbúðum Stelpur rokka! og spilar m.a. á Iceland Airwaves í ár.“

Í Gym & Tonic salnum verður öllu rólegri stemning. „Þar ætla Stelpur rokka! að vera með kynningu á starfi sínu og munu m.a. kenna krökkum að gera eigin barmmerki og ýmislegt fleira. Raftónlistarkonan Kira Kira kennir trixin á bakvið raftónlist og allir fá að fikta. DJ Silja Glømmi verður með plötusnúðasmiðju, Skema kynnir ýmisleg tækniundur sem gera krökkum kleift að búa til tónlist og tónlistarsmáforritið Mussila verður kynnt fyrir börnum en fyrirtækið gerði nýlega samning við leikfangakeðjuna Hamley's um dreifingu og þróun á forritinu.“

Þetta er annað árið í röð sem hátíðin er haldin og segir Benedikt að aðsóknin hafi verið góð í fyrra og að allir hafi skemmt sér vel. „Þetta tókst bara nokkuð vel hjá okkur í fyrra. Hátíðin var aðeins lengri þá, eða frá kl. 13-16.30, en núna ætlum við að hafa hana styttri og hnitmiðaðri. Ég hugsa að um 400 manns hafi mætt hér á síðasta ári og við eigum von á góðri aðsókn á morgun.“

## Frábært starf

Eins og fyrr segir sækja KEX liðar í smiðju stelpnanna hjá Stelpur rokka! en það eru sjálfboðaliðarekin samtök sem starfa af femínískri hugsjón við að efla stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklinga í gegnum tónlistarsköpun að sögn Benedikts. „Kjarninn í starfi samtakanna er rokksumarbúðirnar en þar læra stelpur á hljóðfæri, að spila saman í hljómsveit um leið og þær kynnast farsælum tónlistarkonum, fræðast um ólíkar hliðar tónlistar og jafnréttisstarfs. Í lokin koma þær svo fram á lokatónleikum fyrir framan fullan sal fjölskyldna og vina. Mér skilst að rúmlega 500 þátttakendur hafi tekið þátt í rokkbúðunum undanfarin sumur og þar hafi myndast yfir 100 hljómsveitir. Sannarlega frábært starf sem þar er unnið.“



Hluti skipuleggjenda og þátttakenda á Rokkhátíð æskunnar sem fer fram á KEX Hosteli á morgun. Í efri röð f.v. eru Benedikt Reynisson frá KEX Hosteli, Kristín Björk Kristjánsdóttir, einnig þekkt sem Kira Kira, DJ Silja Glømmi og Karen Briem sem stýra einni smiðjunni. Í fremri röð er hljómsveitin Smekkur sem kemur fram á morgun. MYND/VILHELM



Líf og fjör enda fá allir að fikta.



Skemmtilegar smiðjur eru í boði fyrir krakka á öllum aldri.




Lokatónleikar rokksumarbúða Stelpur rokka! voru vel sóttir í sumar. MYND/ERNIR




Hljómsveitin RuGl var ein þeirra sveit sem kom fram á síðasta ári.

Ókeypis er inn á hátíðina og allir eru velkomnir. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu KEX hostels.

FYRIRTÆKJAGJAFIR

Sérblað um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna og viðskiptavina kemur út 30. september.

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



# ERTU LAUS?

## Okkur vantar kraftmikið fólk í

- Samsetningu
- Stálsmíði
- Plötulið
- Rafvirkjun
- Lagerstörf

Starfsumhverfið er gott, félagslífið sterkt, íþróttaðstaðan flott og mötuneytið í sérflokki.

**Sæktu um á marel.is/storf**

marel





## NetApp Iceland

**Do you want to take part in building the True Cloud Concept for the biggest tech companies in the world?**

Do you love finding creative solutions to difficult challenges? Do you thrive as part of a committed team? Do you want to make an impact and help your career and your company advance together?

Then join our Reykjavik team and help accelerate the leadership of NetApp in Hybrid Cloud globally.

NetApp

NetApp is the leader in data insight, access, and control for hybrid cloud environments. NetApp provides global organizations the ability to manage and share their data across on-premises, private, and public clouds.

# Are you our Office Manager?

NetApp Iceland is seeking an Office Manager to join its rapidly growing office in Iceland!

We love our culture and our office manager will be at the heart of helping us promote an environment that supports our values and employees' needs.

Our Office Manager is an ambitious and resourceful team-player with awesome organizational and multitasking skills, who is comfortable working in a fast-paced environment, while remaining flexible, proactive, and efficient.

If this role sounds like one for you, and you are someone who can produce quality work and meet deadlines with a positive attitude, then please apply as we would love to meet you!

### Responsibilities

Responsibilities for this role include:

- Maintain the overall appearance and operation of the office, which contributes to smooth running of our office and facilities.
- Coordinate and manage efficient purchase and availability of supplies for the office.
- Assist with incidental finance related administrative tasks.
- Provide executive support as needed, such as coordinating meetings, travel arrangements and expense report management.
- Other tasks may be assigned as needed.

### Qualifications

Qualifications for this role include:

- Bachelor's degree preferred, with knowledge of standard office administrative processes.
- Bookkeeping experience a plus.
- Self-motivated, ambitious and able to take responsibility.
- Exceptional organizational, planning and problem solving skills, with an attention to detail.
- Quick learner, with great computer skills.
- Excellent time management skills and ability to perform under pressure and to tight deadlines.
- Strong verbal and written communication in English.

NetApp Iceland is also looking for people to fill the following positions: **Senior Software Engineer, Software Engineer, Quality Assurance Lead, Quality Assurance Engineer, Site Reliability Engineer, Frontend Developer**.

More information & apply now at qstack.com/careers. Only applications in **English** will be accepted.

Arnarlax

# Fjármálastjóri

Arnarlax leitar að fjármálastjóra til starfa. Um er að ræða mjög áhugavert starf í ört vaxandi samstæðu með höfuðstöðvar á Vestfjörðum.

Umsóknarfrestur
**17. september**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5647**

### Starfssvið

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum fjármálasviðs.
- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum.
- Regluleg skýrslugerð til framkvæmdastjóra og stjórnar.
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar.
- Þátttaka í stefnumótun og ferlagerð á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Þátttaka í greiningum fjárfestingartækifæra.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði og framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla af fjármálastjórnun.
- Reynsla af uppgjörum samstæðu.
- Greiningarhæfni ásamt færni í að taka saman upplýsingar og setja þær fram á skilmerkilegan og skýran hátt.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í einu. Norðurlandamáli kæmi sér vel.
- Færni í mannlegum samskiptum.

ARNARLAX

Arnarlax er stærsta laxeldisfyrirtæki á Íslandi og sér frammá umtalsverðan vöxt á næstu árum. Arnarlax er með rúmlega 100 starfsmenn og höfuðstöðvar á Bíldudal. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin ár og áætlar um 10.000 MT framleiðslu af hágæða ferskum laxi í ár. Stór hluti afurðanna er seldur á kröfuharða neytendur á Bandaríkjamarkað en nútíma laxeldi er matvælaframleiðsla á hágæða ferskvöru í mjög samkeppnishæfu alþjóðlegu umhverfi.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

## VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

### YFIRVERKEFNASTJÓRI

Helstu verkefni eru umsjón og ábyrgð á framkvæmdaverkefni frá hönnun til reksturs. Skipulagning og yfirumsjón með framkvæmdaáætlunum, og fjármálastjórn framkvæmdaverkefna. Einnig ber yfirverkefnastjóri ábyrgð á samskiptum og samráði fjárfestinga.

**Hæfniskröfur**

- Framhaldsmenntun í verk- eða tæknifræði
- Víðtæk reynsla af verkefnastjórnun í mannvirkjagerð
- Reynsla eða menntun í fjármálum framkvæmda
- Reynsla af verkefnum með hátt flækjustig
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

capacent

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björk Sigurjónsdóttir, jona.sigurjonsdottir@capacent.is. Umsóknir óskast fylltar út á www.capacent.is.

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC árlega frá 2015. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Maren** hefur starfað við uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli í tvö ár. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR:
**24. SEPTEMBER 2017**

UMSÓKNIR:
**CAPACENT.IS**

isavia

17-4374 HVÍTA HÚSIÐ — SIA 2017

# Eignastýring

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði.

Umsóknarfrestur
**18. september**

Starfssvið
- Uppbygging og stýring eignasafna, einkum skuldabréfa.
- Greining markaða og fjárfestingarkosta.
- Arðsemis- og áhættumat.
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5639**

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur.
- Góð þekking á efnahagsmálum og reynsla af störfum á skuldabréfamarkaði er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Gildi - lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 21 þúsund lífeyrisþega, 46 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 200 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins nema um 490 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 32 starfsmenn.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

LSR

# Þjónusturáðgjafi

LSR

LSR leitar að þjónusturáðgjafa til að starfa í þjónustudeild sjóðsins. Þjónusturáðgjafi leiðbeinir sjóðfélögum um lífeyris-, iðgjalda- og lánamál. Verkefnin sem felast í starfinu eru fjölbreytt og reyna á víðtæka þekkingu á starfsemi LSR.

Umsóknarfrestur
**17. september**

Starfssvið
- Ráðgjöf varðandi lífeyrisréttindi sjóðfélaga.
- Leiðbeiningar vegna lána til sjóðfélaga.
- Móttaka erinda, svörun og skjalfesting gagna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5626**

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskipta- eða hagfræðimenntun.
- Þekking á lánum og/eða lífeyri kostur.
- Reynsla af starfi innan lífeyrissjóðs mikill kostur.
- Góð íslenskukunnátta skilyrði.
- Góð tölvukunnátta skilyrði, grunn kunnátta í Excel kostur.
- Þjónustulund og metnaður í starfi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að starfa undir álagi og tileinka sér nýja hluti.
- Talnagleggni og góð greiningargeta.

LSR er stéttarfélagstengdur lífeyrissjóður sem tryggir sjóðfélögum sínum víðtæk réttindi við starfslok, örorku og fráfall. LSR er stærsti lífeyrissjóður á Íslandi. Hjá sjóðnum starfar öflugur hópur að krefjandi verkefnum við góð vinnuskilyrði.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**




**Vegna aukinna verkefna innanlands og utan óskum við eftir að ráða í eftirfarandi störf:**

## Forritari

**Helstu verkefni**
- Hönnun vinnsluvéla
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á rafmagnssviði
- Reynsla af forritun PLC véla
- Fylgjast með tækninýjungum og finnast spennandi að prófa nýja hluti
- Sjálfstæði, en geta jafnframt unnið í hóp
- Góð kunnátta í lestri rafmagnsteikninga nauðsynleg
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er kostur

## Tölvunarfræðingur/hugbúnaðarverkfræðingur

**Helstu verkefni**
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar
- Gagnagrunnar
- Netkerfi
- Hugbúnaðargerð

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á PC tölvusviði
- Reynsla af forritun PC véla (visual studio c#)
- Góð kunnátta í gagnagrunnum (SQL)
- Fylgjast með tækninýjungum og finnast spennandi að prófa nýja hluti
- Sjálfstæði, en geta jafnframt unnið í hóp
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er kostur

## Rafmagnshönnuður

**Helstu verkefni**
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar
- Hönnun vinnsluvéla

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á rafmagnssviði
- Reynsla af forritun PLC véla æskileg
- Þekking á AutoCad Electrical góður kostur
- Góð kunnátta í lestri rafmagnsteikninga nauðsynleg
- Fylgjast með tækninýjungum og finnast spennandi að prófa nýja hluti
- Sjálfstæði, en geta jafnframt unnið í hóp
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er kostur

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Gísli Gunnar Pétursson, gisli@skaginn3x.com. Umsóknir sendist á job@skaginn3x.com.**

## Vélahönnuður

**Helstu verkefni**
- Hönnun vinnsluvéla

**Hæfniskröfur**
- Skapandi og lausnamiðaður tæknimaður
- Góð þekking á 3D-teikniforritum
- Góð þekking á raf- og vélbúnaði æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Starfið krefst metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónmundur Ingólfsson í síma 894 4449. Umsóknir sendist á job@skaginn3x.com.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. september.**

SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 200 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m². Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning. **Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**


# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is


Stígamót

## Ráðgjafi óskast á Stígamót

**Stígamót óska eftir ráðgjafa til þess að sinna viðtalsþjónustu og hópastarfi með fólki sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi.**

**Helstu verkefni:**
- Viðtöl við brotaþola þar sem unnið er úr afleiðingum kynferðisofbeldis
- Leiða hópa þar sem unnið er með hjálp til sjálfshjálpar
- Stuðningur við aðstandendur

**Hæfni:**
- Gerð er krafa um háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. í félagsráðgjöf, sálfræði, náms- og starfsráðgjöf, kynjafræði eða skyldum greinum.
- Reynsla af ráðgjöf er mjög mikilvæg
- Hvers kyns þekking eða reynsla af vinnu með kynbundið ofbeldi er mikilvæg
- Þekking á femínískri hugmyndafræði er mikilvæg
- Framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði

Um er að ræða fullt starf. Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á femínískri sýn á samfélagið.

Umsóknir sendist til Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttur á netfangið steinunn@stigamot.is. **Umsóknarfrestur er til og með 19. september.**

Öllum umsóknum verður svarað.

**Snæfellsbær**

## Starf markaðs- og kynningarfulltrúa hjá Snæfellsbæ er laust til umsóknar.

Snæfellsbær óskar eftir að ráða hæfileikaríkan og áhugasaman einstakling í starf markaðs- og kynningarfulltrúa.
Starfið er margþætt og krefst góðrar færni á ýmsum sviðum.

**Hlutverk og ábyrgðarsvið:**
Um er að ræða umsjón með markaðs-, upplýsinga- og kynningarmálum í Snæfellsbæ, m.a. umsjón með vef Snæfellsbæjar, samfélagsmiðlum tengdum Snæfellsbæ, auglýsingagerð, sérverkefnum, samantektum og skýrslugerð. Fulltrúinn þarf að vera leiðandi í sínu starfi og hugmyndaríkur þegar kemur að því vinna við styrkumsóknir og skýrslugerð vegna markaðs-, menningar- og ferðamálatengdra verkefna af hálfu Snæfellsbæjar.

Fulltrúinn aðstoðar starfsmenn/nefndir Snæfellsbæjar, einstaklinga og félagasamtök, í samráði við bæjarstjóra og bæjarritara, við skipulagningu og utanumhald viðburða í Snæfellsbæ.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg en þó ekki skilyrði.

Reynsla af umsjón og uppbyggingu vefsvæða er kostur og jafnframt menntun eða reynsla á sviði framsetningar kynningarefnis.
Gott vald á ritun íslensku og ensku er skilyrði, jafnframt þekking á ritvinnslu (excel, word, powerpoint) og góður hæfileika til að tjá sig í rituðu máli.

Stafið krefst frumkvæðis og metnaðar. Umsækjandi þarf jafnframt að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa góða skipulagshæfileika ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

**Annað:**
Um er að ræða fullt starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SAMFLOTs bæjarstarfsmannafélaga.

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf eigi síðar en 1. nóvember 2017.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til Lilju Ólafardóttu, bæjarritara, á netfangið lilja@snb.is, eða til Kristins Jónassonar, bæjarstjóra, á netfangið kristinn@snb.is . Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni til starfsins út frá ofangreindum hæfnikröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.

Öllum umsóknum verður svarað.



HÓTEL BORG
BY KEAHOTELS

APOTEK
HOTEL
BY KEAHOTELS

## STARF YFIRÞERNU

**Keahótel ehf óska eftir að ráða yfirþernu á Hótel Borg og Apótek Hótel. Um er að ræða 100% stöðu í framtíðarstarfi.**

Starfssvið er m.a.: daglegur rekstur herbergjadeildar, umsjón með starfsmannamálum, sjá til þess að kröfum um gæði og verkferla sé mætt ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

### HÆFNISKRÖFUR

- Leiðtogahæfileikar
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Auga fyrir smáatriðum
- Góð tungumálakunnátta
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð og vera reyklaus.
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsækjendur sendi starfsferilskrá á netfangið**
sigga@keahotels.is



# Rafvirki-tæknimaður

## Smith & Norland vill ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir **19. september**.

**Umsóknareyðublöð** má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is**, (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.




Framúrskarandi fyrirtæki 2016

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



# Hugsar þú í **stafrænum** lausnum?

## Þá er þetta þitt tækifæri til breytinga.

Við leitum að sérfræðingi til að leiða þróun stafrænna lausna fyrir starfsfólk og viðskiptavini okkar. Verkefnið snýst um að umbreyta pappírsdrifnum ferlum yfir í rafræna, ásamt því að rýna og leggja til umbætur.

Til að takast á við starfið þarft þú menntun sem nýtist í í starfi ásamt þekkingu á hugbúnaðargerð. Reynsla af greiningu, þekking á rafrænum undirskriftum og meðferð persónuupplýsinga er kostur.

Þú færð tækifæri til að leiða og móta nýtt starf í fjölbreyttu starfsumhverfi, þvert á OR samstæðuna. Það mun því reyna á samskiptahæfni, sjálfstæð vinnubrögð og sveigjanleika í starfi – séu það eiginleikar sem prýða þig viljum við heyra frá þér.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017 JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is

## Radisson Blu 1919 hótel
### óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf:

Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK



**Húsvörð í 50% starf.** Vinnutími: 12:00-16:00

**Helstu verkefni:**
- Almennt viðhald á hótelinu
- Umsjón með sorpi
- Umsjón með skýrslum varðandi vatn og rafmagn
- Yfirsýn yfir samninga við verktaka
- Yfirsýn og umsjón með eldvarnarkerfi
- Innleiðing á verkferlum frá hótelkeðjunni eins og til dæmis Green Key og safety Hotel
- Unnið sjöttu hverja helgi.

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagður, stundvís og reglusamur
- Áhugasemi og metnaður í starfi
- Lágmarks færni í ensku
- Bílpróf og bíl til umráða
- Reynsla sem húsvörður er æskileg

**50% starf í gestamóttöku á næturvaktir**

**Vinnufyrirkomulag:**
Unnið er í viku og vika frí á vöktum: Sunnudaga - fimmtudaga frá 00:00 – 06:00 og föstudaga -laugardaga frá 02:00 – 08:00

**Hæfniskröfur:**
- Geta unnið undir álagi/skipulagður
- Sýna sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk.** Vinsamlegast tilgreinið hvaða starf er sótt um í fyrirsögn. Umsóknir skal senda á netfangið Solveig.gudmundsdottir@radissonblu.com. Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið sambandið við Sólveigu J. Guðmundsdóttur í síma 599-1011 eða skiljið eftir skilaboð hjá gestamóttöku í síma 599-1000.

Radisson BLU



# Rafmagnsverkfræðingur PCC BakkiSilicon

Viðkomandi starfsmaður sér um rafmagnstæknimál verksmiðjunnar. Hann ber ábyrgð á að rafmagnsteikningar séu uppfærðar ásamt öðrum rafmagnstengdum tæknigögnum. Veitir tæknistuðning við flókin viðhaldsverk og bilanagreiningar ásamt náinni samvinnu við rafiðnaðarmenn verksmiðjunnar. Góð öryggisvitund er nauðsynleg.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Rafmagnsverkfræði- eða tæknifræðimenntun
- Þekking á Siemens sjálfvirknibúnaði er kostur
- Góð kunnátta í ensku
- Mjög góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

Næsta haust verða tilbúin til afhendingar falleg parhús sem standa starfsmönnum fyrirtækisins til boða að leigja á sanngjörnu verði. Í fyrsta áfanga verða húsin 22 og nokkru seinna er gert ráð fyrir 20 parhúsum til viðbótar.

Húsin eru byggð á mjög fallegu svæði í suðurhluta Húsavíkurbæjar með einstakt útsýni yfir Skjálfandaflóa og Kinnarfjöllin.

Stutt er yfir á golfvöll Húsavíkur auk þess eru skemmtilegar gönguleiðir í nágrenni svæðisins.

Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísilverið verður búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag. Áætlað er að gangsetning hefjist í desember 2017.

Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.

Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í öllum störfum hjá okkur.

**Mannauður**

PCC BakkiSilicon stefnir að því að hafa í vinnu hæft starfsfólk með góða faglega þekkingu. Við leggjum áherslu á að mannauður fyrirtækisins er lykillinn að árangri og velgengni. PCC BakkiSilicon leggur áherslu á vellíðan, öryggi, þekkingu og færni starfsmanna.

Unnið er eftir jafnréttisáætlun. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um stöður hjá okkur.



Lind Einarsdóttir

PCC BakkiSilicon

FAST Ráðningar

Hægt er að sækja um starfið á www.fastradningar.is.

Allar nánari upplýsingar gefur Lind Einarsdóttir lind@fastradningar.is og í síma 552-1606.

Umsóknarfrestur er til 24. september nk.

## Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan.
Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**

Hönnunarmiðstöð Íslands leitar að kraftmiklum, úrræðagóðum, talnaglöggum, skipulögðum **skrifstofustjóra** í hálft en nokkuð margslungið starf. Nánar á honnunarmidstod.is

## Embassy of India in Reykjavik requires a Clerk

The Embassy of India immediately seeks to employ an Office Assistant on regular basis against the post of a Clerk.

Candidate should be in possession of necessary qualifications and knowledge in handling the commercial and trade related work, besides having sufficient knowledge in Book Keeping and related accounts work.

Candidates should be proficient in computer skills-**MS Office**, and should be fluent in both **English** and **Icelandic** (read, write & speak) language.

The consolidated salary presently payable is **EURO 3000/-** per month with annual increment, as per Govt. of India rules.

Interested candidates may send in their CVs in **English only** along with their photographs at the following e-mail ID, latest by **Friday, 29th Sept 2017** : hoc.reykjavik@mea.gov.in

# Framtíðarstarf
## á rannsóknarstofu

Starfsmaður óskast í fullt starf á Rannsóknarstofu byggingar–iðnaðarins á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

**Starfssvið**
- Umsjón með steypurannsóknarstofu
- Aðstoð við rannsóknir sem þar fara fram
- Ýmsar rannsóknir er snúa að byggingarsviði
- Mælingar á sýnum og sýnataka
- Önnur verkefni sem til falla

**Hæfniskröfur**
- Starfsmaður þarf að vera sjálfstæður í starfi
- Nákvæmur og áreiðanlegur
- Gerð er krafa um íslensku- eða enskukunnáttu
- Æskilegt er að viðkomandi sé handlaginn og geti sinnt viðhaldi

**Umsóknarfrestur er til 25. september 2017**

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknir sendist á netfangið *valgeir@nmi.is merktar „Rannsóknir".*

Upplýsingar veitir Valgeir Ólafur Flosason í síma 833-9312.

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði á grundvelli rannsókna og þróunar. Öflug tækniþróun, þjónusta og yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja og frumkvöðla á sviði nýsköpunar er stór og vaxandi þáttur í starfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Upplýsingar um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að finna á vefnum *www.nmi.is*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is

JAGUAR LAND ROVER



# SPENNANDI STÖRF Í NÝJUM HÖFUÐSTÖÐVUM **JAGUAR LAND ROVER** Á ÍSLANDI

**Nú leitum við að öflugu og áreiðanlegu fólki til starfa í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum JLR sem munu opna í vetur að Hesthálsi 6-8.**

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í VERKSTÆÐISMÓTTÖKU

Starfið felst í móttöku viðskiptavina, skráningu verkbeiðna og afgreiðslu varahluta. Viðkomandi þarf að hafa mikla þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

**Hæfniskröfur:**

- Framúrskarandi þjónustulund
- Tölvufærni
- Fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þekking á Navision er kostur
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Ökuréttindi

Vinnutími er mánudaga til föstudaga
frá kl. 07.45–18.00

## INNKAUPAFULLTRÚI Á LAGER

Viðkomandi sér um innkaup á vörum innanlands og erlendis frá, pantanir, stofnun vörunúmera og utanumhald á lager. Starfið felst einnig í móttöku og frágangi á vörum og tiltekt á vörum fyrir viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**

- Góð þekking á bílum
- Tölvufærni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Nokkurra ára starfsreynsla kostur
- Ökuréttindi
- Frumkvæði
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Þekking á Navision er æskileg

Vinnutími er mánudaga til föstudaga
frá kl. 08.00–17.00

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í VARAHLUTAAFGREIÐSLU

Starfið felst í tiltekt á vörum fyrir viðskiptavini og starfsmenn verkstæðis, ásamt vörumóttöku og frágangi á lager.

**Hæfniskröfur:**

- Mikil þekking á bílum
- Tölvufærni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Ökuréttindi
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Þekking á Navision er kostur

Vinnutími er mánudaga til föstudaga
frá kl. 08.00–17.00

---

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL: www.bl.is/atvinna – Umsóknarfrestur er til 17. september nk.**
Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, á netfanginu anna@bl.is

BL leitast við að ráða fólk sem hefur metnað til þess að veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Hjá BL er öflugt námskeiða- og fræðslustarf fyrir starfsfólk, virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is

B|L



## Air Atlanta Engineering department is adding to its team

**Job description**

- Coordinate aircraft modifications with design organizations. Evaluation of modifications on aircraft entering Air Atlanta fleet.
- Review and assess structural repairs carried out on Air Atlanta aircraft. Preparation of task cards and entry of structural repairs data into Air Atlanta computer system.
- Support Reliability Program Analyst and material data standard personel.
- And any other duties that may be assigned from time-to-time by the Manager Engineering.

**Education and Qualifications**

- Hold Aircraft Technician license, Engineering degree or equivalent.
- Excellent command of English language.
- Good communication skills.
- Good computer skills.
- Able to work independently.

Please visit airatlanta.com for further information. **Application deadline is 25th of September 2017**

**About Air Atlanta Icelandic**

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of fifteen wide-body aircraft of two types; Boeing 747-400 and Airbus A340-300.
We have a worldwide operation but the Company´s headquarters is located in the municipality of Kopavogur, Iceland.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

# VALITOR LEITAR AÐ FRAMÚRSKARANDI TÆKNIFÓLKI

Valitor er framsækið þjónustufyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og greiðslulausna. Valitor starfar á alþjóðlegum vettvangi í nánu samstarfi við fjártæknifyrirtæki (fintech) í fremstu röð. Um 350 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á starfsstöðvum þess á Íslandi, Danmörku og Bretlandi.

Valitor er í örum vexti og í miklu umbreytingarferli og meðal verkefna má nefna uppsetningu á þjónustum í tveimur erlendum gagnaverum ásamt því að færa þjónustur út í ský (cloud services) þar sem það á við. Valitor vinnur náið með stórum tæknifyrirtækjum eins og Microsoft WE Consulting Services, IBM, BMC og fleirum.

Hjá okkur starfar framúrskarandi tæknifólk sem er í fremstu röð í sínu fagi og nú leitum við eftir fleirum í þann hóp til þess að taka þátt í þessu skemmtilega ferðalagi með okkur.

**Gagnagrunnssérfræðingur**
Leitað er að reynslumiklum gagnagrunnssérfræðingi.

**Netstjóri**
Leitað er að reynslumiklum netstjóra.

**Kerfisstjóri**
Leitað er að kerfisstjóra með reynslu.

Viðkomandi þarf m.a. að búa yfir:

- Reynslu af hönnun, innleiðingu og samþættingu kerfa
- Reynslu af rekstri kerfa með háar uppitímakröfur
- Menntun og reynslu sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar er að finna á **www.valitor.is** og umsóknir óskast fylltar út þar.

Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2017.**

**Nánari upplýsingar um störfin veita Sigurður Svavarsson og Gunnar Karl Níelsson í síma 525 2000.**

VALITOR

BRAUT BÍLASALA

**Sölumaður óskast**

**Braut Bílasala leitar af öflugum liðsmanni.**

Í boði er skemmtilegt starf hjá ört vaxandi fyrirtæki í sölu bifreiða, um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sendi upplýsingar um aldur og fyrri störf og menntun á netfangið ***gunnar@bilabraut.is***

***Umsóknarfrestur er til 16. september 2017***
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál, öllum umsóknum verður svarað.

## FLOTT INNIVINNA!

### - FYRIR DUGMIKINN, SJÁLFSTÆÐAN OG LAGHENTAN EINSTAKLING

Rekkjan er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í að láta fólki líða vel á nóttinni og er m.a umboðsaðili King Koil og dreifingaraðili Fatboy á Íslandi.

Starfsfólk þess er metnaðarfullt og leggur sig ávallt fram við að veita bestu þjónustu sem völ er á með bros á vör. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin misseri og er byggt upp af miklili fagmennsku.

Vegna aukinnar umsvifa leitar Rekkjan að laghentum og dugmiklum einstakling sem getur unnið sjálfstætt við smíðavinnu og almenn lagerstörf.

*Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið: rekkjan@rekkjan.is.*

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan heilsurúm ehf.
Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· Sími 588 1955 ·· Fax 588 1951
www.rekkjan.is


## FLOTT INNIVINNA!

### - FYRIR DUGMIKINN, SJÁLFSTÆÐAN OG LAGHENTAN EINSTAKLING

Rekkjan er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í að láta fólki líða vel á nóttinni og er m.a umboðsaðili King Koil og dreifingaraðili Fatboy á Íslandi.

Starfsfólk þess er metnaðarfullt og leggur sig ávallt fram við að veita bestu þjónustu sem völ er á með bros á vör. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin misseri og er byggt upp af miklili fagmennsku.

Vegna aukinnar umsvifa leitar Rekkjan að laghentum og dugmiklum einstakling sem getur unnið sjálfstætt við smíðavinnu og almenn lagerstörf.

*Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið: rekkjan@rekkjan.is.*

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan heilsurúm ehf.
Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· Sími 588 1955 ·· Fax 588 1951
www.rekkjan.is

## Verkfræðingur /tæknifræðingur

**Starfssvið:**
Hönnun, útreikningar og teiknivinna.
**Menntun:**
Verk- eða tæknifræðimenntun.
**Hæfniskröfur:**
Góð þekking hönnun, tölvuteiknun og álagsútreikningum
Rík þjónustulund og famúrskarandi mannleg samskipti
Metnaður til að skila góðri vinnu.
Nákvæmni og hugkvæmni

Umsóknum skal skilað á box@frett.is merkt
**Verk/tæknifræðingur-0909**

## AMNESTY INTERNATIONAL

## Viltu vinna að betri heimi?

**Íslandsdeild Amnesty International leitar að öflugri manneskju með brennandi mannréttindaáhuga í stöðu fjáröflunarstjóra. Skrifstofan er staðsett í Reykjavík.**

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að mannréttindi séu virt og að allir njóti verndar þeirra. **www.amnesty.is**.

Við leitum að að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og hefur hugmyndaauðgi og skipulagshæfni.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Mikil skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Þekking og reynsla af greiningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Hugmyndaauðgi og framsýni
- Áhugi á mannréttindamálum

**Við bjóðum :**
- Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi
- Sveigjanlegt, skapandi og ábyrgðarfullt starf
- Starf, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín
- Möguleika á að vinna í alþjóðlegu samstarfi
- Tækifæri á að vinna að framgangi mannréttinda í heiminum.

Umsóknir skal senda á **tgj@amnesty.is**.
**Umsóknarfrestur er til 30. september 2017**
Æskilegt er að umsækjandi getið hafið störf fljótlega. Upplýsingar um starfið veitir Torfi Jónsson framkvæmdastjóri í gegnum tölvupóst **tgj@amnesty.is**.



## Ert þú leiðtogi á fjármálamarkaði?

### Framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs Arion banka

Arion banki leitar að framkvæmdastjóra fjárfestingarbankasviðs. Undir sviðið heyra markaðsviðskipti, fyrirtækjaráðgjöf og greiningardeild. Fjöldi starfsmanna er um 30. Framkvæmdastjóri heyrir undir bankastjóra og situr í framkvæmdastjórn bankans.

Framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs ber ábyrgð á rekstri og þróun sviðsins í samræmi við stefnu bankans. Hann setur markmið, tryggir að verkefni séu unnin í samræmi við áherslur og fylgir þeim eftir með árangursmælingum. Framkvæmdastjóri mótar stefnu og miðlar þeirri sýn til starfsfólks, ber ábyrgð á að skapa sterka liðsheild og tryggir að sviðið hafi á að skipa starfsfólki sem býr yfir þeirri hæfni og þekkingu sem þarf til að styðja við sett markmið.

Arion banki leitar að stefnumiðuðum stjórnanda með framúrskarandi leiðtogahæfni og drifkraft til að stýra kraftmiklum og reynslumiklum sérfræðingum á fjármálamarkaði. Framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs þarf að vera árangursdrifinn með traust tengslanet auk þess að hafa brennandi áhuga á fjármálamörkuðum og atvinnulífi.

### Hæfni og eiginleikar

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Mikil greiningarhæfni
- Yfirsýn, þekking og reynsla af fjármálamarkaði

**Nánari upplýsingar veita Jökull H. Úlfsson, forstöðumaður mannauðs hjá Arion banka, jokull.ulfsson@arionbanki.is og Sverrir Briem hjá Hagvangi, sverrir@hagvangur.is.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**. Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

Arion banki
– fyrir framtíðina



TRS er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni.

TRS rekur verslun með tölvur og fjarskiptabúnað ásamt ritföngum.

TRS rekur öfluga þjónustudeild sem sér um viðhald á tölvubúnaði ásamt rekstri á tölvu- og fjarskiptakerfum.

TRS hefur verið valið Framúrskarandi fyrirtæki að mati Creditinfo síðastliðin 5 ár en aðeins tæp 2% íslenskra fyrirtækja uppfylla þau skilyrði.

TRS býður upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hjá TRS starfar öflugt starfsmannafélag og góður liðsandi.

## TRS óskar eftir nýjum liðsmönnum

### Tæknimenn í þjónustudeild

**Starfssvið:** Rekstur á upplýsingakerfum og notendaþjónusta.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla í notendaþjónustu.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á Microsoft hugbúnaði (Windows/Office).
- Almenn þekking á netkerfum og notendahugbúnaði æskileg.
- Þekking á vefumsjónarkerfum (WordPress/Joomla) kostur.
- Vinna vel undir álagi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.

Umsjón með ráðningum hefur Gunnar Bragi Þorsteinsson.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að skila umsóknum á gunnar@trs.is.
Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2017.

TRS
Ein heild í þína þágu

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 - 2016

**TRS ehf.**
**Eyravegi 37 • 800 Selfoss • Sími 480-3300 • www.trs.is**



# Kraftur, eldmóður og hellingur af hæfileikum

**Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.**

**Við rekum stærsta veitukerfi landsins og starfsmenn okkar gegna mikilvægu hlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga.**

**„Heildarlengd lagnanna okkar er svipuð vegalengdinni frá Reykjavík til Sjanghæ.“**

## Verkefnastjóri

Verkefnastjórar okkar takast á við fjölbreytt og krefjandi framkvæmdaverkefni og við leitum að drífandi starfsfélaga í hópinn.

Við leggjum áherslu á faglega verkefnastjórnun og hvetjum alla okkar verkefnastjóra til að afla sér alþjóðlegrar IPMA vottunar.

Ef þú býrð yfir **eldmóði, ert lipur í samskiptum, hefur reynslu af verkefnastjórnun** ásamt prófi í verk- eða tæknifræði viljum við heyra í þér.

## Fagstjóri - kalt vatn

Framtíðarsýn og þróun er mikilvægur þáttur í góðum rekstri veitukerfa. Fagstjórar okkar gegna þar lykilhlutverki. Meðal fjölbreyttra verkefna er mótun framtíðarsýnar, gerð hermilíkans kerfisins og ábyrgð á hönnunarforsendum veitnanna.

Ef þú elskar að **sökkva þér ofan í verkefni, hefur reynslu af hönnun veitukerfa, býrð yfir frumkvæði og skipulagshæfileikum** viljum við heyra í þér.

Þú þarft próf í verk- eða tæknifræði og þekking á hermun er kostur.

## Verkefnastjóri verkefnaskráar – e. Planner

Við leitum að hæfileikaríkum starfsfélaga með mikla reynslu í teymi tæknistjóra til að stýra verkefnaskrá fjárfestinga. Helstu verkefni eru utanumhald verkefnaskráar, forgangsröðun fjárfestinga ásamt undirbúningi og eftirfylgni verkefna.

Ef þú hefur umtalsverða **reynslu á sviði verkefnastjórnunar, býrð yfir frumkvæði og greiningar- og skipulagshæfni** viljum við heyra í þér.

Próf í verk-, tæknifræði eða sambærilegt er nauðsyn og þekking á veitukerfum og rekstri verkefnaskrár er kostur.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

**Við tökum á móti umsóknum á www.veitur.is** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@veitur.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. september.**

Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við erum fagfólk á líflegum vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi. **Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.**

**Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook**

VEITUR

# Pottagaldrar ehf

óska eftir starfsmanni í framleiðslu og pökkun.

Nánari upplýsingar í síma 564-4449
milli 8-12 virka daga eða pottagaldrar@pottagaldrar.is

## Atvinna / ræstingar

Starfskraftur óskast til starfa í 105 Reykjavík
Starfið felst í umsjón á kaffistofu og ræstingu
á starfsmanna aðstöðu
Vinnutími er frá kl 08:00 til 16:30

Æskilegt er að viðkomandi tali Íslensku eða Ensku
Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð !

Allt hreint leitar eftir hressum og duglegum einstaklingi
sem er tilbúin/nn að starfa á lifandi vinnustað.

**Umsóknum skal skila á tölvupóstfangið halldor@allthreint.is**

---

## Job offer

Staff needed in 105 Reykjavik
Job description: Manage Coffee room and do some cleaning
Work hours are 08:00 til 16:30

Language: Icelandic or English
Age: over 25
Job starts: As soon as possible
Clean criminal record is a must !

Allt hreint looks for a independent person
whith a good communication skills

**Job applications should be sent by e-mail to halldor@allthreint.is**

**Allt hreint**
*Umhverfisvottuð ræstingarþjónusta*

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sérfræðingur á fjármálasviði

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir því að ráða í stöðu sérfræðings á fjármálasviði í 100% starf.
Um tímabundna ráðningu er að ræða til 12 mánaða.

**Helstu verkefni :**
- Mótun innkaupaferla hjá sveitarfélaginu.
- Samræming og umsjón með innkaupamálum í samráði við stjórnendur.
- Eftirlit með rekstri.
- Önnur verkefni á fjármálasviði.

**Menntun og hæfniskröfur :**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af innkaupamálum er æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Gerð er krafa um nákvæm og öguð vinnubrögð og þarf viðkomandi að vera talnaglöggur.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri í síma 480-1900.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 18. september næstkomandi.**

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Ingibjargar Garðarsdóttur fjármálastjóra, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss, netfang inga@arborg.is, merkt sérfræðingur á fjármálasviði.

## Starf skrifstofu- og verkefnastjóra

**Garðyrkjufélag Íslands auglýsir laust starf skrifstofu – og verkefnastjóra í allt að 80% starf.**

Starf skrifstofu og verkefnastjóra felst í almennum skrifstofustörfum, sem innifela m.a. daglegan skrifstofurekstur og meðferð fjármuna félagsins. Starfsmaður hefur umsjón með húsnæði félagsins og útleigu á sal, annast viðhald félagaskrár, heldur utan um vefsíðu og sér um innkaup og sölu á plöntum og bókum. Starfsmaður tekur eftir atvikum þátt í að undirbúa og starfa við ýmsa viðburði á vegum félagsins. Veigamikill hluti starfsins eru samskipti við félagsmenn.

**Hæfnikröfur**

- Viðkomandi þarf að hafa menntun sem nýtist í starfi.
- Starfsmaður þarf að vera talnaglöggur og lausnamiðaður.
- Krafist er góðrar samskiptafærni, lipurðar í mannlegum samskiptum og ríkulegrar þjónustulundar.
- Viðkomandi þarf að vera hugmyndaríkur og hafa til að bera frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Reynsla af DK eða sambærilegu bókhaldskerfi er kostur, sem og áhugi á garðyrkju.

Umsókn ásamt ferilskrá skal berast skrifstofu Garðyrkjufélags Íslands Síðumúla 1, 108 Reykjavík merkt: ***Starf GÍ*** eða á netfangið karl@skogur.com fyrir mánudaginn **18. september 2017.**

Upplýsingar veita formaður GÍ, Pétur J. Jónasson í gsm 824-5861 eða í tölvupósti, peturjj@talnet.is, og gjaldkeri félagsins, Karl Óskar Þráinsson í gsm 821-5060 eða í tölvupósti karl@skogur.com.

## ARKI TEKT

Við leitum að skapandi og metnaðarfullum arkitekt til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum á starfsstöð okkar í Reykjavík.

Framtíðarmöguleikar fyrir rétta aðila.

Teiknistofa arkitekta er alhliða ráðgjafafyrirtæki á sviði hönnunar, skipulags og mannvirkja.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið johann@teikna.is **fyrir 14. sept. 2017**. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann E. Jónsson í ofangreint netfang og í síma 695 2826.

Frekari upplýsingar um teiknistofuna er að finna á **www.teikna.is**





**TEIKNISTOFA ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

## Verkefnastjóri FÍN

FÍN Félag íslenskra náttúrufræðinga

Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa í fullt starf. Verkefnastjóri mun sinna margvíslegum verkefnum á skrifstofu FÍN.

**Starfssvið**

- Ráðgjöf til félagsmanna.
- Túlkun kjarasamninga, stofnanasamninga og ráðningarsamninga.
- Túlkun ýmissa laga og reglna er varða vinnuréttar- og stjórnsýslumál.
- Aðkoma að stofnanasamningsgerð í samstarfi við formann FÍN.
- Aðkoma að einstaklingsmálum í samstarfi við framkvæmdastjóra FÍN.
- Úrlausn ágreiningsefna.
- Kærur, álitsgerðir og umsagnir.
- Þátttaka í máefnastarfi og samstarf við aðildarfélög BHM.

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á vinnurétti og stjórnsýslurétti.
- Þekking á málefnum stéttarfélaga er kostur.
- Geta til að vinna í hópi og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, skipulagshæfni, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta nauðsynleg.
- Góð tölvuþekking.

**Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra FÍN á netfangið framkvaemdastjorifin@bhm.is.**
**Umsóknarfrestur er til 30. september nk.**






# Viltu vera VIP hjá Nova?

Sæktu um fyrir 19. september á nova.is/lausstorf

Við leitum að framúrskarandi skemmtilegum liðsfélögum til að stíga dansinn með okkur í VIP fyrirtækjaþjónustu Nova. Þar starfar samhentur hópur sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum á fyrirtækjamarkaði framúrskarandi þjónustu. Við bjóðum upp á draumastörf fyrir þá sem vilja umgangast glás af lífsglöðu hæfileikafólki, vinna fjölbreytt starf og hafa nóg að gera. Bullandi þjónustulund og söluhæfileikar eru eiginleikar sem skipta höfuðmáli. Brennandi áhugi á tækni og símum og öllu hina fína dótinu sem við seljum er að sjálfsögðu bráðnauðsynlegur.

### SÍMAÞJÓNUSTA FYRIRTÆKJA, SÉRFRÆÐINGUR

Við leitum að einstaklingi með ríka þjónustulund og reynslu af fyrirtækjamarkaði til að hafa umsjón með fastlínuþjónustu Nova, sjá um innleiðingu og eftirfylgni, veita ráðgjöf til fyrirtækja og aðstoða söluráðgjafa. Þekking á IP símkerfum er kostur, sem og reynsla af uppsetningum á hug– og netbúnaði.

### FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA, SÖLU– & ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI

Við leitum að metnaðarfullum og söludrifnum einstaklingi í sölu og ráðgjöf á farsíma– og fastlínuþjónustu til fyrirtækja. Þú þarft að geta unnið sjálfstætt og hafa reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði. Ef þú ert hress og hefur áhuga á fjarskiptaþjónustu þá viljum við endilega fá þig í hópinn.

### FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA, VIÐSKIPTASTJÓRI

Við leitum að einstaklingi með áhuga á og ástríðu fyrir samskiptum. Viðskiptastjóri er til taks allan sólarhringinn fyrir ánægðustu viðskiptavini Nova, en markmið þitt er að byggja upp skemmtilegt, jákvætt og árangursríkt viðskiptasamband og hafa metnað til þess að skara fram úr. Þá er sala og þarfagreining meðal verkefna í starfinu.

Við leitum að manneskju sem sýnir frumkvæði í samstarfi við viðskiptavini og leitar stöðugt nýrra tækifæra til að efla samband okkar við þá.

Nova er skemmtilegur og sveigjanlegur vinnustaður þar sem mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, ánægjulegt samfélag starfsfólks, góðan starfsanda og liðsheild. Áhugasamir sæki um á **nova.is/lausstorf** fyrir **19. september.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2017 · ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN · NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter



HÓTEL **HÚSAFELL**
*Restaurant - Bistro*

# Hótel Húsafell Restaurant leitar að matreiðslu- og framreiðslunemum

Við sækjumst eftir lífsglöðum og metnaðar- fullum einstaklingum sem vinna vel í teymi, taka vel við leiðsögn, búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og vinnugleði. Við bjóðum upp á góða kennslu og handleiðslu fagmenntaðra matreiðslu- og framreiðslumanna. Gott og skemmtilegt vinnuumhverfi ásamt húsnæði. Endilega sendið ferilskrá ásamt umsókn með almennum upplýsingum um ykkur á netfangið **restaurant@husafell.is**

Umsóknarfrestur er til **25. september 2017**. Öllum umsóknum verður svarað.

# Bifvélavirki - vélvirki

**Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma óska eftir að ráða starfsmann á vélaverkstæði.**

Viðkomandi þarf að vera menntaður bifvélavirki eða hafa sambærilega menntun.

Umsókn um starfið skal skila á netfangið: kari@kirkjugardar.is fyrir 25. september næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Kári Aðalsteinsson í síma 620-4745 eða kari@kirkjugardar.is

Upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á netinu:
**www.kirkjugardar.is**

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMIS

Jói Fel
BAKARÍ

## ÓSKUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLK Í BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL

Bakaríið hjá Jóa Fel óskar eftir að ráða afgreiðslufólk í fullt starf.
Unnið er á tvískiptum vöktum og aðra hvora helgi.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Einnig vantar okkur afgreiðslufólk í hlutastörf um helgar.

**STARFSKRÖFUR:**
- Stundvísi, áreiðanleiki og góð þjónustulund.
- Íslenskukunnátta er skilyrði

**Umsóknum skal skilað til Lindu á linda@joifel.is**

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

# Áhugaverð störf á góðum vinnustað



## Fulltrúar á þjónustusviði

**Samgöngustofa leitar að fulltrúum á þjónustusvið stofnunarinnar.** Í störfunum felast fjölbreytt verkefni, m.a. móttaka viðskiptavina og gagna, framkvæmd skráninga í farartækjaskrár, leyfisveitingar sem og upplýsingagjöf í gegnum síma og ráðgjöf í tengslum við verkefni stofnunarinnar.

Starfsþróun er mikil í deildinni og starfsmenn fá tækifæri til að auka þekkingu sína og hafa áhrif á þróun og framgang verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%. Um þrjú stöðugildi er að ræða. Einnig verður ráðið í tvær tímabundnar stöður til 12 mánaða með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

**Umsóknarfrestur er til 25. sept. 2017**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf er áskilið og frekari menntun er æskileg.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, í rituðu og töluðu máli.
- Leitað er að einstaklingi sem er úrræðagóður og talnaglöggur. Viðkomandi þarf að vera fær í mannlegum samskiptum, hafa ríka þjónustulund og una vel í hópstarfi.
- Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, jákvæður og vandvirkur.

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-4383

ÍSFROST
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

## Kælivirkjar, vélvirkjar, vélstjóri eða rafvirki

Vegna mikilla anna ætlar Ísfrost ehf að fjölga mönnum á verkstæði sínu í Reykjavík. Leitað er eftir vönum kælivirkjum, vélvirkjum, vélstjórum eða rafvirkjum. Einnig kemur til greina að ráða duglega menn án réttinda. Leitað er að mönnum í framtíðarstörf hjá ört vaxandi fyrirtæki.

Ísfrost ehf er rúmlega 20 ára gamalt fyrirtæki, sérhæft í sölu, uppsetningu og þjónustu á kæli og frystibúnaði til iðnaðar-nota. Fyrirtækið er einnig löggiltur rafverktaki.

Okkur langar að bjóða þér að slást í hópinn. Við viljum gjarnan að þú sért hress, duglegur, sjálfstæður og þjónustulundaður. Æskilegt er að þú sért með iðnmenntun, þokkalega fær á tölvu og skiljir íslensku. Reynsla af faginu er kostur en ekki skilyrði.

Þar sem kæli- og frystitæki snerta nánast öll svið sem hægt er að hugsa sér, er um fjölbreytt og skemmtilegt starf að ræða. Góð laun í boði fyrir fyrir ábyrga, heiðarlega og áhugasama aðila. Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 899 8898 eða á steini@isfrost.is

Vinsamlega skal skilið umsóknum fyrir **20. sept.** næstkomandi á netfangið steini@isfrost.is eða til Ísfrost ehf að Funahöfða 7, 110 Reykjavík. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

BRAUT BÍLASALA

**Sölumaður óskast**

**Braut Bílasala leitar af öflugum liðsmanni.**

Í boði er skemmtilegt starf hjá ört vaxandi fyrirtæki í sölu bifreiða, um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamir sendi upplýsingar um aldur og fyrri störf og menntun á netfangið ***gunnar@bilabraut.is***

***Umsóknarfrestur er til 16. september 2017***
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál, öllum umsóknum verður svarað.

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Vinna & virkni

Ás styrktarfélag veitir fólki með fötlun fjölbreytta og metnaðarfulla þjónustu. Vinnustaðir félagsins í Ögurhvarfi 6 og Stjörnugróf 7-9 leita að drífandi og áhugasömu starfsfólki til að takast á við fjölbreytt verkefni í sveigjanlegu og skemmtilegu vinnuumhverfi. Karlmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

Þessa dagana eru margir nýliðar að bætast í hóp starfsmanna með fötlun og því þurfum við að fjölga í leiðbeinendahópnum. Fyrir er þéttur og öflugur starfsmannahópur með mikla reynslu og þekkingu.

Áhugasamir hafi samband við Sigurbjörgu Sverrisdóttur forstöðumann í Stjörnugróf, s. 414 0540/414 0560
Höllu Jónsdóttur forstöðumann í Ögurhvarfi, s. 414 0500

Umsóknir má senda í gegnum heimasíðu félagsins, styrktarfelag.is eða á netföngin essy@styrktarfelag.is eða halla@styrktarfelag.is.

***Stöðurnar eru lausar 1. október eða eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.***

# Matreiðslumaður óskast

Airport Associates leitar eftir menntuðum matreiðslumanni til að sjá um rekstur nýs mötuneytis í nýju og glæsilegu húsnæði fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli. Viðkomandi mun taka þátt í að móta og skipuleggja daglega starfsemi mötuneytisins.

Airport Associates er sjálfstætt starfandi flugafgreiðslufyrirtæki með höfuðstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Starfsemin felur í sér alla alhliða þjónustu við flugfélög, allt frá hleðslu / afhleðslu farms, innritun farþega, hleðslu eftirlit, fraktafgreiðslu og ræstingu. Starfsmannafjöldi fyrirtækisins er rétt um 600 manns sem vinna að stórum hluta á vöktum.

Umsóknarfrestur er til **24. september 2017**.

Áhugasamir sækið um á heimasíðu okkar, **www.airportassociates.com**
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

Garðalandið er fullt af nýjum vörum og fögnum við því með að gefa 100 viðskiptavinum litla orkídeu






BAUHAUS®



✝

Innilegar þakkir til allra
sem sýndu vináttu og hlýju
vegna andláts og útfarar

**Aðalsteins Hjörvars Friðfinnssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks lungnadeildar Landspítala í Fossvogi og Vífilsstaða fyrir einstaka hlýju og umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Elsa Pétursdóttir**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Edda Dagbjartsdóttir**

lést á Droplaugarstöðum 24. ágúst sl.
Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Droplaugarstaða í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og hlýhug.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hrannar Jónsson**
**Helga Jónsdóttir**
**Jón Þór Hrannarsson**
**Kolbrún Sif Hrannarsdóttir**
**Jón Otti Sigurjónsson**
**Axel Óli Sigurjónsson**
**Kristín Þórðardóttir**
**Brynja D. Björnsdóttir**
**Andri Ingvason**



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Halldór Geir Halldórsson**

rafvirki,
áður Fossvogsbletti 2a, Rvk, núna
Öldugerði 11, Hvolsvelli.

lést 30. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Lundi.
Útförin fer fram í Grensáskirkju mánudaginn
11. september kl. 13.00.

**Auður Friðgerður Halldórsd.**
**Halldór Geir Jensson**
**Sigurður Kristján Jensson**
**Rúnar Smári Jensson**
**Kristín Anna Thorlacius Jensdóttir**
**Auður Ebba Thorlacius Jensdóttir**
**Jens Sigurðsson**
**Birgitta Rut Birgisdóttir**
**Sigrún Elva Guðmundsd.**
**og langafabörn.**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441



**„Þegar ég vinn að minni list þá nota ég bara filmu, það kemur ekkert annað til greina. Ég er samt ekkert á móti stafrænu tækninni í myndatökum. Þetta er bara svipað og þegar listmálarar velja sína pensla," segir Friðgeir.** MYND/MAGNÚS HELGASON

# Undiralda þegar að er gáð

## Á sýningunni Stemningu sem opnuð er í Listasafninu á Akureyri í dag er Friðgeir Helgason með ljósmyndir frá þeim stöðum sem honum þykir vænst um, Íslandi og Louisiana.

Sýningin er nokkurs konar samtal milli tveggja staða, suðurríkja Bandaríkjanna og Íslands og stemningin sem ég upplifði þar. Þetta eru þeir tveir staðir sem eru mér kærastir," segir Friðgeir Helgason ljósmyndari um ljósmyndasýninguna Stemningu sem hann opnar í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi klukkan 15 í dag. „Myndirnar voru teknar á árunum 2008-2013 þegar ég þvældist um þessi svæði. Sumir mundu segja: Hva, Louisiana og Ísland eiga ekkert sameiginlegt en þeir eiga mig sameiginlegan því ég ólst upp á Íslandi og bjó í sextán ár í New Orleans."

Landslagið sem myndirnar birta er býsna ólíkt. „Louisiana er flatt eins og pönnukaka, það er ekki einu sinni Himmelbjerg þar heldur mikið fenjasvæði sem er á hraðri leið að sökkva í sjóinn. Bara að hverfa. Olíufélögin eru búin að grafa svo mikið af skurðum þarna og eyðileggja heilu svæðin. Sýningin er smá ádeila á hvernig maðurinn fer með náttúruna og hins vegar hversu hjálparlaus við erum gagnvart henni því í raun og veru höfum við enga stjórn á henni. Þarna eru nokkrar myndir af eldfjöllum á Íslandi, meðal annars af Eyjafjallajökulsgosinu. Samt er þetta ekki áróður sem er í andlitinu á fólki heldur undiralda þegar að er gáð."



**Ein myndanna á sýningunni: Hekla.** MYND/FRIÐGEIR HELGASON

Sjálfur er Friðgeir úr Vestmanneyjum og byrjaði eiginlega ævi sína á að lenda í miklum náttúruhamförum. „Ég flutti frá Eyjum gosnóttina 23. janúar 1973 í Breiðholtið. Fyrsta ljósmyndasýning mín var Breiðholtssýning sem var á Listahátíð Reykjavíkur 2010 og mynd eftir mig var valin einkennismynd hátíðarinnar það árið. Afi minn með haglarann úti á svölum."

Myndirnar á Stemningu voru allar teknar á Kodakfilmu og Friðgeir prentaði þær í stækkara upp á gamla mátann. „Það jafnast fátt á við að keyra stefnulaust um þjóðvegi með gamla góða Pentaxinn og slatta af filmum í skottinu. Stoppa í vegasjoppum, fá sér í gogginn og spjalla við innfædda," segir hann.

Friðgeir hefur búið í Bandaríkjunum í þrátíu ár og er á förum heim til LA eftir að hafa verið yfirkokkur á Hótel Flatey í sumar. „Besta leiðin til að vera ekki sveltandi listamaður er að vera kokkur líka," segir hann sposkur.

Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi, klukkan þrjú í dag, auk Stemningar er það Jafnvægi – Úr jafnvægi eftir myndlistarkonuna Rúrí. **gun@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Ingvars Ragnarssonar**

Kaplaskjólsvegi 31.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11G, blóðlækningadeildar Landspítala, fyrir einstaka umönnun.

**Hanna Björk Baldvinsdóttir**
**Sigrún Elfa Ingvarsdóttir** **Árni Haraldur Jóhannsson**
**Fríða Ragna Ingvarsdóttir**
**Elfa Rut Klein**
**Katla Rut Jónsdóttir**
**Tinna Rut Jónsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður míns, tengdaföður, afa og langafa,

**Lárusar Sigurgeirssonar**

húsgagnasmíðameistara,
Fálkagötu 30,

síðast til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Gunnar Lárusson, Erna Reynisdóttir**
**Lilja Hrönn Gunnarsdóttir**
**Bryndís Gunnarsdóttir, Mikael Páll Pálsson**
**Ingvi Brynjar Ingvason**

# SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR




Jeep® Grand Cherokee
DÆMI: Laredo 8.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 8.390.000 kr.




Jeep® Compass
DÆMI: Limited 5.890.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 5.390.000 kr.




Jeep® Cherokee
DÆMI: Longtitude 6.690.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 6.190.000 kr.




Jeep® Renegade
DÆMI: Longtitude 4.390.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 3.990.000 kr.




Dodge Durango Premium
DÆMI: 7 manna lúxusbíll 9.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 8.990.000 kr.




Fiat Tipo
DÆMI: HB Easy 2.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 2.690.000 kr.




Fiat Panda Cross 4x4
DÆMI: 2.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 2.690.000 kr.




Fiat 500
DÆMI: Pop 2.190.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 1.990.000 kr.




Fiat 500X
DÆMI: FWD 3.990.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 3.690.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta bíl hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.

*Tilboðin gilda til 30. september 2017

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Dodge, Fiat, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðni Björgvin Friðriksson**

Silfurgötu 26, Stykkishólmi,

andaðist föstudaginn 1. september á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Útför hans fer fram frá Stykkishólmskirkju fimmtudaginn 14. september kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.

**Elsa Svandís Valentínusdóttir**
**Elfa Ragnheiður Guðnadóttir**
**María Málfríður Guðnadóttir Ólafur Sigurðsson**
**Valentínus Guðnason Elísabet Lára Björgvinsd.**
**Elínborg Guðnadóttir Helgi Bragason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Kristjáns Jóhanns Ólafssonar**

húsgagnabólstrara, Hraunbæ 54.

**Jórunn Anna Sigurjónsdóttir,**
**Anna Hlíf Reynisdóttir Jón B. Sveinsson**
**Ólafur Kristjánsson**
**Sigurjón Ívarsson Ásta G. Björnsdóttir**
**Fríða Kristjánsdóttir Ragnar Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær systir mín,

**Ingveldur Helga Sigurðardóttir**

Lillý

fyrrverandi kaupmaður við Laugaveg, lést á dvalarheimilinu Grund fimmtudaginn 24. ágúst. Jarðsungið verður frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 11. september kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásgeir Hjálmar Sigurðsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Guðjónsdóttir**

frá Tóarseli, Breiðdal,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 1. september sl. Útför hennar verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. september nk. klukkan 15.00.

**Ragnhildur Pétursdóttir**
**Oddur Guðjón Pétursson Ingunn Ása Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,

**Ingólfur Aðalsteinsson**

bifvélavirki,
Bæjartúni 10, Kópavogi,

lést föstudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Hjallakirkju miðvikudaginn 13. september kl. 15.00.

**Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir**
**Snorri Þór Ingólfsson**
**Sigursteinn Óli Ingólfsson**
**Íris Arna Ingólfsdóttir**
**Ingibjörg Sigfúsdóttir**
**Sigfús Aðalsteinsson, Valgerður Aðalsteinsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Við afhendinguna: Hreiðar Oddsson, varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs, Hjördís Ýr Johnson, formaður nefndarinnar, Guðmundur Jóhann Jónsson og Þórhildur Hrönn Ingólfsdóttir verðlaunahafar og Ármann bæjarstjóri.**

# Blómin launa gott atlæti

**Þórhildur Hrönn Ingólfsdóttir og Guðmundur Jóhann Jónsson hlutu viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs fyrir umhirðu húss og lóðar að Kópavogsbakka 15.**

Það er ekkert lítið gert úr þessu,“ segir Þórhildur Hrönn Ingólfsdóttir steinhissa þegar hringt er í hana til að spyrja út í viðurkenningu sem hún og eiginmaðurinn, Guðmundur Jóhann Jónsson, fengu fyrir húsið sitt og lóðina síðasta fimmtudag frá umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs.

Þau búa að Kópavogsbakka 15. Í rökstuðningi nefndarinnar stendur meðal annars: „Húsið er bjart og opið með stórum gluggum og næst þannig fallegt útsýni út á Kópavoginn. Lóðin er ekki stór en með aðstoð Árna Hermannssonar hjá Landverki var hún kláruð á einfaldan og smekklegan máta árið 2011. Garðurinn hefur þróast á undanförnum árum en þar sem umhirða hans er sérstakt áhugamál konunnar á heimilinu þá ber hann merki þess að við hann er nostrað.“

Ég bendi Þórhildi því á að hún sé greinilega búin að vinna fyrir athyglinni. „Mér finnst voða gaman að loknum vinnudegi að fara í gallann og út í garð. Það er hvíld frá amstri dagsins og þar get ég alltaf fundið mér eitthvað að gera,“ viðurkennir hún. „Svo er ég alltaf að hugsa, get ég ekki bætt þetta ... og þetta? Samt er þetta bara lítil lóð. Þannig get ég líka haft allt snyrtilegt, bæði grasið og annað, ræð bara vel við það. Blómin launa gott atlæti. Ég er með dálítið af þeim í kerum og hef voða gaman af þeim.“



**Sjö viðurkenningar voru veittar í Kópavogi fyrir hönnun og umhverfi. Gata ársins var Litlavör og þar gróðursettu Theodóra, Margrét, Hjördís Ýr, Ármann, Kr., Jón og Ólafur Þór tré.**

Hjónin byrjuðu að byggja í apríl 2007, fluttu inn í febrúar 2009 og tveimur árum síðar létu þau klára lóðina að sögn Þórhildar. Spurð hvort hún eigi sér einhverja uppáhaldsjurt segir hún þær nokkrar. „Mér finnst lavender æðisleg jurt. Ég hef alltaf keypt hana á vorin og sett í pott en gerði tilraun í fyrrahaust með að stinga henni niður í beð og henni líkaði það mjög vel, lifði af veturinn og braggaðist vel í sumar, þannig að hún er mjög falleg. Núna á ég margar hortensíur í kerum og langar að gá hvort mér tekst að láta þær lifa milli ára, pota þeim einhvers staðar niður og sjá hvað þær segja við því. Það er svo leiðinlegt að sjá allt deyja og hverfa á haustin.“

**gun@frettabladid.is**



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar

**Sverris Hallgrímssonar**

húsgagnasmíðameistara,
Hrísmóum 10, Garðabæ.

**Þórunn Árnadóttir**
**Guðrún Sverrisdóttir Bjarni Geirsson**
**Þór Sverrisson Bjarney Sigurðardóttir**
**Guðríður Sverrisdóttir Lárus Halldórsson**
**Friðrik Sverrisson Lilja Bergmann Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Jónasar Kristjánssonar**

vélstjóra frá Hrísey,
Mýrarvegi 115, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri.

**Arnfríður Jónasdóttir Vilhjálmur Hallgrímsson**
**Kristján Jónasson Sigríður Rut Pálsdóttir**
**Ester Jónasdóttir Þórður Ármannsson**
**Bryndís, Rakel, Karen, Jónas Atli, Pálmi, Axel Birkir og fjölskyldur.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Fyrir þínar bestu stundir



# Haust–tilboðin



20% AFSLÁTTUR

## TWIGGY
3ja sæta sófi

Þriggja sæta sófi með gráu, rauðu eða brúnu slitsterku áklæði.
Stærð: 184 x 90 x 94 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 kr.**



20% AFSLÁTTUR

## SAGA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 205 x 140 x 85 cm.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **94.900 kr.**



## DANKENBERG
vegghilla svört

Þverm. 45 cm.

**Fullt verð: 5.900 kr.**

16% AFSLÁTTUR

Aðeins **4.900 kr.**

25% AFSLÁTTUR

## THAIS
Náttborð

Hvítt og marglitar skúffur

**Fullt verð: 19.900 kr.**

Aðeins **14.900 kr.**





## ZEKE
rafmagnslyftistóll

Þessi hallar til baka, skemill fram og lyftir þér á fætur.

Stillanlegur hægindastóll.
Svart leður/PVC.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

16% AFSLÁTTUR

Aðeins **149.900 kr.**

## LEO
rafmagnslyftistóll

Þessi hallar til baka, skemill fram og lyftir þér á fætur.



Stillanlegur hægindastóll.
Svart og dökkbrúnt leður.

**Fullt verð: 169.900 kr.**

17% AFSLÁTTUR

Aðeins **139.900 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**VARAÞURRKUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B | I | S | K | U | P | S | T | U | N | G | U | M | | I | | H | | P | |
| R | | I | | N | | Í | | M | | E | | A | N | N | A | R | L | E | G |
| O | R | G | A | N | Í | S | K | R | A | R | | T | | N | | O | | L | |
| T | | U | | U | | T | | U | | V | É | L | V | I | R | K | J | A | R |
| A | U | R | A | S | Á | R | U | M | | A | | A | | L | | K | | N | |
| F | | S | | T | | I | | | H | L | A | U | P | A | V | I | N | N | A |
| L | U | K | K | U | S | T | R | Á | | L | | S | | U | | N | | | L |
| O | | Ú | | L | | A | | Þ | R | A | U | T | A | G | A | N | G | A | N |
| K | A | F | L | A | R | N | I | R | | | M | | | | F | | L | | A |
| K | | U | | U | | D | | E | I | N | H | E | N | T | U | | Ó | | F |
| N | Á | M | S | S | V | I | Ð | I | | | I | | I | | R | O | K | I | N |
| U | | | A | | Ö | | | F | O | R | R | Æ | Ð | I | Ð | | O | | A |
| M | E | R | K | I | L | E | G | I | | | Ð | | J | | U | G | L | A | N |
| | M | | A | | U | | | N | Ý | B | U | R | I | N | N | | L | | N |
| Ó | E | N | D | A | N | L | E | G | | | S | | N | A | U | Ð | A | R | A |
| | R | | Ó | | D | | F | A | G | M | Ö | N | N | U | M | | | I | |
| F | I | M | M | F | A | L | T | | | Á | M | A | | T | | Á | | F | |
| | T | | I | | N | | I | | | F | | S | A | L | A | T | B | A | R |
| M | U | N | N | A | N | G | R | I | N | U | | I | | Ö | | T | | Ð | |
| | S | | N | | A | | Á | | | M | Ú | R | S | T | E | I | N | A | R |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hvort tveggja falleg og gagnleg planta. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. september“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Kviksyndi** eftir **Malin Persson Giolito** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Frímannsson, Akureyri**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Byssustæði úr góðmálmi afhjúpa kvikindin (16)
**11** Rengja falska (5)
**12** Moka burt tærðum vatnsbólum (10)
**13** Hér segir frá ljósmóður sem ber af öðrum (11)
**14** Jón & Gunna og Siggi & Sigga eru mín uppáhaldshjónaleysi (10)
**15** Hlust meindýrsins sem sækir í árbakkans rós (11)
**16** Vil að auðmaður komi hér við á flugferð sinni (10)
**18** Lýsum upp gæðinga með banvænum bylgjum (12)
**21** Ástæður liðugrar og skarprar (9)
**24** Æsir þig broddur fjaðraflaugar? (10)
**25** Eimþeyr og angan í lofti (7)
**27** Ætli þau í kjallaranum baktali mig? (5)
**28** Glymjum eftir grámálm í tönnunum (8)
**30** Eyða flík að innan og gera að garmi (7)
**31** Nú skaltu róta í klökku fólki (6)
**33** Sá í 2. sæti yfir þá verstu – verður hann gripinn? (9)
**34** Ek á bing og ringlaðan ábyrgðarmann (7)
**36** Hvað er Hrafn að segja? (6)
**37** Höfuð górillufjölskyldu er algjör vitleysingur (7)
**39** Klaga hið heiðarlega skyndibitabatterí (8)
**41** Set blæbrigði á gígju og hennar hljóð (8)
**42** Flökur og uppnám vegna gufu frá virkjun (6)
**43** Settu þetta á blað: Sá trauði er í rugli (6)
**44** Áðan unni ég þér, fyrir hringlið með gríðin (8)
**45** Ávarpa tré án svívirðinga (8)

### LÓÐRÉTT

**1** Arka áfram og skynja rafrænt auðkenni (11)
**2** Tökum skinn af flæðarmúsum og veifum (11)
**3** Hef ama af ræðum sem ekki byggja á réttum fjölda (9)
**4** Kvenmannstuðrur og sæsveppir eru eitt (10)
**5** Vilja gefa þveng sem stýrir strokkventlum (8)
**6** Kríli 1 er fremst meðal jafningja (8)
**7** Fersk frumvörpum við vísum undir þessum bragarhætti (12)
**8** Þyrnótt og ilmandi blómabúntin (13)
**9** Dró úr skjalli Orkuveitunnar í fríinu (8)
**10** Sá bokka við vatnsfall í Fljótsdalnum (7)
**17** Svara rugluðu dramasvíni með kenningu um þróun (10)
**19** Birtingarfiskar og dagsbrúnarfuglar taka daginn snemma (13)
**20** Virti jafnt bústýruna sem kokkinn (13)
**22** Hinn grimmi byggir váleg virki (7)
**23** Pípunes sækja nafn til píparagræju (9)
**26** Eltið sundrað og ringlað dauðyflið í bólið (10)
**29** Varðandi þinghána og stjórn hennar (9)
**31** Hökti við bletti sem ég tvínóna við (8)
**32** Heiðursandvarp eykur á hávaðann (8)
**35** Léttruglaður lakkar ef ís er í boði (6)
**38** Góð gjöf frá vondu gengi (5)
**40** Rennum eftir rennum (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson



Maxim Rodshtein (2.695) átti leik gegn Michael Adams (2.738) á Heimsbikarmótinu í skák í Tbilisi í Georgíu.

**Svartur á leik**

**49. ... Bxg5!! 50. Hxf2 exf2 51. Df1 Be3.** Hvítur er algjörri klemmu og Ísraelsmaðurinn innbyrti vinninginn 12 leikjum síðar. Adams, Karjakin og Anand eru meðal þeirra sem fallnir eru úr leik.

**www.skak.is:** Heimsbikarmótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## Hættulegt dobl

Sveit Hótel Hamars vann sigur í bikarkeppni BSÍ í sumar. Meðlimir sveitarinnar voru Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni H. Einarsson, Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson. Sveitin spilaði úrslitaleik við sveit Málningar og vann öruggan sigur í úrslitaleiknum, 147-87. Spilaðar voru 3 lotur og gaf sveit Málningar leikinn fyrir fjórðu lotuna, því að áliti þeirra, var munurinn var of mikill til þess að möguleiki væri á að brúa bilið. Sveit Hótel Hamars græddi vel á þessu spili í úrslitaleiknum. Á öðru borðinu voru spilaðir 4 spaðar í NS (Málning) sem unnust ekki (1 niður) vegna slæmrar legu í tromplitnum. Sagnir voru hins vegar fjörugar á hinu borðinu. Vestur gjafari og engin á hættu:

**Norður**
♠ K9854
♥ ÁG
♦ DG107
♣ G7

**Vestur**
♠ -
♥ D1075
♦ 643
♣ KD10643

**Austur**
♠ ÁDG76
♥ 63
♦ K92
♣ 985

**Suður**
♠ 1032
♥ K9842
♦ Á85
♣ A2

Eftir pass vesturs opnaði Jón í norður á einum spaða. Sigurbjörn sagði 2 hjörtu á suðurspilin sem var góð spaðahækkun og vestur kom inn á 3 laufum. Það voru pössuð yfir til Sigurbjörns sem barðist áfram með dobli. Jón sagði 3 spaða sem austur doblaði til refsingar. Þar lauk sögnum og útspil austurs var laufafimman. Jón drap á ás og spilaði spaða á áttuna. Austur fékk á gosann og skipti, illu heilli, yfir í hjarta. Meira þurfti Jón ekki, hann drap drottningu vesturs á ás og spilaði tíguldrottningu. Austur lagði kónginn á og ásinn átti slaginn. Þá kom tígull á gosa og hjartagosinn tekinn. Nú var tígultíu spilað og meiri tígli. Austur trompaði með sexu, yfirtrompað á blindum með tíu og hjartakónginum spilað og laufi hent heima. Austur fékk að trompa með sexu en fékk bara 2 slagi til viðbótar. Sveit Hótel Hamars græddi 12 impa á spilinu.

# BÆKUR GERA GOTT BETRA




**Fegurð er sár**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Allskonar þeytingar fyrir alla**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-




**Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.899.-




**Verstu börn í heimi**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.999.-




**Betra líf án plasts**
VILDARVERÐ: 1.999.-
Verð áður: 2.499.-




**Gagn og gaman**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.499.-




**Heilsuréttir fjölskyldunnar**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Hreinn lífsstíll**
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-




**Grænmetisætan**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Konan í dalnum og dæturnar sjö**
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 5.499.-




**Landsýn / Land Seen**
VILDARVERÐ: 9.999.-
Verð áður: 11.999.-




**Með lífið að veði**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.499.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 11. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 266

„Jæja, Róbert,“ sagði Kata pirruð. „Þú veist náttúrulega allt um þennan fugl er það ekki? Hvað hann heitir, hefur örugglega bæði ungað honum út úr eggi, þekkir ömmu hans og ef ég þekki þig rétt líka étið hann.“ Það sauð á Kötu. „Svona, svona,“ sagði Róbert óvenju auðmjúkur. „Ég veit lítið um þennan fugl og ekki hvað hann heitir.“ Svo bætti hann við: „Nema að ég hef séð hann og hann er mjög kvikur, hleypur um og dillar stélinu upp og niður.“ Kata lét þetta svar sér nægja og þagði þótt pirruð væri.



**Veist þú hvaða fugl þetta er?**



## Gátur

Því meira sem hann fær, þeim mun gráðugri verður hann. Þegar hann hefur hámað allt í sig, deyr hann. Hver er það?

Hvernig getur vel skóaður maður vaðið í hnédjúpu vatni án þess að skórnir vökni?

Hvað stendur opið á næturnar og er fullt af mannakjöti á daginn?

Hver er það sem sýnir á sér nýtt andlit, en hefur þó ekkert andlit sjálfur?

Höfuð mitt er í jörðinni, en blöðin í loftinu.

Hvað er það sem hefur verið til allt frá sköpun heimsins, en er þó ekki nema en fjögurra vikna gamalt?

**Svör: Eldurinn. Með því að halda á skónum. Skórnir. Spegillinn. Kartaflan. Tunglið**

**Lausn á gátunni**

Maríuerla

## Lestrarhestur vikunnar

### Bragi Bergþór Viðar Vésteinsson




Hann Bragi Bergþór Viðar er sjö ára.

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Lönd.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Sögur úr norrænni goðafræði.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Dönsk risaeðlubók.

**Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Um lönd.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ísaksskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Ekki mjög oft.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Dýr og lönd.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna.
Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.



Lilja og Sara ætla kannski að halda tónleika saman þegar þær eru orðnar unglingar en fyrst ætla þær að safna sér fyrir hljóðfærum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Það er langbest að vera á Íslandi

Vinkonurnar Sara Louzir og Lilja Andradóttir eru á leiksvæði í hverfinu sínu að halda tónleika með þykjustuhljóðfæri í höndunum. Sara situr í rólunni en Lilja stendur uppi á borði og saman syngja þær með miklum tilþrifum NeiNei, sem Áttan gerði vinsælt fyrr á þessu ári. Falleg dúkka situr í kerru rétt hjá. „Hún er að hlusta á okkur,“ segir Lilja til skýringar þegar laginu lýkur.

Lilja er ljóshærð og bláeyg og Sara svarthærð og brúneyg. Sara kveðst hafa fæðst á Íslandi en mamma hennar og pabbi séu frá Alsír. „Ég hef aldrei átt heima í Alsír, bara á Íslandi, en ég fer stundum til Alsír og heimsæki ömmu mína,“ segir hún.

„Það er langbest að vera á Íslandi. Þar er aldrei stríð,“ segir Lilja sem kveðst hafa fæðst í Frakklandi.

Þær eru báðar nýbyrjaðar í 2. bekk í Dalskóla í Reykjavík. „Við Lilja erum saman í bekk,“ segir Sara og bætir við að þar séu tveir 2. bekkir. „Við erum í 2. G af því kennarinn okkar heitir Gyða.“

„Við löbbum í röð inn í stofuna. Gyða er með bjöllu og þegar hún hringir henni þá hætta allir að tala. Við erum svo þæg,“ lýsir Lilja. Sara segir Dalskóla vera góðan skóla „Þar er aldrei neinn að stríða.“ Lilja tekur undir það. „Allir eru góðir vinir, alveg sama hvaða tungumál þeir tala, einn strákur talar spænsku og ein stelpa ensku.“

Best að tefja þær ekki lengur, eru þær ekki að æfa fyrir alvörutónleika? Lilja hikar aðeins áður en hún svarar: „Kannski þegar við erum orðnar unglingar. Þá höldum við tónleika saman.“

„Við erum ekki búnar að safna okkur fyrir hljóðfærum,“ útskýrir Sara. „Ég hugsa að við byrjum á að verða söngkonur.“


theater mogul
kynnir
SÖLUHÆSTU LEIKSÝNINGU Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI
OLIVIER AWARDS WINNER
"Best Entertainment"
Bæjarbíó Hafnarfirði
Gamla Bíó Reykjavík
"Eitt allsherjar grínundur"
The New York Times
"Hellisbúinn er fáránlega fyndinn"
VARIETY
"ÓHÆTT ER AÐ MÆLA MEÐ HELLISBÚANUM FYRIR JAFNT KARLA SEM KONUR"
-BAGGALÚTUR
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
MIÐASALA Á MIÐI.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hægviðri í um morguninn og bjart með köflum, en síðan vaxandi austanátt, þykknar upp og fer að rigna syðra um kvöldið. Hiti víða 9 til 14 stig að deginum.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16° | 15° | 17° | 15° | 14° | 12° | 3° |
| **London** | **Amsterdam** | **Paris** | **Berlin** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 17° | 16° | 16° | 18° | 22° | 16° | 26° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 14° | 14° | 25° | 17° | 27° | 22° | 12° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↙8 | 8° ↓6 | 9° ←2 | 8° ↘3 | 7° →5 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↙8 | 5° ↓4 | 4° ↙3 | 5° ↖3 | 3° ↗9 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↓5 | 4° ↘5 | 6° ←1 | 4° ↘3 | 5° ↙2 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↓7 | 5° ↘4 | 7° ←1 | 6° ↓6 | 5° ↘6 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↘2 | 7° ←2 | 8° ←8 | 10° ↖2 | 10° ↓3 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÓKA MARKAÐUR
## á Fiskislóð 39

Gjöf fyrir alla sem mæta

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19




Ís, kaffi og kleinur

Næg bílastæði og gott aðgengi

Allt að 90% afsláttur



**Sævar Helgi**
kemur kl. 14 í dag
og fræðir börnin um heima og geima




990 kr.




690 kr.




490 kr.




490 kr.




990 kr.




1.490 kr.




1.490 kr.




990 kr.

Tilboð 99 kr.







690 kr.




990 kr.




3.590 kr.




80%

100 stk. á 1.490 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Bókamarkaður Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

# Sögurnar sem faðir minn sagði gerðust á hóruhúsi

**Etgar Keret er ótvírætt einn af forvitnilegri gestum Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Hann er alinn upp við óvenjulegar sögur foreldra sinna og lítur á sig sem sagnamann óháð miðlunum sem hann nýtir hverju sinni.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Etgar Keret er skemmtilegur sagnamaður og hann verður á Bókmenntahátíð í Reykjavík í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heima í Ísrael er það eins og ákveðið hugtak að vera af annarri kynslóð og ef maður er af slíkri kynslóð þá hefur fólk meðaumkun með manni. En ég held að við séum öll af annarri kynslóð einhvers, foreldrar mínir lifðu helförina og foreldrar pabba voru drukkin og skeytingarlaus og þannig mætti áfram telja, við erum öll brothætt og lendum í okkar áföllum á lífsleiðinni. Niðurstaðan er að öll eigum við okkur flókinn bakgrunn," segir ísraelski rithöfundurinn Etgar Keret sem er staddur á landinu til þess að taka þátt í Bókmenntahátíð í Reykjavík. Í dag kl. 12 tekur Keret þátt í pallborði ásamt Sjón undir stjórn Rosie Goldsmith þar sem rætt verður um form og fantasíu.

### Engar barnabækur

Keret er þekktur fyrir að nýta sér fjölbreytta miðla en þekktastur er hann fyrir fjölda smásagna en hann hefur einnig skrifað kvikmynda- og sjónvarpshandrit, texta í teiknimyndir og barnasögur svo eitthvað sé nefnt. Sjálfur segist Keret fyrst og fremst skilgreina sig sem sögumann. „Ég segi svo sögur á því formi sem hentar mér eða höfðar til mín hverju sinni, formið skiptir ekki öllu máli, heldur markmiðið. Að segja söguna."

Keret segir að sögur hafi alltaf verið stór þáttur í lífi hans. „Foreldrar móður minnar sögðu henni alltaf sögur fyrir svefninn í hennar barnæsku í gettóinu. Þær sögur voru aðeins sagðar munnlega því þau höfðu engan aðgang að barnabókum. Á daginn hugsuðu þau upp sögur sem þau svo sögðu henni um kvöldið þannig að þær voru sérstaklega hugsaðar og sagðar henni einni. Fyrir vikið fannst henni hún vera alveg einstök. Hver saga var sögð aðeins einu sinni og ef hún hlustaði ekki þá myndi sagan hverfa að eilífu. Þegar hún varð svo móðir sjálf þá vildi hún gera það sama fyrir börnin sín.

Hún upphugsaði því sögur og sagði okkur þær á kvöldin. Við áttum engar barnabækur því fyrir móður minni þá var það eins og að panta pitsu eða kínverskt, það var bara eitthvað sem löt manneskja mundi gera. Fyrir vikið voru sögur eitthvað alveg sérstakt sem fól í sér nánd og örlæti. Aðeins einhver sem stóð þér mjög nærri hefði fyrir því að búa til og segja þér sögu. Sögurnar voru svo líka til þess að miðla til þín ákveðnu siðferði og hvað væri mikilvægt í lífinu."

### Tilraunastofa fyrir lífið

Hvað varðar hina ólíku miðla segir Keret að það sé honum eðlilegt að skrifa smásögur. „Það sem fær mig til þess að fara með sögur á aðra miðla er möguleikinn á samstarfi vegna þess að það eina sem mér líkar ekki við skriftirnar er einsemdin. Ég skrifa um fólk og tilfinningar þess og það er sprottið upp úr félagslegri þörf fyrir samtal. Þannig að þegar ég fæ tækifæri til þess að vinna með einhverjum á borð við kvikmyndagerðarmann eða myndskreyti þá læt ég freistast, ekki formsins vegna heldur samstarfsins. Ég þrái að vera með fólki og eiga í samskiptum við fólk en ég er bara alltaf hræddur við að segja einhverja vitleysu, þannig að sögurnar eru mín leið að því að hafa stjórn á samræðunum ef svo má segja," segir Keret og brosir út í annað.

Í verkum Kerets er að finna ákveðna eiginleika frá fantasíunni og hann segir að markmiðið sé aldrei að vera raunsær heldur trúr persónunum. „Þegar það er talað um realisma þá er alltaf verið að tala um einhvern frádrátt frá veruleikanum. Segjum að þrjár manneskjur hittist, ein trúir á guð, önnur á spíritisma og þriðja á fljúgandi furðuhluti, þá tökum við það út af borðinu sem við erum ekki á einu máli um. Þessir hlutir eru okkur samt mikilvægir persónulega – okkar veruleiki. Þannig að ef minni persónu líður kannski eins og hún svífi af því að hún er ástfangin þá leyfi ég henni að svífa, það er hennar veruleiki. Stóra málið er ekki hvað gerist í raun og veru heldur tilfinningar okkar. Þetta er spurning um stigveldi mikilvægis í frásögninni."

> **FYRIR VIKIÐ VORU SÖGUR EITTHVAÐ ALVEG SÉRSTAKT SEM FÓL Í SÉR NÁND OG ÖRLÆTI. AÐEINS EINHVER SEM STÓÐ ÞÉR MJÖG NÆRRI HEFÐI FYRIR ÞVÍ AÐ BÚA TIL OG SEGJA ÞÉR SÖGU.**

Keret segir að í þessari afstöðu felist ákveðið frelsi fyrir hann sem rithöfund og manneskju. „Ef mér líður eins og ég vilji drepa einhvern í sögunni þá geri ég það bara. Þetta er ákveðinn léttir fyrir mann eins og mig sem er afskaplega stífur og mikill pappakassi í raun og veru. En grimmdin og ljótleikinn býr innra með okkur og í sögunum get ég líka látið fara illa fyrir þeim sem gera skelfilega hluti. Að skrifa er eins konar tilraunastofa fyrir lífið með öryggisnetinu sem felst í því að þetta eru bara sögur en ekki veruleikinn. Þess vegna verða sumir fyrir vonbrigðum þegar ég mæti á bókmenntahátíðir og er ekki blindfullur í leðurjakka og kem mér svo fljótlega í slagsmál. En ég segi alltaf það sama við þetta fólk: Ef ég lifði þessu lífi þá þyrfti ég ekki að skrifa um það."

### Öll mannleg

Keret segir að þessi eiginleiki í sögum hans sé ekki síst kominn frá þeim sögum sem faðir hans sagði honum í æsku. „Hann gat ekki samið sögur eins og mamma þannig að þær voru allar raunverulegar og allar gerðust þær á hóruhúsi. Hetjan var svo alltaf einhver glæpon og fyrir mig sem barn finnst mér eftir á að tilgangurinn hafi alltaf verið að gera persónuna mannlega. Það sem persónan gerði var rangt en það var ástæða fyrir því að hún gerði þetta.

Seinna sagði faðir minn mér að eftir heimsstyrjöldina hefðu foreldrar mínir reynt að komast til Ísraels en verið vísað frá. Þá gekk hann til liðs við neðanjarðarhreyfinguna sem barðist gegn Bretum og var sendur til þess að kaupa vopn af ítölsku mafíunni. Þeir buðu honum að spara peninga með því að gista á hóruhúsi sem þeir áttu og þar sá hann alls konar fólk sem í samanburði við það sem hann hafði upplifað í helförinni var bara mjög almennilegt. Þess vegna átti hann gott með að sjá hið góða og mannlega í fólki og þessum veruleika deildi hann í sögum sínum. Þar var hann líka á ákveðinn hátt talsmaður þessa fólks, talaði um að það væri ekki endilega vont þó svo það væri veiklundað eða vitlaust og hefði gert sín mistök. Fyrir mér er tilgangur þessara sagna að vera talsmaður mannkyns. Að hafa trú á manninum og halda í vonina.

Málið er að ég þarf hvorki bækur né kvikmyndir til þess að sjá að fólk er drullusokkar. Ég bý á rétta staðnum til þess að sjá að fólk er drullusokkar og ég þarf ekki annað en að opna glugga í Ísrael til þess að sjá drullusokka gera það sem drullusokkar gera. Þannig að þegar ég heimsæki sögu þá er það ekki til þess að flýja veruleikann heldur til þess að segja að undir þessu sé möguleiki á endurlausn – einhvers konar von. Stundum skrifa ég sögur um fólk sem maður vill ekki hafa sem nágranna eða vini en þegar ég skrifa um þetta fólk þá reyni ég að skilja það og sjá það mannlega í þeim. Minna mig á að þeir sem við erum ekki alltaf sammála og jafnvel þeir sem við berjumst við eru líka mannlegir."

FULLTRÚAKJÖR

Samkvæmt lögum Einingar-Iðju fara kosningar fulltrúa félagsins á 6. þing Starfsgreinasambands Íslands og 35. þing Alþýðusambands Norðurlands fram að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu í samræmi við reglugerð ASÍ um slíkar kosningar.

Á 6. þing Starfsgreinasambands Íslands, sem haldið verður á Selfossi dagana 11. og 12. október nk., hefur félagið rétt á að senda 11 fulltrúa á þingið. 35. þing Alþýðusambands Norðurlands verður haldið á Illugastöðum dagana 29. og 30. september nk. Félagið hefur rétt á að senda 47 fulltrúa á þingið.

Framboðslistum eða tillögum til 6. þings SGS og 35. þings AN þar sem tilgreind eru nöfn aðalfulltrúa í samræmi við framanskráð og jafn margra til vara, ber að skila á skrifstofu félagsins Skipagötu 14 Akureyri eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi mánudagsins 18. september nk.

Hverjum framboðslista skulu fylgja meðmæli 100 fullgildra félagsmanna.

Stjórn Einingar-Iðju, Akureyri 7. september 2017

Starfsgreinasamband Íslands
AN
EINING-IÐJA

Eining-Iðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.
460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is
Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

# Draumaverslun föndrarans
Panduro hefur opnað í Smáralind

**Takk fyrir frábærar móttökur!**



## Skapaðu þitt umhverfi.

Metnaður Panduro Hobby liggur í gleðinni við að búa til eitthvað skemmtilegt með höndunum.

Panduro Smáralind / www.panduro.is
Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook / Panduro Ísland og Instagram / Pandurooffical

Panduro® HOBBY

# Partí, pólitík og púður í vetur

## Nú líður að því að nýtt leikár gangi í garð og af því tilefni leit Sigríður Jónsdóttir leiklistargagnrýnandi yfir það helsta sem er í boði á komandi mánuðum hjá atvinnuleikhúsum landsmanna.

Sumarið er senn á enda en lækkandi sól og komandi skammdegi boða sem betur fer nýtt leikár. Af ýmsu er að taka þetta árið og tímabært að rýna í þær sýningar sem sviðslistahaustið hefur upp á að bjóða.

### Væntanlegir hápunktar

Ein athyglisverðasta sýning haustsins er án efa verðlaunaleikritið Faðirinn eftir franska leikskáldið Florian Zeller í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur, sem telst til bestu leikstjóra landsins. Sýningin verður í Kassa Þjóðleikhússins og leikhópurinn er ekki af verri endanum en þar fer fremstur í flokki Eggert Þorleifsson í hlutverki André. Leikritið er vandað og vel skrifað, algjört gullegg fyrir leikara á borð við Eggert, Eddu Arnljótsdóttur og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur.

Samtímapólitíkin verður svo sannarlega fyrirferðarmikil á fyrstu mánuðum leikársins. Bergur Þór Ingólfsson, sem má líka telja til landsins bestu leikstjóra, verður við stjórnvölinn í nýrri enskri leikgerð byggðri á 1984 eftir George Orwell. Áhugvert verður að sjá hvernig Þorvaldur Davíð Kristjánsson tæklar hlutverk hins efasemdafulla Winstons. Þorleifur Örn Arnarsson og Mikael Torfason bjóða leikhúsgestum í partí aldarinnar í Borgarleikhúsinu þar sem rannsóknarskýrsla Alþingis um orsakir hrunsins liggur til grundvallar. Þessum mönnum er ekkert heilagt og málefni líðandi stundar verða ekki tekin neinum vettlingatökum. Vonandi verður partíið samt ekki of mikil hugmyndafræðileg óreiða.

### Klassík í nýjum búning

Pólitíkin leikur líka stórt hlutverk í Þjóðleikhúsinu á komandi mánuðum. Fyrsta stóra sýning Þjóðleikhússins er Óvinur fólksins eftir Henrik Ibsen í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur í nýrri þýðingu sem hún og nýliðinn Gréta Kristín Ómarsdóttir standa að. Setja má spurningamerki bæði við ansi stirða þýðingu á titlinum sem og þá ákvörðun að breyta Pétri Stokkman í Petru. Slíkar grundvallarbreytingar á verkinu eru mjög viðkvæmar í meðförum og eru ekki endilega til bóta ef aðrar áherslubreytingar í handritinu fylgja ekki með. Þó er mikið fagnaðarefni að Sólveig Arnarsdóttir sé að súa aftur á svið.

Hafið eftir Ólaf Hauk Símonarson verður endursviðsett, í tilefni sjötugsafmælis leikskáldsins, og er jólasýning Þjóðleikhússins. Leikskáldið hefur víst endurunnið verkið en slíkt getur verið mjög vafasamt. Aftur á móti er alltaf hægt að treysta á Þröst Leó Gunnarsson til að koma áhorfendum á óvart enda einn af okkar allrabestu leikurum. Hörpu Arnardóttur hefur aftur verið treyst fyrir jólasýningu Borgarleikhússins enda var hennar útgáfa af Dúkkuheimili Ibsens eftirminnileg og vel gerð. Nú leitar hún enn lengra aftur í tímann og sviðsetur Medeu eftir Evrípídes en Hrafnhildur Hagalín sér aftur um leikgerð og þýðingu. Hlutverk Medeu er falið Kristínu Þóru Haraldsdóttur en hún hefur verið á miklu flugi síðustu misseri. Köld geta kvennaráð verið en þessum konum er sko aldeilis treystandi til að koma með nýja sýn á klassíkina.

### Ný íslensk og endurkomur

Leikskáldið framsækna Tyrfingur Tyrfingsson snýr aftur með nýtt leikverk að nafni Kartöfluæturnar í leikstjórn Ólafs Egils Egilssonar. Risaeðlurnar eftir Ragnar Bragason er lokaverk leikhúsþríleiksins hans og verður sýnt í Þjóðleikhúsinu. Þessar tvær sýningar eiga það líka sameiginlegt að marka endurkomu leikkvenna sem snúa aftur á svið í burðarhlutverkum. Sigrún Edda Björnsdóttir leikur aðalhlutverkið í Kartöfluætunum og Edda Björgvinsdóttir sinnir því í Risaeðlunum. Eftir áramót snýr Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir líka aftur og þessu ber að fagna innilega. Þeim öllum.

Því miður verður gamla platan að fá spilun enn á ný og hamra á þeirri nauðsyn að sinna íslenskri leikritun betur. Í Þjóðleikhúsinu má finna eitt nýtt leikrit, eitt endurgert, tvö ný barnaleikrit, eina leikgerð og glymskrattasöngleik. Borgarleikhúsið virðist standa sig aðeins betur með fjögur ný verk, eitt nýtt barnaleikrit og eina leikgerð. Tjarnarbíó kemur nokkuð vel út úr þessari upptalningu með allavega fjögur ný leikverk og eitt nýtt barnaverk, þessar tölur gætu breyst. Einnig er vert að nefna að áhorfendur verða að vera duglegri að sinna þessum verkum með því að kaupa miða á ný íslensk verk.

### Blikur á lofti á Akureyri

Splunkunýr atvinnuleikhópur var stofnaður fyrir norðan nú fyrir stuttu og nefnist Umskiptingar en þau frumsýndu nýtt verk fyrir stuttu. Svona lýsir einn af stofnendunum forsendum hópsins: „Við erum alls ekki að fara gegn leikfélaginu með því að stofna leikhóp, þvert á móti, því leikhús getur af sér leikhús. Því meira og betra sem úrvalið er þeim mun meira fer fólk í leikhús þannig að aukin fjölbreytni er bara af hinu góða fyrir samfélagið hérna fyrir norðan."

Við skulum vona að hópurinn verði innspýting í leikhúslífið á Akureyri því eins og áður hefur komið fram stendur Leikfélag Akureyrar á uggvænlegum tímamótum. Félagið er fjársvelt en framlög sveitarfélagsins hafa staðið í stað allt of lengi. Af því leiðir að enginn fastur leikhópur hefur verið ráðinn. Að frátöldum gestasýningum, ábreiðutónleikum og endursýndum sýningum sem eru þó nokkrar eru einungis tvær nýjar leiksýningar, Kvenfólk og Sjeikspír eins og hann leggur sig, áætlaðar á þessu leikári. Aftur á móti má benda á að leikfélagið hefur sinnt grasrótinni afar vel með Borgarasviðinu og námskeiðum fyrir yngra fólk. Slíkt er samt hreinlega ekki nóg fyrir atvinnuleikhús.

### Sjálfstæða senan og börnin

Leikárið í Tjarnarbíó byrjar hægt en mikið er um vinsælar sýningar frá fyrra leikári sem er vel. Áhorfendum hefur fjölgað í um 15.000 og fjölbreytnin er að aukast innanhúss. Aftur á móti eru nýjar leiksýningar fáar fyrir áramót þó að danssenan hafi sko sannarlega fundið samastað í húsinu. SOL eftir leikhópinn Sómi þjóðar stendur kannski efst á listanum og forvitnilegt verður að sjá hvað samstarfshátíðin Everybody's Spectactular býður upp á í nóvember.

Björn Ingi Hilmarsson leikstýrir tveimur barnaverkum í Þjóðleikhúsinu þennan vetur. Fyrst má nefna Oddur og Siggi sem mun byrja sína vegferð á Ísafirði í október en fyrir hið síðara er aftur leitað til Peters Engkvist, en Lofthræddi örninn Örvar kom úr hans smiðju. Salka Guðmundsdóttir skrifar Skúmaskot fyrir Borgarleikhúsið og leikverkið Íó eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur lítur dagsins ljós í Tjarnarbíó.

### Danshús og bíóleikhús

Fagfólk innan sviðslistanna hefur verið hávært upp á síðkastið varðandi skammarlegan skort á húsnæði fyrir dansara og danshöfunda á Íslandi. Nýlega misstu þau húsnæði sitt við Skúlagötu og eru þannig orðin húsnæðislaus. Enn og aftur. Listin fæðist ekki í tómarúmi og fæðingin verður gífurlega erfið ef húsnæði er af skornum skammti eða jafnvel ekki til staðar.

Leikhúsaðdáendur ættu líka að fylgjast grannt með dagskránni í Bíó Paradís. Á síðustu misserum hefur húsið verið með sýningar í boði NT Live. Nú síðast var það hið óviðjafnanlega meistaraverk Tonys Kushner, Angels in America, sýning sem gekk fyrir fullu húsi í National Theatre í London en einungis fáar hræður mættu á útsendingar hérna heima. Næst á dagskrá er verðlaunasýningin Yerma eftir Federico García Lorca í leikstjórn hins ástralska Simons Stone. Eftir áramót fá Íslendingar loksins að sjá verk eftir hinn goðsagnakennda Stephen Sondheim þegar söngleikurinn Follies verður sýndur en stjörnum hefur rignt yfir sýninguna á síðustu dögum.

### Söngleikir og grímuleikir

Hvað söngleikina á íslensku fjölunum varðar þá er auðvitað spennandi að Borgarleikhúsið taki Rocky Horror til sýningar en hættan er sú að verkið verði matreitt af of mikilli mildi ofan í áhorfendur. Verkið verður að staðsetja á jaðri samfélagsins hverju sinni. Eftir að hafa skrifað fína barnasýningu í fyrra tekur Guðjón Davíð Karlsson aftur upp pennann og mætir með glymskrattasöngleikinn Slá í gegn, byggðan á lögum Stuðmanna. En hvenær munum við sjá nýjan íslenskan söngleik? Með nýjum íslenskum lögum? Biðin ætlar að verða ansi löng.

